Á LOKASPRETTI VIÐ GERÐ MYNDARINNAR MÖMMU GÓGÓ
VIÐTAL 18

ÁHRIF DAVIDS LYNCH Á TÍSKUNA
TÍSKA 40

ÖLL FJÖLSKYLDAN Á MÓTORHJÓLI

Mótorsport er áhugamál númer eitt hjá þeim Frey, Sigrúnu og Sólveigu Torfabörnum. Öll lærðu þau á mótorhjól þegar þau voru fimm ára.

FJÖLSKYLDUBLAÐIÐ

FRÉTTABLAÐIÐ
HELGARÚTGÁFA
FRÍTT
2. maí 2009 — 104. tölublað — 9. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 512 5000

Á RÖKSTÓLUM 26
Karlarnir eru að skíttapa alls staðar

HÚSTÖKUR 22
Þegar eignar-réttinum er ógnað
TÍSKA 40
Silfurlit taska og fiðrildanæla

TVÖ SÉRBLÖÐ Í DAG



BARÁTTUDAGUR VERKALÝÐSINS Fjöldi fólks tók þátt í hefðbundnum hátíðahöldum um allt land í gær. Í kröfugöngum voru á lofti hefðbundnar kröfur um bætt kjör verkafólks en einnig kom baráttufólk fyrir stöðu hælisleitenda skoðunum sínum skýrt á framfæri. Á Austurvelli voru gerð köll að forseta Alþýðusambandsins. Sjá síðu 10 FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Vilja ráða sem flesta

Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu stefna að því að ráða mörg þúsund nema í vinnu í sumar. Sum hafa stytt dagvinnutíma svo unnt sé að ráða fleiri til starfa.

VINNUMARKAÐUR Stóru sveitarfélögin hafa ákveðið að ráða sem flesta unglinga í sumarstörf og sums staðar verður vinnutími styttur til að koma fleirum að. Borgaryfirvöld ætla að ráða 5.200 ungmenni í sumar, þar af verða 4.000 ungmenni ráðin til Vinnuskólans. Aldrei hafa fleiri fengið sumarstörf hjá borginni.

Bæjaryfirvöld í Kópavogi ráða 750 manns og er það ríflega tvöföldun frá því í fyrrasumar. Bærinn ræður auk þess um 900 unglinga á aldrinum fjórtán til sextán ára í Vinnuskóla. Það er þriðjungs aukning frá því í fyrra.

Ungmenni sautján ára og eldri verða ráðin í 250 stöður í Hafnarfirði í sumar. Þegar hafa um 800 ungmenni sótt um störf og er það fjórðungs aukning frá fyrra ári.

„Það er ljóst að stór hópur fær ekki vinnu nema til komi sérstakt átak. Í fyrra var tekin ákvörðun um að taka inn um 100 starfsmenn aukalega og er nú verið að skoða með hvaða hætti það verður í ár," segir Steinunn Þorsteinsdóttir upplýsingafulltrúi Hafnarfjarðar.

Í Mosfellsbæ fá allir unglingar á aldrinum fjórtán til sextán ára starf í vinnuskóla. Um 400 unglingar eru á þessum aldri í bænum og er gert ráð fyrir að nánast allir sæki um. Krakkarnir verða því helmingi fleiri en í fyrra. Þá verða ungmenni sautján ára og eldri ráðin í minnst 55 stöður, sem er aukning um helming frá fyrra ári. Því til viðbótar er stefnt að því að ráða fólk á aldrinum sautján til tuttugu ára í ýmis sérverkefni.

Um 350 ungmenni hafa sótt um sumarvinnu í Garðabæ en sjötíu störf voru auglýst. Allir umsækjendur fá vinnu í sumar en vinnutími verður styttur svo fjölga megi störfum. Veitt verður sjötíu milljónum aukalega í þetta atvinnuátak en sambærileg fjárveiting í fyrra var 25 milljónir króna.

Í Reykjanesbæ verður Vinnuskólinn opinn öllum nemendum í fjórar vikur. Um 150 sóttu um störf flokksstjóra, þrefalt fleiri en í fyrra. Búist er við að 30-40 verði ráðnir. Bærinn fer í umhverfisverkefni í sumar og verða um 200 störf auglýst í byrjun maí.

Steinunn Árnadóttir, garðyrkjustjóri Seltjarnarnesbæjar, segir að allt skólafólk fái vinnu í sumar. Vinnutími verði styttur um hálftíma hjá hinum yngstu og klukkutíma hjá hinum. Krakkar í Vinnuskólanum fái vinnu í átta vikur.

- ghs

Veiðisumarið formlega hafið:

Veiði byrjar vel í Elliðavatninu

VEIÐI Elliðavatn var stangveiðimönnum gjöfult á fyrsta veiðidegi í gær, en í hugum margra hefst veiðisumarið við vatnið ár hvert.

Veiðimenn settu bæði í bleikju og urriða, en það var mál manna að fiskurinn væri óvenjulega vel haldinn.

Samkvæmt upplýsingum frá Stangveiðifélagi Reykjavíkur voru flestir veiðimenn með einn til þrjá silunga eftir daginn.

Veðrið var rysjótt en menn létu ekki mikla rigningu og haglél trufla sig við veiðarnar. - shá

Svínaflensan breiðist hratt út:

Smit staðfest í Danmörku

HEILBRIGÐISMÁL Dönsk heilbrigðisyfirvöld tilkynntu í gær um fyrsta tilfelli svínaflensu í Danmörku. Einnig bárust fréttir um smit í Frakklandi og Hong Kong, þar sem hótelgestir voru settir í sóttkví.

Haraldur Briem sóttvarnalæknir segir að tilfellið í Danmörku breyti ekki stöðunni hvað Ísland varðar og viðbúnaðarstigið helst óbreytt. - shá / sjá síðu 6

SPURNING DAGSINS



Ólöf, ertu ekkert hrædd um að smitast af flensunni?

„Nei, en þetta verður samt örugglega svínslega erfitt.“

Ólöf Jara Skagfjörð hefur verið ráðin til að leika Sandy í söngleiknum Grease, sem settur verður upp í Loftkastalanum. Hlutverkið er krefjandi og einkaþjálfarinn Egill Einarsson, betur þekktur sem Gillz, ætlar að koma leikkonunni ungu í form.

Söngvara bandarísku hljómsveitarinnar The Virgin Tongues haldið sofandi:

Slasaðist við fall af fjórðu hæð

LÖGREGLUMÁL Söngvari bandarísku hljómsveitarinnar The Virgin Tongues, Duncan McKnight, slasaðist lífshættulega þegar hann féll ríflega tíu metra niður af þaki fjögurra hæða húss við Skólavörðustíg í gærmorgun. Honum var í gærkvöldi haldið sofandi í öndunarvél á gjörgæsludeild Landspítalans.

McKnight fannst liggjandi stórslasaður í blóði sínu fyrir utan Skólavörðustíg 3 á áttunda tímanum í gærmorgun. Lögregla telur að hann hafi fallið af þaki hússins þegar hann var að reyna að klifra á milli glugga. Fallið er um tíu metrar.

McKnight var fluttur meðvitundarlaus á sjúkrahús. Að sögn læknis á gjörgæslu var honum í gærkvöldi haldið sofandi í öndunarvél. Hann er höfuðkúpubrotinn með mikla innvortis áverka. Læknir segir líðan hans eftir atvikum.

McKnight og hljómsveit hans ætluðu að troða upp ásamt íslensku hljómsveitinni Singapore Sling á Sódómu í kvöld. Í gærkvöldi stóð til að tónleikarnir yrðu eftir sem áður haldnir og að sveitin Kid Twist leysti The Virgin Tongues af hólmi. Ágóðinn myndi síðan renna óskiptur til McKnights. Áætlað er að húsið verði opnað klukkan tíu. Miðaverð er 1.500 krónur. - sh

HÁTT FALL Talið er að McKnight hafi verið að reyna að klifra á milli þakglugga þessa húss þegar hann féll til jarðar. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Réttindamál sjómanna:

Tryggðir á leið sinni til skips

DÓMSMÁL Sjómenn eiga að njóta slysatryggingaverndar almannatrygginga á ferðum sínum á vegum útgerða frá heimilum sínum. Þetta er niðurstaða dóms í máli Hraðfrystistöðvar Þórshafnar gegn Tryggingastofnun ríkisins (TR).

Málið snerist um kröfu skipverja á hendur TR sem slasaðist í umferðarslysi árið 2007 á leið sinni til skips.

Í dómnum sagði að ákvæði lögheimilislaga væru skýrð með þeim hætti að lögheimili manns og raunverulegur dvalarstaður færu að jafnaði saman. - shá

Þjóðarpúls Gallup:

Telja spillingu í viðskiptalífinu

SKOÐANAKÖNNUN Mikill meirihluti landsmanna telur að viðskiptalífið sé spillt, eða áttatíu prósent landsmanna. Þetta kemur fram í niðurstöðum Þjóðarpúls Gallup sem RÚV segir frá.

Sjö af hverjum tíu telja að stjórnmálaflokkarnir séu spilltir og helmingur aðspurðra að spilling viðgangist á fjölmiðlum landsins. Fleiri eru þessarar skoðunar en í sambærilegri könnun sem gerð var fyrir tveimur árum, þó með þeirri undantekningu að færri telja dómstóla landsins spillta.

Helmingur fólks telur að mútum sé beitt innan viðskiptalífsins til stjórnvalda í þeim tilgangi að hafa áhrif á stefnumótun. Þegar afstaða fólks eftir flokkum er skoðuð eru sjálfstæðismenn ólíklegri til að telja að spilling þrífist hér, en kjósendur Borgaraflokks og Vinstri grænna mun fremur. - shá

SJÁVARÚTVEGUR

Minni grásleppuveiði

Grásleppuveiðin það sem af er vertíðinni er um fjórðungi minni en á sama tíma í fyrra þrátt fyrir að bátar á veiðum séu fleiri. Innan við 5.000 tunnur eru komnar á land. Sjávarútvegsráðuneytið varð við ósk Landssambands smábátaeigenda um að veiðitíminn yrði framlengdur um viku vegna aflasamdráttarins, úr 55 dögum í 62 daga.

HAFNARFJÖRÐUR

Frumkvöðlasetur opnað

Opnað hefur verið frumkvöðlasetrið Kvikan við Strandgötu í Hafnarfirði. Í Kvikunni geta tíu til fimmtán frumkvöðlar fengið aðstöðu til að vinna að viðskiptahugmyndum undir faglegri handleiðslu sérfræðinga. Frumkvöðlarnir fá þar góða vinnuaðstöðu, tengslanet og stuðning við stofnun fyrirtækis.

Vinnuvélabraskarar nýta neyð Íslendinga

Eigandi Vélafls í Hafnarfirði segir útflutning vinnuvéla gríðarlegan enda hafi innflutningur þeirra verið fáránlega mikill fyrir kreppuna. Í hverri viku komi margir útlendir vinnuvélakaupendur til landsins til að nýta sér neyð Íslendinga.

ÚTFLUTNINGUR Hjálmar Helgason, eigandi Vélafls, segir fyrirtækið hafa selt gríðarmikið af vinnuvélum úr landi eftir bankahrunið.

„Ég hef ekki töluna á vélunum sem við höfum selt síðan í október en í síðustu viku seldum við fjórtán vélar úr landi,“ segir Hjálmar.

Frá því hrunið varð í október hefur Vélafl haft stórt svæði við Hafnarfjarðarhöfn þar sem notaðar og verkefnalausar vinnuvélar standa í löngum röðum. Hjálmar kveður fyrirtækið selja eigin vélar og vélar fyrir einstaklinga, verktaka og fjármögnunarfyrirtækin. Útlendingar séu mjög iðnir að notfæra sér ástandið.

„Við fáum nokkra erlenda gesti í hverri viku sem eru að skoða og kaupa. Það er alþekkt að það kemur hafsjór af mönnum yfir land sem er í þessari stöðu. Það sama gerðist í Finnlandi í kreppu þar 1995. Þá flugu vélabraskarar þangað á mánudögum og keyptu og keyptu af mönnum sem voru í neyð og flugu svo aftur heim á föstudögum,“ segir Hjálmar og bendir á að staðan á verktakamarkaðnum sé auðvitað mjög erfið og mikil yfirgeta í kerfinu. „Enda er innflutningur síðustu ára búinn að vera fáránlega mikill. Margir hafa lent í vandræðum og viljað minnkað við sig fjárfestingu eins og hægt hefur verið en sumur hafa því miður misst tækin.“

Aðspurður segir Hjálmar að það verð sem fáist fyrir vélarnar með sölu úr landi sé ekki gott þótt fall krónunnar hjálpi mikið til. Í landinu sé einfaldlega enn svo mikið af verkefnalausum vinnuvélum og vörubílum að verðið sé afar lágt.

„Ég held að um áramótin hafi verið um tólf hundruð beltagröfur í landinu. Ég veit ekki hversu mikið þeim hefur fækkað en giska á að um 25 til 30 prósent þessara tækja sé í notkun í dag. Í þessari stöðu er hægt að gera góð kaup, auk þess sem það er talsvert af verkum í gangi og aðeins að lifna yfir markaðnum hér innanlands. Á morgun [í dag] er Vegagerðin til dæmis að skrifa undir 850 milljóna króna verk á Austurlandi,“ segir Hjálmar.

SÉR GREFUR GRÖF Gunnþór Sigurgeirsson sölumaður hjá Vélafli gengur um vinnuvélaskóginn við Hafnarfjarðarhöfn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Ég veit um menn sem hafa keypt sportbáta og verið að baksa við að setja þá á sportbíla sem er verið að flytja út.
>
> **HJÁLMAR HELGASON**
> EIGANDI VÉLAFLS

Að sögn Hjálmars eru ýmis önnur tæki en vinnuvélar og vörubílar seld úr landi, meðal annars fólksbílar og rútur. „Ég veit um menn sem hafa keypt sportbáta og verið að baksa við að setja þá upp á vörubíla sem er verið að flytja út,“ segir Hjálmar.

Margar vinnuvélanna eru seldar til Hollands þaðan sem þær fara til viðtakenda um víða veröld. „Sjálfir höfum við líka selt vélar til Rússlands, Póllands, Afríku og til Mið-Austurlanda,“ nefnir Hjálmar sem dæmi.

gar@frettabladid.is

AF SLYSSTAÐ Bílarnir voru nokkuð illa farnir eftir árekturinn. Enginn slasaðist hins vegar að ráði. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Engan sakaði alvarlega:

Lentu saman á gatnamótum

LÖGREGLUMÁL **Tveggja bíla árekstur varð á gatnamótum Sæbrautar og Kringlumýrarbrautar á þriðja tímanum í gær.**

Annar bíllinn var að beygja vestur á Sæbraut af Kringlumýrarbraut en hinn ók austur Sæbraut. Að öðru leyti liggja tildrög slyssins ekki ljós fyrir. Um tvo fólksbíla er að ræða, og hafnaði annar þeirra á grindverki, sem rifnaði upp og skekktist.

Nokkurt lið lögreglu kom á staðinn ásamt sjúkrabíl, en ekki er þó talið að neinn hafi hlotið alvarleg meiðsl. Töluvert eignatjón varð á hins vegar á báðum bílunum. - sh

FJÖLSKYLDUMÁL

Nýr útivistartími

Nýr útivistartími barna og unglinga tók gildi í gær, 1. maí. Börn 12 ára og yngri mega nú vera úti til tíu á kvöldin og unglingar 13 til 16 ára mega vera úti til miðnættis. Bregða má út af reglunum þegar unglingar eru á heimleið frá viðurkenndri samkomu.

BLÖNDUÓS

Sundlauginni lokað

Sundlauginni á Blönduós hefur verið lokað og rekstri hennar hætt. Verið er að byggja nýja sundlaug á Blönduósi og er stefnt að því að opna hana á næsta ári.

Lögreglustjóri segir eftirlýsingu þriðjudagsins hafa verið óheppilega orðaða:

Alþjóðahús spyr um útlendingsleika

SAMFÉLAG „Ég vildi kalla eftir skilgreiningu frá lögreglunni, um hvað hún eigi við. Hvort „útlendingslegur“ eigi við um ljóshærða og bláeyga sænska stráka eða dökkhærða og brúna – það gæti átt við um Austfirðinga, til dæmis,“ segir Katla Þorsteinsdóttir, stjórnarformaður Alþjóðahúss.

Hún vísar hér til eftirlýsingar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu síðan á þriðjudag, en þar var lýst eftir þremur þjófum um þrítugt. Þeir voru sagðir útlendingslegir á að líta.

Katla segist almennt séð á móti því að fólk sé skilgreint svona. „En ég get ekki séð að þetta sé móðgun við útlendinga, mér finnst nú stundum vera sagt til hróss að einhver sé útlendingslegur. Ég veit bara ekki hvað þeir eiga við, það er til fullt af myndarlegu fólki á Íslandi,“ segir hún.

KATLA ÞORSTEINSDÓTTIR Stjórnarformaður Alþjóðahúss kallar eftir skilgreiningu lögreglu á hvað það sé að vera útlendingslegur. Hún er almennt á móti skilgreiningum af þessu tagi.

STEFÁN EIRÍKSSON Lögreglustjóri segir umrætt orðalag óheppilegt en upplýsingar af þessu tagi geti hjálpað lögreglu að komast á sporið.

Stefán Eiríksson lögreglustjóri segir að orðalagið hafi vakið upp spurningar. Lögreglan hafi ekki nein viðmið um útlendingslegheit.

„Ég held að þetta sé nú bara óheppilegt orðalag, sem þarna hafi farið út frá okkur, ekkert öðruvísi en það. Lögreglan vildi koma að þeim upplýsingum, að menn töldu að þarna væru á ferðinni menn af erlendum uppruna. Það byggist nú ekki bara á útliti þeirra,“ segir hann. Slíkar upplýsingar geti hjálpað til við að koma fólki og lögreglu á sporið. - kóþ

ENNEMM / SÍA / NM37752

GERÐU GLIMRANDI GÓÐ KAUP

Vorútsalan er hafin í Smáralind og allar verslanir fullar af góðum tilboðsvörum. Það er um að gera að nota tækifærið og kanna úrvalið. Þú finnur örugglega eitt og annað sem þig vantar á góðu verði. Láttu sjá þig í sumarskapi í Smáralind!

VORÚTSALA

30. APRÍL - 10. MAÍ

OPIÐ Í DAG 11-18

SMÁRALIND – BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA
Verslanir opnar: mán-mið 11-19, fim 11-19, fös 11-19
lau 11-18 og sun 13-18 / www.smaralind.is / 528 8000

Smáralind

GENGIÐ 30.04.2009

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	126,95	127,55
Sterlingspund	188,33	189,25
Evra	168,92	169,86
Dönsk króna	22,676	22,808
Norsk króna	19,321	19,435
Sænsk króna	15,769	15,861
Japanskt jen	1,2929	1,3005
SDR	190,21	191,35

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
207,6007
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Mannrán og hrottafengið líkamsárásarmál í Heiðmörk er að mestu upplýst:

Þrjár játa á sig mestu sökina

LÖGREGLUMÁL Þrjár sautján ára stúlkur hafa gengist við því að hafa haft sig mest í frammi þegar fimmtán ára stúlka var numin á brott frá heimili sínu á miðvikudag og ekið upp í Heiðmörk þar sem gengið var hrottalega í skrokk á henni.

Fjórar stúlknanna sjö sem voru á staðnum gáfu sig fram við lögreglu í fyrrakvöld. Þær voru yfirheyrðar í viðurvist forráðamanna, enda ekki orðnar lögráða.

Systir stúlkunnar hefur sagt að stúlkan hafi verið nær óþekkjanleg eftir árásina, svo bólgin hafi hún verið í andlitinu. Högg voru látin dynja á henni og var talað um að hún væri heppin að hafa ekki örkumlast.

Friðrik Smári Björgvinsson yfirlögregluþjónn segir málið að mestu upplýst. Ekki komi til greina að fara fram á gæsluvarðhald yfir stúlkunum. Þær séu ungar að árum, áverkar stúlkunnar séu ekki taldir alvarlegir og enn fremur séu engir rannsóknarhagsmunir í húfi. - sh

GETUR EKKI VIKIÐ STÚLKUNUM ÚR SKÓLA

EINAR BIRGIR STEINÞÓRSSON

Stúlkurnar sem stóðu fyrir árásinni í Heiðmörk eru allar nemendur við Flensborgarskóla í Hafnarfirði. Skólameistari Flensborgar segir málið hins vegar ekki í lögsögu skólans. Hann gæti ekki vikið stúlkunum úr skóla jafnvel þótt hann vildi.

„Atvikið varð ekki í skólanum og það var ekki milli nemenda skólans," segir skólameistarinn Einar Birgir Steindórsson. Það sé því ekki á forræði skólans. Einar segist hafa leitað eftir lögfræðiáliti vegna málsins og í ljós hafi komið að hann geti í raun ekkert aðhafst.

Reyndi að aka á kóngafólkið:

Lést af sárum sínum á spítala

HOLLAND, AP Karlmaður sem varð fimm manns að bana þegar hann reyndi aka á bíl hollensku konungsfjölskyldunnar í bænum Apeldoorn, lést af sárum sínum á spítala í gærmorgun. Áður en maðurinn, sem var 38 ára gamall, gaf upp öndina játaði hann að hafa ætlað að vinna kóngafólkinu mein. Ekki liggur fyrir hvers vegna.

Maðurinn ók svörtum bíl sínum í gegnum þvögu fólks og lauk ferð sinni með því að aka á styttu. Opin rúta kóngafólksins slapp naumlega við árekstur. Fimm manns létust og tólf liggja slasaðir á spítala. - sh

Stefán Rafn Sigurbjörnsson:

Iðnnemar fyrstir til að fjúka

VINNUMARKAÐUR Iðnnemar verða að vera með meistara á vinnumarkaði í minnst eitt ár til að geta klárað nám sitt og lokið sveinsprófi. Stefán Rafn Sigurbjörnsson, formaður Sambands íslenskra framhaldsskólanema, óttast að iðnnemar detti úr námi vegna þessa, námskeið verði lögð niður og skortur verði á sérfræðimenntuðum iðnaðarmönnum.

„Í atvinnuleysinu eru iðnnemar fyrstir til að fjúka. Margir gefast því upp á náminu. Ef þetta verður viðtækt vandamál sjáum við kannski fram á algjöran skort á iðnaðarmönnum í framtíðinni, sérstaklega í byggingariðnaði, þar sem þetta fólk dettur úr námi," segir hann. - ghs

Iceland Express:

Flýgur nú til Gatwick

SAMGÖNGUR Iceland Express er hætt að fljúga til Stansted-flugvallar í Essex á Suður-Englandi. Í staðinn flýgur félagið til Gatwick-flugvallar, sem er rétt sunnan við London, en þaðan er flogið til allra átta.

MATTHÍAS IMSLAND

„Við höfum um skeið verið að velta fyrir okkur að færa okkur yfir til Gatwick, þaðan er styttra í miðborgina og að mörgu leyti þægilegra fyrir okkar farþega," segir Matthías Imsland, forstjóri Iceland Express, í tilkynningu.

Iceland Express verður með aðstöðu á suðurhluta vallarins. - ghs

Reynslan kennir að uppboðsleið er ófær

Lóðauppboð í Reykjavík leiddi til fjöldagjaldþrota í byggingaiðnaði. Útvegsmenn telja að „upptaka og uppboð aflaheimilda" skuli skoðast í þessu ljósi. Sjávarútvegur hefur ekki verið ræddur í stjórnarmyndunarviðræðum.

SJÁVARÚTVEGUR Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri LÍÚ, telur að hafa megi reynslu byggingaverktaka á árunum 1999 til 2002 til hliðsjónar í umræðunni um breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu og uppboði á aflaheimildum í kjölfar innköllunar þeirra.

Í yfirstandandi stjórnarmyndunarviðræðum Samfylkingar og Vinstri grænna er svokölluð fyrningarleið á dagskrá, eða að fimm prósent veiðiréttar verði innkölluð og verði endurúthlutað. Lengi hefur verið horft til uppboðsleiðarinnar og tekist á um hvort hún sé til bóta eður ei. Heimildir Fréttablaðsins herma að fyrningarleiðin hafi ekki komið til umræðu enn sem komið er í umræðum flokkana, en margir stjórnarliðar telji að ekki sé hægt að setja aflaheimildir á frjálsan markað skilyrðislaust. Útfærslan sé eftir og samráð verði haft við greinina við þá vinnu.

Friðrik segir að reynsla verktakanna sé samanburðarhæf við þær hugmyndir sem nú eru uppi um breytingar á fiskveiðistefnunni. Þriðjungur verktaka fór í þrot eftir að hafa keypt lóðir háu verði vegna óttu við verkefnaleysi. „Þetta er bara mun verra hvað varðar sjávarútvegsinn vegna þess að upptaka og uppboð aflaheimilda leiðir til þess að langtímasjónarmiðum um ábyrga umgengni við auðlindina er fórnað. Það hefur sýnt sig að þeir sem ekki eiga trygga aflahlutdeild sýna auðlindinni ekki sömu virðingu og þeir sem hafa fjárfest í aflahlutdeild. Þetta er eini munurinn og að öðru leyti algjörlega samanburðarhæft."

FRÁ VESTMANNAEYJUM Útgerðarmenn telja að uppboð aflaheimilda í kjölfar fyrningar aflaheimilda skuli skoðast með hliðsjón af reynslu annarra atvinnugreina af þeirri leið. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

> Það er enginn vafi í mínum huga að það er hægt að draga samlíkingu þarna á milli.
>
> **ÞORSTEINN VÍGLUNDSSON**
> VARAFORMAÐUR SAMTAKA IÐNAÐARINS

Þorsteinn Víglundsson, varaformaður Samtaka iðnaðarins, vakti athygli á þeim vanda sem kom upp í byggingariðnaðinum eftir að útboðsleiðin var reynd fyrir áratug. „Það er enginn vafi í mínum huga að það er hægt að draga samlíkingu þarna á milli", segir Þorsteinn. „Þegar uppboðsmarkaður er settur á fót þar sem kaupandinn er settur í þá aðstöðu að fá allt eða ekkert, en þannig var þetta í lóðauppboðum þar sem þeir fengu sem voru nógu kaldir að bjóða, þá skaparðu hættu á því að verðlagning verði óraunhæf. Ef þú býrð til skort þá hækkarðu verð."

Þorsteinn segir spurninguna liggja í því hvort tilgangurinn sé að hækka verð eða innheimta sanngjarnt endurgjald. „Það getur varla verið markmiðið að sprengja upp verðið á aflaheimildunum, heldur að greinin sjálf sé arðbær, borgi skatta og skapi störf. Hættan er sú að ríkið tekur til sín meginþorrann af væntanlegum arði af veiðunum." svavar@frettabladid.is

Forsætisráðherra Ítalíu:

Eiginkonan alls ekki ánægð

RÓM, AP Veronica Lario, eiginkona Silvios Berlusconi, forsætisráðherra Ítalíu, er allt annað en ánægð með fréttir af vali á frambjóðendum Frelsisflokks eiginmanns síns fyrir kosningar til Evrópuþingsins, sem fara fram í júní.

SILVIO BERLUSCONI

Í opnu bréfi til ítalskra fjölmiðla segir Lario framboðslistann fullan af ungum leikkonum og stjörnum sem enga reynslu hafi af stjórnmálum.

„Ég vil að það sé ljóst að ég og börnin mín erum fórnarlömb en ekki samsek í þessum gjörningi. Við verðum að sætta okkur við þetta og þjáumst fyrir vikið," segir Lario. - kg

Háttsettur Rauður Kmeri:

Þjálfaði börn sem fangaverði

KAMBÓDÍA, AP Yfirfangavörður Rauðu Kmeranna, sem nú er fyrir rétti fyrir að vera valdur að dauða þúsunda „óvina ríkisins" á áttunda áratugnum, sagðist hafa þjálfað börn bænda til að starfa sem fangaverðir í fangabúðum Kmeranna. Börnin voru á aldrinum tólf til sautján ára.

Kaing Guek Eav, sem gengur undir nafninu Duch, stjórnaði S-21 fangelsinu í Phnom Penh, þar sem allt að 16.000 manns eru taldir hafa verið pyntaðir til dauða. Duch sagði að vegna þess hve ung börnin voru hafi verið auðveldara að móta þau og þjálfa.

Duch er einn af fimm yfirmönnum Rauðu Kmeranna sem nú er fyrir rétti. - ss

VEÐURSPÁ

Soffía Sveinsdóttir Veðurfréttamaður

VÆTUSAMT Í dag verður heldur blautt eins og undanfarna daga en minnst rignir á Suðausturlandi. Það rofar heldur til er kvöldar. Síðdegis á morgun hvessir heldur suðvestanlands og það bætir heldur í úrkomu. Hiti breytist lítið næstu daga.



HEIMURINN

Alicante	20°
Bassel	24°
Berlín	23°
Billund	17°
Eindhoven	17°
Frankfurt	23°
Friedrichshafen	17°
Gautaborg	16°
Kaupmannahöfn	16°
Las Palmas	19°
London	17°
Mallorca	20°
New York	17°
Orlando	31°
Ósló	15°
París	20°
San Francisco	18°
Stokkhólmur	14°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

Myndarlegustu símatilboðin hjá Nova

3G símar á frábæru verði – 2.000 kr. notkun á mánuði í 12 mánuði fylgir símatilboðum Nova í áskrift og frelsi. Taktu númerið með þér og skiptu núna!

Greiðsludreifing: Mánaðarleg afborgun 2.000 kr. greidd með kreditkorti + 250 kr./mán. vegna greiðsludreifingar.
Staðgreitt: Þá þarf ekki kreditkort. Það er ódýrara að staðgreiða!

Netið í símann
0 kr. í áskrift og 19 kr. í frelsi.
250 MB/mán. í áskrift og 5 MB/dag í frelsi.

Nova verð:
14.900 kr.
Digital myndarammi
Fullt verð: 18.900 kr.

0 kr. útborgun
Nokia 3120
Afborgun 2.000 kr. á mánuði
2.000 kr. notkun á mánuði
í 12 mánuði fylgir.
Staðgreitt: 24.000 kr.
Litir: Fjólublár og grár

3.900 kr. útborgun
Nokia 5320
Afborgun 2.000 kr. á mánuði
2.000 kr. notkun á mánuði
í 12 mánuði fylgir.
Staðgreitt: 27.900 kr.
Litur: Svartur/rauður
og svartur/blár

DAGUR Á STEINI

Verslanir Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, Glerártorgi Akureyri og MM Selfossi | Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is

KJÖRKASSINN

Hefur þú áhyggjur af fyrirsjáanlegri fækkun lögreglumanna?

Já	77,5%
Nei	22,5%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Ert þú félagi í golfklúbbi?

Segðu skoðun þína á Vísir.is

Alls 481 staðfest tilvik svínainflúensu í heiminum, meirihlutinn í Mexíkó:

Enn enginn greindur hérlendis

HEILBRIGÐISMÁL Staðfestum tilvikum svínainflúensu í heiminum fjölgar áfram og voru alls 481 í gærmorgun, þar af 312 í Mexíkó. Alls hafa þrettán látist úr veikinni þar af tólf í Mexíkó og einn í Bandaríkjunum, samkvæmt nýjustu upplýsingum Sóttvarnastofnunar Evrópu. Alþjóðaheilbrigðisstofnunin er áfram með viðbúnað sinn á fimmta hættustigi af sex.

Á samráðsfundi sóttvarnalæknis og almannavarnadeildar Ríkislögreglustjóra í gær kom fram að á Íslandi hefur enginn verið greindur með svínaflensuna eða lagður inn á Landspítala vegna gruns um smit. Viðbúnaður er því óbreyttur hér á landi og ekki er talin ástæða til frekari aðgerða að sinni. Veirulyfjum hefur verið dreift og læknar ávísa lyfjum til sjúklinga sem talið er líklegt að séu smitaðir. Skipaður hefur verið viðbragðshópur ráðuneyta og ákveðið að hvert ráðuneyti geri áætlun um hvernig brugðist skuli við faraldri.

Unnið er að því að koma á rafrænni skráningu inflúensutilfella hérlendis til að hraða upplýsingamiðlun í heilbrigðiskerfinu þannig að yfirsýn um stöðuna sé sem skýrust á hverjum tíma, segir á heimasíðu landlæknisembættisins. - shá

STAÐFESTUR FJÖLDI SMITAÐRA 1. MAÍ*

Bretland	8
Kanada	28
Holland	1
Þýskaland	3
Austurríki	1
Spánn	13
Ísrael	2
Sviss	1
Bandaríkin	109
Mexíkó	312
Nýja-Sjáland	3

*Tilkynnt um smit í Danmörku, Hong Kong og smit á milli manna í Bretlandi.

Andstaða Kínverja minnkar:

Taívönum leyft að vera með

TAÍVAN, AP Taívanir hafa sannfært Kínverja um að leyfa þeim að sækja ráðstefnu Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar í Genf í maí. Þetta þykir mikill sigur fyrir Ma Ying-jeou forseta, sem hefur barist fyrir aukinni alþjóðlegri viðurkenningu ríkis síns.

Kínversk yfirvöld hafa staðið gegn þátttöku Taívana í alþjóðasamstarfi allt frá því að eyjaskeggjar klufu sig frá Kína í borgarastyrjöldinni 1949. Þeir líta enn á Taívan sem sitt yfirráðasvæði. Ma forseti, sem hefur setið í ellefu mánuði, hefur hins vegar einsett sér að bæta samskiptin við Kínverja. - sh

Enn eitt stórfyrirtækið í þrot:

Fons tekið til gjaldþrotaskipta

VIÐSKIPTI Fons, eignarhaldsfélag Pálma Haraldssonar og Jóhannesar Kristinssonar, verður tekið til gjaldþrotaskipta, samkvæmt samþykkt Héraðsdóms Reykjavíkur frá því á miðvikudag. Morgunblaðið greindi frá þessu. Helstu eignir Fons á Íslandi eru Securitas og Plastprent en auk þess á félagið hlut í versluninni Hamleys og ferðaskrifstofunni Ticket. Gjaldþrotið hefur engin áhrif á Iceland Express, sem er eign annars félags í eigu Pálma.

Í samtali við Vísi.is, en vefmiðillinn greindi fyrstur frá beiðni félagsins um gjaldþrotaskipti, segir Pálmi að rekstrarumhverfið í dag geri félaginu ókleift að starfa áfram. Skuldir Fons eru taldar um tuttugu milljarðar en eignir um fjórtán milljarðar, þar af fjórir milljarðar í reiðufé. - shá

SJÁVARÚTVEGUR

Ýsa hækkar um 13 prósent

Á fundi Úrskurðarnefndar sjómanna og útvegsmanna var ákveðið að hækka verð á slægðri ýsu, sem ráðstafað er til eigin vinnslu eða seld til skyldra aðila, um þrettán prósent. Verð á óslægðri ýsu var hækkað um sautján prósent. Ákveðið var að hækka verð á karfa um 13 prósent. Verð þetta gildir frá og með 1. maí 2009.

LÖGREGLUFRÉTTIR

Lögreglumessa á Selfossi

Lögreglumessa var haldin á Selfossi í gær, í fyrsta skipti utan höfuðborgarsvæðisins. Ræðumaður var Margrét Frímannsdóttir, forstöðumaður á Litla-Hrauni.

Margt um manninn

Töluverður fjöldi fólks skemmti sér í miðborginni í fyrrinótt. Nokkuð var um ölvun en almennt fór skemmtanahald vel fram. Sex voru þó grunaðir um að keyra undir áhrifum.

Nýtt varðskip sjósett og gefið nafnið Þór

Eftirlits- og björgunargeta Landhelgisgæslunnar eykst til muna við komu nýs varðskips á næsta ári. Skipið er eitt best búna varðskip heims. Georg Lárusson, forstjóri LHG, segir það ólýsanlega tilfinningu að sjá skipið sjósett.

ÖRYGGISMÁL „Það var ólýsanleg tilfinning og meiri upplifun en ég hefði getað ímyndað mér," segir Georg Lárusson, forstjóri Landhelgisgæslunnar, en nýtt fjölnota varðskip Íslendinga var sjósett í ASMAR-skipasmíðastöðinni í Chile á miðvikudag. Skipinu var gefið nafnið Þór og verður afhent á fyrra hluta næsta árs.

Georg segir tilkomu nýja varðskipsins vera sögulega stund fyrir íslenska þjóð og með þeim stærri í rúmlega 80 ára sögu Landhelgisgæslunnar. „Aðstæður okkar í björgunar- og öryggismálum almennt séð umbyltist við komu þessa nýja skips sem er það fullkomnasta sinnar tegundar á Norður-Atlantshafi."

Að undanförnu hefur mikið verið rætt um aukna þýðingu þess að strandgæslustofnanir á N-Atlantshafi starfi nánar saman á sviði öryggis- og eftirlitsmála á hafinu. Verður hið nýja varðskip mikilvægur hlekkur í því samstarfi þar sem gert er ráð fyrir gagnkvæmri aðstoð við öryggiseftirlit og björgunarþjónustu, að sögn Georgs.

Georg tiltekur sérstaklega hversu mikilvægt það sé að fá til landsins öflugt dráttarskip, sem ekki hefur verið til að dreifa til þessa. Einnig er um borð sérstakur búnaður til mengunarvarna og búnaður sem veitir aukna nákvæmni í stjórn skipsins við erfiðar aðstæður. Hægt er að taka stórtækan björgunarbúnað um borð sem og fjölda manns sem getur skipt sköpum við björgunaraðgerðir. Skipið er búið öflugum slökkvibúnaði og getur gefið þyrlum á flugi eldsneyti.

ÞÓR SJÓSETTUR Skipið er 4.250 brúttótonn, tæpir 94 metrar að lengd og sextán metra breitt. MYND/LHG

Smíði þessa fjölhæfa og fjölnota hátækniskips hefur vakið gríðarlega athygli og fylgjast strandgæslur víða um heim með gangi mála.

Þórunn J. Hafstein, skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, gaf varðskipinu nafn við sjósetninguna. svavar@frettabladid.is



Opið málþing með hinum heimskunna kvikmyndaleikstjóra

» David Lynch «

Heiti málþingsins:

Heilbrigði, farsæld og framfarir

Samstillt átak Íslendinga um kennslu í innhverfri íhugun

„Íslenska þjóðin mun upplifa framfarir sem erfitt er fyrir hana að ímynda sér í dag."
David Lynch

Háskólabíó (stóra salnum)
í dag laugardag, 2. maí,
kl. 14:00
Aðgangur er ókeypis

Lay Low
leikur nokkur lög að loknum pallborðsumræðum

Áætlun Lynch miðar að því að bjóða öllum Íslendingum að læra innhverfa íhugun á lágmarksverði ásamt því að leggja grunninn að stöðugum friðarhópi 200 iðkenda sérstakrar framhaldstækni sem skapa mun samstillingu í þjóðarvitundinni og færa íslensku þjóðinni áður óþekkt lífsgæði á öllum sviðum.

www.ihugun@ihugun.is

DAVID LYNCH FOUNDATION • ÍSLENSKA ÍHUGUNARFÉLAGIÐ

Bandaríkin vilja aðstoð Evrópuríkja við lokun á Guantanamo-fangabúðunum:

Fangar geti flutt til Evrópu

ÞÝSKALAND, AP Bandaríkin vilja hjálp Evrópuríkja við lokun á hinum alræmdu Guantanamo-fangabúðum á Kúbu.

Eric Holder, dómsmálaráðherra Bandaríkjanna, óskaði eftir því við fulltrúa Evrópuríkja á miðvikudag að ríkin samþykktu að taka við einhverjum þeirra fanga sem vistaðir hafa verið í Guantanamo og ekki er lengur talin stafa ógn af.

„Ég veit að Evrópuríki opnuðu ekki Guantanamo, og að raunar voru margir í þessari heimsálfu andsnúnir búðunum," sagði Holder í Berlín á miðvikudagskvöld.

„Til að loka Guantanamo verðum við öll að færa fórnir og við verðum að vera tilbúin að taka óvinsælar ákvarðanir," sagði Holder enn fremur.

Í dag er 241 fangi í Guantanamo-fangabúðunum. Holder sagði bandarísk stjórnvöld hafa samþykkt að sleppa þrjátíu þeirra. Barack Obama Bandaríkjaforseti hefur fyrirskipað að loka skuli Guantanamo innan níu mánaða.

Herta Daubler-Gmelin, fyrrverandi dómsmálaráðherra Þýskalands, sagði að landið myndi að öllum líkindum taka við fyrrum föngum frá Guantanamo.

VILJA AÐSTOÐ Eric Holder, dómsmálaráðherra Bandaríkjanna, bað ríki Evrópu um aðstoð við að finna föngum í Guantanamo nýjan samastað. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Aðrar Evrópuþjóðir hafa einnig tekið vel í að taka við fyrrverandi föngum, þar á meðal Portúgal og Litháen. Frakklandsforseti hefur samþykkt að taka á móti einum fanga. Litið er á það sem táknrænan stuðning. - bj

GARÐPLÖNTUÚRVALIÐ
og allt í garðinn!

SUMAR TILBOÐ

Full gróðurhús af sígrænum runnum, rósum og trjám!

Úrvalið er í Garðheimum!

Fyrir vandláta...

Ducane grill

SUMAR TILBOÐ

57.500kr

20% Afsláttur

Garðhúsgögn

SUMAR TILBOÐ

Gróðurkalk
25 kg 1.590kr

Turbokalk
12.5 kg 1.890kr

Frábært Verð!

Blákorn
5 kg 1.290kr
10 kg 2.190kr

20% Afsláttur

Moltukassar

SUMAR TILBOÐ

CASORON illgresiseyðir

SUMAR TILBOÐ

Garðhanskar

SUMAR TILBOÐ

Strákústar

SUMAR TILBOÐ

Laufhrífur

SUMAR TILBOÐ

Ruslapokar

GERÐU GARÐINN KLÁRANN

Tilboðin gilda frá fimmtudegi til sunnudags.

GÓÐ RÁÐ GARÐHEIMA:

CASORON
Nú er rétti tíminn til að strá Casoron til að halda illgresi í skefjum. Stráð á hreinan jarðveg: 1 kg. dugar á ca. 100 m².

Opið til 21.00

GARÐHEIMAR

heimur heillandi hluta og hugmynda

Stekkjarbakka 6 - Sími 540 3300 - www.gardheimar.is

GÓÐ RÁÐ GARÐHEIMA:

Mosi í grasflötinni?
1. Raka grasflötina og fjarlægja mosa
2. Dreifa turbokalki: 12 ½ kg á 150 m²
3. Blanda grasfræi í sand/mold og dreifa eftir þörfum
4. Halda flötinni rakri meðan fræin spíra
5. Gefa blákorn eftir hálfan mánuð og aftur mánuði seinna: 5 kg. á 250 m²

Inntökupróf í læknadeild HÍ

Læknisfræði og sjúkraþjálfun

Inntökupróf í læknadeild Háskóla Íslands fyrir nám í læknisfræði og sjúkraþjálfun verður haldið í Reykjavík fimmtudaginn 11. og föstudaginn 12. júní 2009. Nánari upplýsingar verða sendar prófтakendum eftir að skráningu er lokið.

Þátttakendur þurfa að skrá sig sérstaklega í inntökuprófið og er skráning opin til og með **20. maí 2009**. Skráning fer fram á netinu (www.hi.is). **Staðfestu afriti af stúdentsprófsskírteini** skal komið til skrifstofu læknadeildar, Vatnsmýrarvegi 16, 101 Reykjavík, ekki síðar en 20. maí 2009.

Skráning í inntökuprófið getur farið fram þótt nemandi hafi ekki lokið stúdentsprófi en þá skal skila staðfestingu til skrifstofu læknadeildar ekki síðar en 20. maí 2009 um að stúdentsprófi verði lokið áður en kemur að inntökuprófinu. Þegar inntökuprófið er þreytt skal nemandinn hafa lokið stúdentsprófi eða öðru sambærilegu prófi og skilað inn staðfestingu því til sönnunar.

Inntökuprófið er eitt próf sem tekur tvo daga, með þremur tveggja tíma próflotum hvorn daginn, eða 12 klst. alls. Niðurstaða prófsins birtist í einni einkunn sem verður reiknuð með tveimur aukastöfum. Reiknað er með að niðurstaða liggi fyrir ekki síðar en um miðjan júlí.

Árið 2009 fá 48 nemendur í læknisfræði og 25 í sjúkraþjálfun rétt til náms í læknadeild Háskóla Íslands og skulu þeir hafa skráð sig hjá Nemendaskrá fyrir 1. ágúst. Þeir sem ekki öðlast rétt til náms í læknadeild, eiga þess kost að skrá sig, innan sömu tímamarka, í aðrar deildir gegn greiðslu skrásetningargjalds skv. reglum Háskóla Íslands.

Nánari upplýsingar um prófið og dæmi um prófspurningar má finna á heimasíðu læknadeildar Háskóla Íslands, www.laeknadeild.hi.is

HÁSKÓLI ÍSLANDS
HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

TBWA\REYKJAVÍK \ SÍA 094547

Sérfræðingar Veiðimálastofnunar rannsaka lífríkið:

Fiskteljari settur í Varmá

UMHVERFISMÁL Sérfræðingar á vegum Veiðimálastofnunar settu upp fiskteljara í Varmá í Ölfusi nýlega. Teljarinn er íslensk smíði frá fyrirtækinu Vöku. Búnaðurinn er staðsettur ofan við helstu hrygningarsvæði laxfiska í ánni. Teljaranum er ætlað að telja fisk á göngu upp og niður Varmá, en lágmarksstærð fiska sem hann nemur er um tuttugu sentimetrar.

Umtalsverður fiskdauði varð í Varmá í nóvember 2007 þegar mikið magn af klór lak til árinnar frá sundlauginni í Laugarskarði í Hveragerði. Seiðarannsóknir í fyrra bentu til þess að seiðabúskapur árinnar væri á uppleið eftir slysið, en litlar upplýsingar liggja enn fyrir um ástandið hjá stærri fiski. Vonir standa þó til að upplýsingar úr teljaranum muni bæta þar verulega úr. **- shá**

FRÁ VARMÁ Áin hefur sérstöðu á Íslandi og rannsóknir standa yfir.

HESTHÚSIÐ Hesthúsið sem maðurinn er grunaður um að hafa kveikt í stendur við Sörlaskeið í Hafnarfirði.

Ákærður fyrir stórfelld eignaspjöll, íkveikju og fjársvik:

Sakaður um að bera eld að hesthúsi

RÍKISSAKSÓKNARI Karlmaður á þrítugsaldri hefur verið ákærður fyrir margvísleg brot. Honum er gefið að sök að hafa kveikt í bíl og hesthúsi. Einnig svikið út vörur með stolnu greiðslukorti.

Samkvæmt ákæru ríkissaksóknara eru manninum gefin að sök stórfelld eignaspjöll, með því að hafa aðfaranótt mánudagsins 7. apríl 2008 borið eld að bíl sem stóð utan Kaldárselsvegar. Bifreiðin eyðilagðist.

Þá er maðurinn ákærður fyrir að hafa sömu nótt borið eld að innanstokksmunum í hesthúsi við Sörlaskeið 9, Hafnarfirði. Miklar skemmdir urðu á suðvesturhluta hússins vegna elds, hita og reyks. Hita- og reykskemmdir urðu á lofti og veggjum í hnakkageymslu hússins, og reykskemmdir í hlöðu og vesturhluta hússins.

Í þriðja lagi er maðurinn ákærður fyrir fjársvik. Hann notaði greiðslukort í eigu annars manns í fimm skipti og sveik út vörur fyrir tæpar níu þúsund krónur í verslun Skeljungs og Snókerbarnum. Þá er maðurinn ákærður ásamt öðrum manni fyri að stela bíl og velta honum.

Annað mál á hendur manninum vargnum er fyrir dómstólum nú.

Í því tilviki stakk hann mann tvívegis með hnífi. **- jss**

Miðvikudaginn 6. maí kl. 17.00–19.00 verður haldinn samráðsfundur á Kjarvalsstöðum um endurnýjað Miklatún.

Miklatún er einn fárra almenningsgarða Reykjavíkinga frá fyrri tíð. Markmið okkar er að styrkja sérstöðu þess sem blöndu af borgargarði og útivistarsvæði í þéttri byggð.

Mánudaginn 4. maí verður fræðsluganga um Miklatún. Landslagsarkitektar garðsins rekja sögu og hönnun Miklatúns og nágrennis. Mæting er við inngang Kjarvalsstaða og gangan hefst kl 18.00.

Miklatún er staður fjölskyldunnar, íþrótta, útivistar og lista. Ráðgjafar Alta stjórna fundinum og heimskaffi þar sem leitað er eftir hugmyndum borgarbúa um garðinn. Hönnuðir hjá Landslagi ehf. vinna einnig að skipulaginu.

Nánari upplýsingar á www.reykjavik.is og í síma 411 1111

Reykjavíkurborg

Gildir:
laugardag og
sunnudag

Bláa
bomban

VERÐSPRENGJA!



20%

VIÐBÓTARAFSLÁTTUR
af allri útsöluvöru*

*Gildir ekki af vörum frá NTC og
ekki af vöru á föstu verði

DEBENHAMS

HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

BARÁTTUGLEÐI Verkamaður í borginni San Salvador í El Salvador fagnaði frídegi verkalýðsins með félögum sínum í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Barnaklámssíðum fækkar:

Ofbeldið orðið grófara en áður

LONDON, AP Barnaklámsvefsíðum fækkaði um tíu prósent á síðasta ári, samkvæmt skýrslu bresku eftirlitssamtakanna Internet Watch Foundation. Efnið á þeim vefsíðum sem eftir eru er þó orðið grófara.

Í skýrslu samtakanna sem nýlega var gerð opinber segir að aukið eftirlit lögreglu og einstakra aðila hafi gert erfiðara um vik að starfrækja barnaklámssíður. Slíkar síður séu mjög oft fjarlægðar innan örfárra klukkustunda.

Þær síður sem ekki tekst að loka birta þó oftar myndir af pyntingum og grófum kynferðisglæpum.

Enn fremur segir í skýrslunni að um fjórðungur barnanna sem birtist á þessum síðum líti út fyrir að vera sex ára eða yngri.

- kg

Kallað eftir víðtækri sátt

Óvenjugóð þátttaka var í kröfugöngum verkalýðsins víðs vegar um land í gær. Púað var á forseta ASÍ. „Hef umburðarlyndi fyrir skoðunum annarra," segir hann. Hælisleitendur vöktu athygli á málstað sínum.

VINNUMARKAÐUR Óvenjumargir tóku þátt í kröfugöngum verkalýðsins víða um land í gær. Þúsundir tóku þátt í kröfugöngu stéttarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Hópur anarkista púaði og barði búsáhöld meðan Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, flutti ræðu sína á Austurvelli.

Lagt var af stað frá Hlemmi fljótlega eftir hádegi og gengið niður Laugaveginn alla leið niður á Austurvöll þar sem haldinn var hátíðarfundur. Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, var einn þeirra sem fluttu ávörp. Hann sagði meðal annars að „erfitt og sársaukafullt verkefni" biði á vinnumarkaði þar sem gera þyrfti nýjan sáttmála milli vinnumarkaðar og stjórnvalda um forsendur varanlegs stöðugleika. Ná þyrfti víðtækri sátt um hvernig þjóðin ynni sig út úr efnahagsvandanum.

Gylfi segir að í svona stórum samtökum verði að una því að fólk mótmæli. „Ég hef umburðarlyndi fyrir skoðunum annarra," segir hann. „Ég er mjög rólegur yfir þessu og hef þolinmæði gagnvart þessu. Þetta stuðaði mig ekkert, ég virði bara skoðanir annarra," segir hann.

„Enn bólar ekkert á raunhæfum ráðstöfunum," sagði Þórveig Þormóðsdóttir, formaður Félags starfsmanna stjórnarráðsins, í ræðu sinni. „Þvert á móti hefur verið boðaður niðurskurður í velferðarkerfinu og er hans þegar farið að bæta."

Hælisleitendur vöktu athygli á málstað sínum, meðal annars með því að gefa mat.

Fjöldi þátttakenda í kröfugöngunni á Akureyri var í sögulegu hámarki, að sögn lögreglunnar á Akureyri, sem minnist þess ekki að hafa séð svo mikinn fjölda í kröfugöngu þar. Hátíðarhöldin gengu vel fyrir sig enda léttskýjað og fallegt veður á Akureyri.

Á Vestfjörðum var einnig afburðagóð þátttaka og hátíðarhöldin fóru vel fram.

ghs@frettabladid.is

ÓVENJUGÓÐ ÞÁTTTAKA Þúsundir manna tóku þátt í kröfugöngum víðs vegar um land. Hér má sjá fjölda fólks á leið niður Laugaveginn. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

UNDIR LÚÐRABLÆSTRI Lúðrasveit verkalýðsins, lúðrasveitin Svanur og hljómsveitin 200.000 Naglbítar léku á hátíðarhöldunum í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

MANNRÉTTINDI Hælisleitendur gáfu mat til að vekja athygli á málstað sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

MÓTMÆLI Anarkistar tóku þátt og púuðu á forseta ASÍ þegar hann flutti ræðu sína. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Mán til mið 10–18.30, **fim og fös** 10–19, **lau** 10–18, **sun** 13–17 | Sími 517 9000 | www.kringlan.is

VÍGBÚNAÐUR GEGN TALIBÖNUM Pakistanskir hermenn á leið til vígstöðva í Buner-héraði. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Talibanar hafa lagt undir sig helstu bæi í Bunerhéraði:

Stjórnin í Pakistan spyrnir við fótum

PAKISTAN, AP Pakistansher hefur í vikunni reynt að hrekja sveitir talibana frá Buner-héraði, sem er í aðeins hundrað kílómetra fjarlægð frá Islamabad, höfuðborg landsins.

Í síðustu viku lagði um 500 manna lið talibana undir sig helstu bæi í héraðinu. Stjórnvöld brugðust hart við og sendu herinn á vettvang. Asif Ali Zardari forseti hvetur þjóðina til að standa einhuga að baki aðgerðum gegn talibönum.

Bandaríkjastjórn gagnrýndi Zardari harðlega þegar hann ákvað að semja við talibana um að íslömsk sjaría-lög verði tekin upp í Swat-dalnum og Malakand-héraði, en í staðinn lofuðu talibanar að hætta uppreisn sinni gegn stjórninni, sem kostað hefur fjölmörg mannslíf undanfarin tvö ár.

Í ræðu á miðvikudag sagði Barack Obama Bandaríkjaforseti að Pakistanar væru nú að átta sig á því að áherslan á Indland sem höfuðóvin Pakistans hafi kannski verið misráðin. Nú sé að koma í ljós að hættan innan frá sé mun meiri. Pakistanski herinn sé farinn að líta mun alvarlegri augum á hættuna sem stafar af herskáum öfgamönnum. „Ég hef miklar áhyggjur af ástandinu í Pakistan, ekki vegna þess að ég haldi að árás sé yfirvofandi og talibanarnir muni taka völdin," sagði Obama, „heldur vegna þess að borgaralega ríkisstjórnin þar er mjög brothætt sem stendur."

Talibanar njóta mikils stuðnings meðal pastú-þjóðflokksins, sem býr beggja megin landamæranna og hefur í gegnum aldirnar iðulega neitað að lúta ríkisvaldinu, bæði í Afganistan og Pakistan. Þessi víðtæki stuðningur meðal pastúa hefur gert talibönum kleift að hreiðra um sig Pakistansmegin, og skipuleggja þaðan bæði fjáröflun, vígvæðingu og árásir yfir landamærin á erlenda herliðið í Afganistan. **- gb**

VIÐURKENNDIR BÓKARAR

RÉTTINDANÁM HAUST 2009

Opni Háskólinn í Háskólanum í Reykjavík býður áhugasömum að sitja réttindanám fyrir bókara. Þeir nemendur sem standast prófin fá staðfestingu frá fjármálaráðuneytinu um að þeir séu viðurkenndir bókarar, skv. 43. grein laga nr. 145/1994 um bókhald.

NÁMIÐ SKIPTIST Í ÞRJÁ HLUTA:

I. HLUTI - SKATTSKIL (40 KLST.)
Markmið námskeiðsins er almenn innsýn í skattalög og reglur varðandi skattlagningu fyrirtækja og einstaklinga.

II. HLUTI - UPPLÝSINGAMIÐLUN OG UPPLÝSINGAKERFI (31 KLST.)
Markmið námskeiðsins er að dýpka skilning þátttakenda á áhrifum upplýsingakerfa nútímans á reikningshald og á rafræn samskipti. Áhersla er lögð á notkun Excel við bókhaldsstörf.

III. HLUTI - REIKNINGSHALD (40 KLST.)
Markmið námskeiðsins er að dýpka skilning þátttakenda á meginreglum reikningshalds og því lagaumhverfi sem bókhald og reikningsskil eru byggð á.

Námið hefst 21. ágúst og er alls 110 klst.

Verð kr. 256.000,-

Umsóknarfrestur er til 15. maí.

NÁNARI UPPLÝSINGAR
Birna Björnsdóttir
599 6316 / birnabj@ru.is
www.fagmennt.is

OPNI HÁSKÓLINN
FAGMENNT

www.opnihaskolinn.is



Námskeið 13. maí

Náðu árangri
í erlendum útboðum

Útflutningsráð Íslands stendur fyrir námskeiði um erlend útboð, þar sem farið verður yfir tilboðsferlið, allt frá upplýsingaöflun til hagnýtra ráða við tilboðsgerð.

Námskeiðið fer fram miðvikudaginn 13. maí kl. 09.00-17.00 á Radisson SAS Hótel Sögu.
Fyrirlesarar eru Richard Hall og Toni Saraiva frá EISC Ltd. - Enterprise Europe Network í Bretlandi. Þeir hafa m.a. haldið námskeið í Bretlandi og á Norðurlöndunum.

Efni námskeiðsins:

- Hvað er opinbert útboð og hvernig er útboðsferlið?
- Upplýsingar um útboð erlendis.
- Ákvörðunarferli, mat og kauphegðun opinberra aðila.
- Undirbúningur og hagnýt ráð fyrir tilboðsgerð.

Námskeiðið er ætlað öllum þeim sem áhuga hafa á að taka þátt í erlendum útboðum og stækka þar með markaðssvæði sitt. Þátttökugjald er **18.500 kr.**, hádegisverður er innifalinn.

Skráning fer fram með tölvupósti á **utflutningsrad@utflutningsrad.is** eða í síma 511 4000.

Nánari upplýsingar veita Inga Hlín Pálsdóttir, **inga@utflutningsrad.is** og Erna Björnsdóttir, **erna@utflutningsrad.is.**

enterprise europe network

ÚTFLUTNINGSRÁÐ ÍSLANDS

Borgartún 35 • 105 Reykjavík • sími 511 4000 • www.utflutningsrad.is

FRÉTTASKÝRING: Hundrað dagar forsetans

Fyrstu hundrað dagarnir

INNANLANDSMÁL

Efnahagsmál: Obama undirritaði 787 milljarða dala efnahagspakka með skattalækkunum og nýjum útgjöldum sem eiga að bjarga Bandaríkjunum út úr verstu kreppu frá stríðslokum.

Kynnir 3.550 milljarða fjárlög, sem gætu leitt af sér methalla upp á 1.800 milljarða á þessu ári og tvöfaldað skuldir ríkisins næsta áratuginn.

ALÞJÓÐAMÁL

Rússland: Hefur reynt að endurnýja tengslin við Rússland með viðræðum um nýjan samning um fækkun kjarnorkuvopna í stað **START II**-samningsins.

Írak, Afganistan: Boðar brotthvarf Bandaríkjahers frá Írak á næsta ári, en ætlar að fjölga í herliðinu í Afganistan til að berjast þar gegn al Kaída og talíbönum.

Bankakreppan: Timothy Geithner fjármálaráðherra glímir við vandann eftir að hafa komið fjármálafyrirtækjum til bjargar með dýrum og umdeildum fjárstuðningi.

AIG

Tryggingafélagið **AIG** stendur á brauðfótum en þarf að endurgreiða umdeildar bónusgreiðslur eftir að hafa tekið við fjárstuðningi frá ríkinu.

Mið-Austurlönd: Býður leiðtogum Ísraels, Palestínu og Egyptalands í Hvíta húsið að ræða friðarmálefni.

Íran: Sendir bandarískan samningafulltrúa til samstarfs við Evrópuríki um að fá Írani ofan af meintum áformum sínum um að koma sér upp kjarnorkuvopnum.

Norður-Kórea: Fordæmir tilraun Norður-Kóreu með langdrægt flugskeyti, en er engu að síður staðráðinn í að fá Norður-Kóreu aftur að samningaborði um kjarnorkuafvopnun.

Kúba: Heimilar Kúbverjum, sem eru með bandarískan ríkisborgararétt, að ferðast til Kúbu og senda ættingjum sínum þar peninga.

Kína: Segir bága stöðu mannréttindamála í Kína skipta Bandaríkin máli, án þess þó að þurfa að trufla samskiptin við Bandaríkin.

Bílaiðnaðurinn: Obama segir fyrirtækjunum að endurskoða áætlanir um uppstokkanir - en telur að ferlið gæti endað með gjaldþroti *General Motors* eða *Chrysler*.

Guantanamo-flói: Boðar lokun fangabúðanna innan árs.

Pyntingar: Ákvað að birta minnisblöð **Bush-stjórnarinnar um harkalegar yfirheyrsluaðferðir.** Útilokar ekki rannsókn á málinu.

Stofnfrumur: Afléttir takmörkunum á ríkisstuðningi til rannsókna á stofnfrumum úr mönnum.

Venesúela: Tók í höndina á vinstri-leiðtoganum *Hugo Chavez*, þrátt fyrir harða gagnrýni hans á Bandaríkin meðan George W. Bush var þar forseti.

Ferðalög erlendis: Til Kanada, Bretlands, Frakklands, Þýskalands, Tékklands, Tyrklands, Íraks, Mexíkó og Trinídad.

Ljósmyndir: Getty © GRAPHIC NEWS

Segja Obama-æðið hafa átt rétt á sér

Barack Obama fagnaði á miðvikudag þeim áfanga að hafa verið hundrað daga í einu valdamesta embætti heims. Stuðningsmenn forsetans segja afrek hans þessa rúmu þrjá mánuði staðfesta að Obama-æði heimsbyggðarinnar hafi átt fullan rétt á sér.

FJÖLSKYLDAN MEÐ NÝJA HUNDINN Þótt hundurinn, sem dætur forsetans fengu á dögunum, hafi ekki mikla heimspólitíska þýðingu vakti hann þó mikla athygli í fjölmiðlum víðs vegar um heiminn. NORDICPHOTOS/AFP

„Við eigum fullan rétt á Obama-æðinu okkar," skrifar Jean-Marcel Bourguereau, ritstjóri franska fréttatímaritsins Le Nouvel Observateur, og telur upp nokkur helstu afrek Bandaríkjaforseta þessa fyrstu hundrað daga.

Fáum dylst að Obama hefur ekki setið auðum höndum síðan hann tók við einu valdamesta embætti heims.

Meðal afrekanna má nefna væntanlega lokun Guantanamo-búðanna, bann við pyntingum, væntanlegt brotthvarf frá Írak, horfur á bættum samskiptum við Rússland og múslimaheiminn, við Kúbu, Íran og jafnvel Norður-Kóreu, og er þetta engan veginn tæmandi upptalning.

Obama hefur greinilega gert sér far um að kúvenda frá stefnu fyrri stjórnar í sem flestum málum og hann virðist vilja fara sáttaleiðina frekar en að efna til ágreinings og átaka.

Skiptar skoðanir

Skoðanakannanir sýna að almenningur í Bandaríkjunum er harla ánægður með frammistöðuna, þótt repúblikanar hafi sumir hverjir harðlega gagnrýnt það sem Obama hefur tekið sér fyrir hendur fyrstu hundrað dagana.

Dick Cheney, fyrrverandi varaforseti, og fleiri segja hann til dæmis stefna öryggi Bandaríkjanna í voða með glannalegri eftirgjöf við óvini þjóðarinnar og uppljóstranir um umdeildar starfsaðferðir leyniþjónustunnar.

Mannréttindasmtökin Amnesty International eru síðan á þveröfugri skoðun og segja alltof lítið hafa gerst. Þrátt fyrir að Obama hafi til dæmis lofað að loka Guantanamo-búðunum og tryggja föngunum þar réttláta meðferð, þá hafi ekkert gerst í málum þeirra. Hundrað dögum eftir valdatökuna mega þeir enn dúsa í klefum sínum, sumir eftir nærri átta ára fangelsi án dóms og laga.

Bara byrjunin

Sjálfur tekur Obama fram að margt sé vissulega ógert af því sem hann ætlar að taka sér fyrir hendur.

„Ég held að þetta sé góð byrjun, en þetta er samt bara byrjunin," sagði hann á blaðamannafundi í Washington á miðvikudaginn, þegar hann fagnaði hundrað daga áfanganum. „Ég er stoltur af því sem okkur hefur tekist að gera, en það er ekki nóg."

Að mörgu leyti hafa Obama og ríkisstjórn hans þó haldið áfram á sömu braut og Bush-stjórnin.

Í glímu sinni við efnahagskreppuna hefur Obama til dæmis að mestu leyti fylgt þeirri leið, sem mörkuð var af Bush-stjórninni, enda kom áfallið í haust honum jafn mikið á óvart og öðrum. Kosningabaráttan hafði ekki snúist um viðbrögð við efnahagshruni og þar af leiðandi hafði engin sérstök stefna verið mótuð í kosningabúðum Obama.

Tækifæri í kreppunni

Obama hefur vissulega þurft að glíma við erfiðari verkefni strax frá fyrsta degi sínum í embætti en flestir forverar hans.

Fyrir utan efnahagskreppuna, sem bjartsýnir hagfræðingar segjast þó farnir að sjá fyrir endann á, höfðu Bandaríkin einangrast rækilega á alþjóðavettvangi í stjórnartíð George W. Bush. Þótt Obama njóti velvildar víðast hvar í heiminum, þá er varla von á því að aftur grói um heilt alls staðar alveg á næstunni.

Gamli refurinn Henry Kissinger, sem var utanríkisráðherra í stjórn Richards Nixons á áttunda áratugnum, segir reyndar í nýlegri blaðagrein að efnahagskreppan gefi Obama einstakt tækifæri til að ná fram grundvallarbreytingum á fjölmörgum sviðum heimsmálanna: „Efnahagskreppan sýgur til sín orku allra helstu ríkjanna; hver svo sem ágreiningsefni þeirra eru, þá þurfa þau öll að hvíla sig á milliríkjadeilum," skrifar Kissinger í Washington Post.

FRÉTTASKÝRING
GUÐSTEINN BJARNASON
gudsteinn@frettabladid.is

Við elskum alla

Nú geturðu valið þér **sex vini** hjá hvaða farsímafyrirtæki sem er.

0 kr. á netið í símanum á kvöldin og um helgar.

M-IÐ Í SÍMANUM

Farðu á netið í símanum og sláðu inn m.siminn.is og þú ert kominn á M-ið, upphafið að endalausri afþreyingu.

Gildir frá kl. 19.00 - 24.00 mánudaga til fimmtudaga og frá kl. 19.00 á föstudögum til miðnættis á sunnudögum.

Það er **Síminn**

800 7000 • siminn.is

ENNEMM / SÍA / NM37806

1 kg
Grasfræ
1.499 *kr*

Mosaeyðing

Svona gerum við gegn mosa.

Notum mosaeyði eða:

1. Tætum, rökum eða klórum mosann í grasflötinni.
2. Berum garðáburð á grasflötina.
3. Berum garðakalk á grasflötina.
4. Sáum grasfræi í sárin.
5. Gott að blanda grasfræi saman við úrvals gróðurmold áður en sáð er.
6. Græn og falleg grasflöt eftir 2-3 vikur.

5 kg
Garð-
áburður
999 *kr*

STRÍÐ GEGN MOSA

Nú er rétti tíminn

12 ltr
Úrvals
gróðurmold
399 *kr*

5 kg
Mosaeyðir
2.999 *kr*

5 kg
Garðakalk
899 *kr*

Ræktunarpakki
1499 *kr*

Inniheldur:
Kryddjurtafræ / 3 pk
Sáðmold / 12 ltr
Allgrow **lífrænn áburður** / 1 ltr
Plastpottar / 3 stk / 10 sm

Eplatré
Jonagold og Elstar
2.990 *kr*

Rhododendron
Lyngrós
Bengal og Abendrot
999 *kr*

5 stk
Liljur
1499 *kr*

RÁÐGJÖF
um land allt

Garðyrkjufræðingar verða í verslunum Blómavals um land allt og veita ráðgjöf

laugardaginn 2. maí frá kl.13:00 - 15:00

Grafarholt
Hafsteinn Hafliðason

Akureyri
Guðný Jóhannsdóttir

Reykjanesbær
Auður Óskarsdóttir

Selfoss
Jarþrúður Jónsdóttir

Egilsstaðir
Rita Hvönn Traustadóttir
og Margrét Helga Einarsdóttir

Allt fyrir vorverkin og matjurtagarðinn

Garðyrkjufræðingar veita ráðgjöf

Dagskrá í Skútuvogi

laugardaginn 2. maí frá kl.13:00 - 15:00

Auður Ottesen kynnir Matjurtabókina og Sumarhúsið og garðinn.

Jón Guðmundsson, garðyrkjufræðingur Akranesi ráðleggur um matjurtaræktun.

Bjarni Ásgeirsson, skrúðgarðyrkjumeistari leiðbeinir um trjáklippingar.

Ingólfur Guðnason, Engi. Fjallar um ræktun kryddjurta og eplatré.

Lára Jónsdóttir, garðyrkjufræðingur "stríð gegn mosa".

RÆKTUNARÁTAK
Í HÚSASMIÐJUNNI OG BLÓMAVALI

Gróðurhús og vermireitir

Allt um matjurtaræktun í Sælureit bls. 157-158

Ruslavagn
Claber
5081642

Hjólbörur
Ravendo, 80 ltr
5080038

Laufhrífa
5084335

Malarhrífa
5084290

Plöntuskófla
5084677

25% AFSLÁTTUR af öllum HiPoint greina- og hekkklippum

Hekkklippur
HiPoint
5084672

Greinaklippur
HiPoint
5084663

Greinaklippur
HiPoint, 55 sm
5084669

skoðun

greinar@frettabladid.is

Spilling og þverrandi traust:

Eigendavald hvað?

JÓN KALDAL SKRIFAR

Traust er af ákaflega skornum skammti í samfélaginu þessa dagana og hefur farið hratt þverrandi undanfarin misseri. Í nýbirtum Þjóðarpúlsi Gallups kemur fram að 78 prósent aðspurðra telja að spilling þrífist í viðskiptalífinu. Sömu skoðun hefur 71 prósent á stjórnmálaflokkunum og 53 prósent á fjölmiðlum.

Þetta eru ekki fallegar tölur. Þó eru þær alls ekki óvæntar eftir kollsteypurnar í vetur. Viðskipta- og stjórnmálamennirnir eiga mikið endurreisnarstarf fram undan. Það gera þeir ekki öðruvísi en með hraustlegri tiltekt, með því að lofta út úr bakherbergjunum og opna bókhaldið.

Stjórnmálamennirnir þurfa auk þess að sýna þjóðinni að pólitík er líka list málamiðlana og samninga, ekki einungis vettvangur átaka þar sem allt gengur út á að skora stig á kostnað andstæðinganna. Þolinmæðin fyrir þeim sem aðhyllast þá línu gufaði upp með jákvæðri stöðu ríkissjóðs.

Við sem vinnum á blöðunum, í útvarpinu, sjónvarpinu eða á netinu þurfum einnig að líta í eigin barm. Það er afleitt að meira en helmingur þjóðarinnar virðist telja að fjölmiðlar landsins séu spilltir.

Án þess að það hafi verið kannað sérstaklega er rökrétt að ætla að eignarhald fjölmiðlanna varpi að minnsta kosti hluta af þessum skugga. Einkareknu fjölmiðlarnir eru í eigu áberandi manna innan viðskiptalífsins, sem eru í litlum metum, og yfir ríkismiðlunum vaka stjórnmálamennirnir, sem skora ekki heldur hátt.

Það virðist vera nokkuð útbreidd skoðun að eigendur fjölmiðla noti þá sem nokkurs konar heimilishljóðfæri og spili á þá þau lög sem þeim henti við hvert tilefni.

Í því samhengi er mjög áhugavert að skoða nýja rannsókn Öldu Áskelsdóttur, sem hún vann sem meistaraverkefni í blaða- og fréttamennsku við Háskóla Íslands. Þar kemur fram að fjórðungur fjölmiðlamanna segist aðspurður hafa vitneskju um að eigendur hafi reynt að hafa áhrif á fréttaflutning síns miðils. Af þeim hópi telja hins vegar aðeins tólf prósent að eigendurnir hafi haft erindi sem erfiði.

Það liggur beint við að yfirfæra þessar tölur Öldu á hausana á bak við þær. Gróft áætlað starfa um það bil 275 manns við fréttamennsku af alls kyns toga á helstu fjölmiðlum landsins. Af þeim telja 69 sig vita af tilraunum eigenda til að hafa afskipti af fréttaflutningi. Átta manns af þessum 275 telja að þeim hafi tekist það.

Þetta þýðir með öðrum orðum að þrjú prósent þeirra sem starfa við helstu fjölmiðla landsins segjast vita dæmi þess að eigendum hafi lukkast að hafa áhrif á hvaða fréttir eru sagðar.

Eigendavald hvað?

Þeir sem ekki hafa unnið á ritstjórnargólfi gera sér kannski ekki grein fyrir því, en almennt líta blaðamenn skelfing mikið niður á viðskiptahlið útgáfunnar.

Auðvitað er það viðhorf hlægilegt út af fyrir sig, en svona er það samt. Þetta er afstaða sem er lýsandi fyrir almenna sjálfsupphafningu stéttarinnar, sem að stærstum hluta áttar sig á því að söluvara hennar er að fólk vilji lesa, horfa eða hlusta. En líka að fólk treysti því sem er skrifað og sagt. Þar þurfa blaðamenn að rétta sinn hlut.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf.
RITSTJÓRAR: Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* ÁBYRGÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Hef opnað móttöku í Læknamiðstöðinni Lífsteini, Álftamýri 1-5 Reykjavík.

Tímapantanir í síma 530 8300

Ágúst Birgisson
lýtalæknir og
bæklunarskurðlæknir

www.ablæknir.is

FRÁ DEGI TIL DAGS

Firring og vandræðagangur
Björn Bjarnson, fyrrverandi ráðherra sjálfstæðisflokksins til fjórtán ára, gagnrýnir seinagang við stjórnarmyndunarviðræður vinstriflokkanna á vefsíðu sinni. „Hægferðin við myndun ríkisstjórnar er ekki til marks um vönduð vinnubrögð heldur vandræðaganginn í samskiptum stjórnarflokkanna. Æ fleiri vekja máls á því, að þessi aðferð við stjórnarmyndun endurspegli firringu forystumanna stjórnarflokkanna tveggja," skrifar Björn. Kosið var til Alþingis fyrir réttri viku. Taki ný stjórn við störfum í lok næstu viku eins og stefnt er að, segjum til dæmis á föstudag, hafa viðræðurnar tekið þrettán daga.

En ekki án fordæma
Björn Bjarnason hefur verið ráðherra í fjórum ríkisstjórnum Sjálfstæðisflokksins. Sú fyrsta var mynduð í apríl árið 1995 á fimmtán dögum. Sú næsta í maí 1999 á tuttugu dögum. Fjórtán vordaga tók að semja sáttmála þriðju ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks árið 2003, en stystan tíma – tólf daga – tók að mynda stjórn með Samfylkingunni á Þingvöllum fyrir tveimur árum.

Hált á svellinu í kaldhæðninni
Sighvatur Björgvinsson gerir í grein í Fréttablaði gærdagsins óspart grín að tillögum Gísla Tryggvasonar, talsmanns neytenda, um eignarnám húsnæðislána og niðurfærslu þeirra eftir tilteknum reglum. Kaldhæðnin verður hins vegar svo mikil að Sighvati verður hált á svellinu. Hallur Magnússon, framsóknarmaður og fyrrverandi starfsmaður Íbúðalánasjóðs, bendir réttilega á það að Sighvatur, sem titlar sig meðal annars fyrrverandi ráðherra neytendamála, gerir ekki greinarmun á embætti talsmanns neytenda og Neytendastofu þótt um tvær alls aðskildar stofnanir sé að ræða. Hallur, flokksbróðir talsmanns neytenda, gerir hins vegar engar efnislegar athugasemdir við óvægna gagnrýni Sighvats.

stigur@frettabladid.is

Bak við tjald

Mér hefur stundum flogið í hug að íslenskir alþingismenn gætu lært sitthvað af sínum galvösku starfsbræðrum í Frakklandi. Fyrir allmörgum árum var ég í fylgd með íslenskum þingmönnum á áheyrendabekkjum franska þingsins og vantaði ekki fjörið: þingmennirnir böðuðu út öllum skönkum, fórnuðu höndum, börðu í púltin, bauluðu í ýmsum tóntegundum, frá reiði- og hneykslunartónum yfir í háð og spé, og hrópuðu athugasemdir af margvíslegu tagi. Þetta fannst íslensku þingmönnunum skemmtilegt, einhver lét þau orð falla að svona ættu þingfundir að vera. Samt hef ég á tilfinningunni, að lítið hafi menn fylgt þessu fordæmi við Austurvöll.

Fyrir nokkru gerðist svo atvik á franska þjóðþinginu, sem kannske væri rétt að hugleiða. Greiða átti atkvæði um lagafrumvarp, sem Sarkozy forseta var mjög í mun að yrði samþykkt. Yfir morgunverði með þingmönnum stjórnarflokksins þennan sama morgun, minnti hann á sitt eigið framlag í að koma frumvarpinu af stað og þakkaði framámönnum flokksins sérstaklega fyrir að hafa síðan leitt til lykta þetta mikilvæga mál, eitt hið mikilvægasta á hans forsetaferli.

En rétt eftir hádegi, þegar ganga átti til atkvæða, voru aðeins sárafáir þingmenn stjórnarflokksins til staðar, eitthvað um sextán. Það gerði þó ekkert til, því viðstaddir þingmenn stjórnarandstöðunnar voru enn færri, og virtist því enginn vafi geta leikið á um úrslitin. Eitthvað voru þó stjórnarandstæðingarnir að bauka með sína gemsa, ekki lausir við taugatrekking, og greinilega að senda skilaboð. Til öryggis gerðu stjórnarsinnar því agenta út af örkinni til að athuga hvort einhverjir andstæðingar þeirra

EINAR MÁR JÓNSSON

Í DAG | Skrópasótt á þingi

kynnu að leynast í skúmaskotum, og fóru þeir um þinghúsið, sem er býsna stórt, leituðu alls staðar, undir borðum og stólum, og „fóru jafnvel inn í bókasafnið og á salernin", eins og einn þeirra sagði síðar. Þeir komu aftur með þau tíðindi að ekkert væri að óttast, og þá var tilkynnt að atkvæðagreiðslan skyldi fara fram. Í sömu svifum birtust óforvarandis tíu þingmenn stjórnarandstöðunnar, þeir höfðu falið sig bak við rautt og hnausþykkt tjald í hinu svokallaða „vinstri anddyri" þingsalarins og haldið niðri í sér andanum meðan leitin stóð yfir. „Þetta bar allt að á nóinu", sagði einn af þingmönnum stjórnarinnar, „við gátum ekkert gert". Nú voru stjórnarandstæðingar allt í einu komnir í meirihluta, og frumvarpið var fellt.

Sarkozy hellti úr skálum reiði sinnar á næsta ríkisstjórnarfundi; horfur voru á að sá ráðherra sem sér um tengsl við þingið yrði látinn fljúga, en hann slapp með skrekkinn. Hins vegar hafði forsetinn í hótunum við þingmenn; til eru lög sem heimila að sekta þingmenn sem skrópa um of, og kannske væri hægt að dusta af þeim rykið... Í herbúðum stjórnarandstæðinga ríkti mikil kátína, nú höfðu þeir aldeilis platað Sarkozy.

Þetta má nú hafa til marks um það hvað franskir þingmenn geta verið snjallir og ráðagóðir, eða kannske hafa þeir bara verið að lesa Alexandre Dumas. En nú er komið að dapurlegu hliðinni á þessari sögu. Kannske var þetta ekki alveg rétti vettvangurinn til að berjast gegn Sarkozy. Þeirri lagasetningu sem náði ekki fram að ganga var ætlað að stemma stigu við því að menn tíndu upp tónlist, kvikmyndir og önnur vernduð hugverk á netinu, og verja þannig höfundarrétt. Um hana hafði mikið verið deilt, en þær deilur fóru ekki eftir flokkslínum. Fjölmargir listamenn, tónskáld, flutningsmenn og höfundar alls kyns verka voru hlynntir þessum lögum, þótt þeir væru engir fylgismenn forsetans og frekar með vinstri slagsíðu, ef eitthvað var. Ekki er ólíklegt að Sarkozy hafi viljað setja þau til að koma sér enn meir í mjúkinn hjá sinni syngjandi spúsu, og það er haft fyrir satt, að hann hafi jafnvel vonast til að með þessari lagasetningu gæti hann komið á einhverjum sögulegum sættum milli sín og vinstri sinnaðra listamanna. Því það er brýnasta hagsmunamál þeirra að tryggja höfundarréttinn, annað hafa þeir ekki til að lifa á. En andstæðingar laganna voru einnig fjölmennir, þeim fannst að það væri mikil „frelsissvipting" (það voru þeirra orð) að geta ekki fengið hvaða tónlist og annað úr netinu eins og þeir vildu endurgjaldslaust, og þessi andstaða breiddist út, ekki síst meðal unglinga. Upp í þann vind vildu stjórnarandstæðingar nú beita með bellibrögðum sínum, og ekki einungis þeir. Því sagt er að skrópasótt stjórnarsinna hafi komið upp af þessari sömu bakteríu.

Hvað sem þessu öllu líður, verða lögin áreiðanlega samþykkt um síðir, en það er svo önnur saga hvort hægt verður að framfylgja þeim.

Upprisa með þátttöku

UMRÆÐAN
Davíð Stefánsson skrifar um stjórnmálaþátttöku

DAVÍÐ STEFÁNSSON

Jesús reis á þriðja degi aftur upp frá dauðum og geri aðrir betur. Sjálfur er ég, á fimmta degi eftir kjördag, enn að jafna mig eftir fyrstu kosningabaráttuna, enda bara venjulegur drengur sem stökk inn í pólitík til að rífa kjaft í kærleika. Vinnan hefur setið á hakanum, reikningar safnast upp, og bið ég lánadrottna að sýna örlitla biðlund – ég er að taka til eftir baráttuna.

Verkefni okkar allra næstu árin er að taka til í gildabankanum. Sumum gildum má fleygja, öðrum þarf að dusta rykið af. Við þurfum að taka til í lethaugnum og nenna að hafa fyrir lýðræðinu. Við þurfum að henda í ruslið þeirri brjálæðislegu hugmynd að allir hugsi bara um eigin breikkaðan afturenda. Við búum í sam-félagi. Saman..

Mannleg samskipti færa mér sjálfsskilning. Persónuleg einangrun minnkar mig. Ef ég hleypi mér á skeið í spjalli við aðra heyri ég eigin sannfæringar koma undan þakskegginu. Ég kynnist mér. Þetta gerðist ítrekað í kosningabaráttunni. Með óteljandi samtölum uppgötvaði ég ýmislegt um sjálfan mig og stjórnmálin.

Ég uppgötvaði að í hjartanu hafði ég gefið lýðræðið upp á bátinn og var farinn að tortryggja stjórnmálaflokka og stjórnmálamenn. Það er mjög óheppilegt viðhorf. Stjórnmálamaður er bara einstaklingur sem vill hafa bein áhrif á samfélagið og stjórnmálaflokkur er hópur einstaklinga með svipuð grunngildi. En rétt eins og menn eru misjafnir geta flokkar verið velvirkir, óvirkir eða vanvirkir. Félagasamtök eru lýðræðisleg fyrirbæri. En þau eiga á hættu að fúna, eins og allar mannanna smíðar. Það er okkar að koma í veg fyrir það með aðhaldi og kærleiksríkri afskiptasemi.

Hver dagur þarf að vera dagur breytinga, jafnvel byltinga. Förum í betri fötin og stormum inn í stjórnmálaflokkana með brattar hugmyndir. Látum í okkur heyra, því samfélagið verður aldrei betra en hugmyndirnar sem hljóma hverju sinni. Tökum virkan þátt í lýðræðinu, stjórnmálunum og upprisunni.

Höfundur var á lista VG í nýafstöðnum alþingiskosningum.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

Lagersala í Askalind 2A, Kópavogi

โกดังสินค้าเลหลัง | Wyprzedaż zapasów magazynowych | sales outlet

40-70% afsláttur

Nú 40-70% afsláttur!

Vorum að bæta við vörum

Opið laugardag kl. 12-17, sunnudag kl. 13-17.
Askalind 2a, Kópavogi

HEIMA HÚSIÐ

heima Ondvegi

---

heima

25% afsláttur af öllum vörum í verslun okkar í Síðumúla 30

Opið virka daga 10-18, laugardaga 11-16.
Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is

HEIMA HÚSIÐ

mood heima Ondvegi

BÚUM BETUR

KANÓNUR Í CAMBRIDGE „Þetta var allt frekar skrítið og skemmtilegt – að mæta þarna lítil stelpa frá Íslandi og hitta fyrir rjómann af bresku akademíunni. Þetta voru frábær ár en auðvitað mjög erfið. Ég lærði að standa mig og skila mikilli vinnu, enda voru ritgerðarskil næstum upp á hvern dag," segir Guðrún um dvölina í Cambridge. FRÉTTABLAÐIÐ/ STEFÁN

Snýst um mannleg samskipti

Guðrún Edda Þórhannesdóttir kvikmyndaframleiðandi hefur mörg járn í eldinum en hún og Friðrik Þór Friðriksson starfa saman undir merkjum framleiðslufyrirtækisins Hughrif ehf. (Spellbound) og eru nú á lokaspretti við gerð kvikmyndarinnar Mömmu Gógó. *Júlía Margrét Alexandersdóttir* ræddi við Guðrúnu Eddu um ævintýri í fortíð og annasama framtíð.

Jarðvegurinn sem Guðrún Edda sprettur úr er óvenjulegur kokkteill lista og raungreina. Móðir hennar, Nanna Ólafsdóttir, er einn af stofnendum íslenska dansflokksins og á einn flottasta feril íslensks listdansari – dansaði meðal annars í Bretlandi og Rússlandi. Faðir Guðrúnar Eddu, Þórhannes Axelsson, er hinsvegar stærðfræðingur og félagsfræðingur og hefur lengst af unnið í tölvugeiranum og rekið eigin fyrirtæki. Þegar Guðrún Edda fæðist árið 1969 er faðir hennar er í námi við Oslóarháskóla og móðir hennar dansari fyrir Oslóar-óperuna.„Þau kynnast hér á Íslandi sem unglingar en hún var snemma farin út í nám við Royal Ballet School í London, ekki nema sautján ára gömul. Hún fer svo í áframhaldandi ballett nám til Rússlands, í Vaganova Akademiuna í Leningrad og kemur svo alfarið heim til að stofna íslenska dansflokkinn árið 1973. Afi minn, Axel Jónsson alþingismaður, átti ríka framgöngu í því að Íslenski dansflokkurinn komst inn á fjárlög. Og mamma var mikill brautryðjandi."

Ólst upp í hverfi félaga sinna

Frá fjögurra ára aldri elst Guðrún Edda því upp hér heima, í Vogahverfinu í Reykjavík, og segir að henni finnist svolítið skemmtilegt að það fólk sem mikið komi við sögu kvikmyndagerðar í dag eigi einmitt margt rætur að rekja þangað, svo sem Ari Alexander, Einar Kárason, Einar Már, Friðrik Þór og Laufey Guðjónsdóttir. „Það lá því beint við að fara í Menntaskólann við Sund eins og vinirnir og ég byrjaði þar á stærðfræðibraut. Pabbi vildi að ég yrði stærðfræðingur. Jú, ég var nú kannski alveg efni í það en áhuginn var ekki nógu mikill. Það endar því á því að ég skipti yfir á málabraut í Fjölbrautaskólanum í Ármúla og mér fannst það frábær tími og kennararnir stórkostlegir sem og Sölvi Sveinsson skólastjóri sem þá var. Ballerína? Ég ólst auðvitað mikið upp innan dansheimsins og æfði ballet sem stelpa en það náði ekkert lengra."

Komst í gegnum inntökuprófin í Cambridge

Eftir menntaskóla lá leið Guðrúnar Eddu á slóðir sem fáir Íslendingar hafa troðið en hún sótti um og komst inn í, eftir ströng inntökupróf, sjálfan Trinity College við Cambridge-háskólann. „Mig langaði að fá góðan bakgrunn fyrir lífið og námið var í sjálfu sér ekki aðalatriðið heldur skólinn. Ég hafði alltaf haft áhuga á því að verða kvikmyndatökumaður enda alin upp í því sjónræna hjá móður minni en þarna leitaði hugurinn til listasögu en áhrifin af því voru tvær vinkonur móður minnar sem voru listfræðingar við Vetrarhöllinni í Leníngrad. Listasaga er þó ekki kennd sem aðalfag í Cambridge svo að ég valdi mér bókmenntir og sögu eða það sem kallast í raun miðaldabókmenntir. Ég hugsaði mér þetta sem svona inngönguleið inn í listasöguna og hugðist taka hana með en úr varð að mér líkaði svo vel í því námi sem ég byrjaði í að ég lauk B.A. námi og mastersnámi úr því eingöngu."

Ævintýralegur tími í skólanum

Það voru engar smákanónur sem tóku við Guðrúnu Eddu í Trinity college en hún fór í inntökuviðtal hjá manni að nafni Simon Darwin Keynes, sem kominn er af sjálfum Charles Darwin og er náfrændi hagfræðingsins John Maynard Keynes. „Þetta var allt frekar skrítið og skemmtilegt – að mæta þarna lítil stelpa frá Íslandi og hitta fyrir rjómann af bresku akademíunni. Þetta voru frábær ár en auðvitað mjög erfið. Ég lærði að standa mig og skila mikilli vinnu, enda voru ritgerðarskil næstum upp á hvern dag." Cambridge er goðsögn. Ekki má mynda Trinity College að innan en hann var stofnaður af Hinrik VIII og er eins og ævintýraheimur sem fáir fá að njóta. Prófessorarnir búa margir í skólanum sjálfum og hafa aldrei gifst. Þeir lifa fyrir fræðin. „Ég er enn í góðu sambandi við kennarana mína, sérstakega Simon Keynes og Andy Orchard. Einn vinna minna sem ég var í sérstöku sambandi við en er látinn var þekktur samanburðarmálfræðingur, Sidney Allen. Hann tók mig að sér í upphafi því sjálfur lenti hann í því að vera sendur hingað til Íslands í seinni heimsstyrjöld. Hann fullyrti að Ísland hefði bjargað sér, því hann var þjálfaður kafbátahermaður og allir hans vinir létust í stríðinu."

> Friðrik Þór er í raun bara frábær manneskja og hefur einstakt lag á að sjá það fallega í fólki og virkja það. Hann hefur líka minna egó en margur kvikmyndagerðarmaðurinn.

Á ferð og flakki

Guðrún Edda og eiginmaður hennar, Davíð Kristján Pitt, eiga tvö börn en þau hafa einnig búið úti í tengslum við nám Davíðs í arkitektúr í gegnum tíðina. Það var hins vegar árið 1996 sem hún flutti heim eftir mastersnámið og við tóku ýmis störf hjá smærri kvikmyndafyrirtækjum hér í bæ. Í gegnum eitt slíkt starf, kynntist hún Friðriki Þór, fyrsta árið eftir að hún kemur heim. „Þarna fer ég í fyrsta skipti að vinna fyrir Friðrik og er framkvæmdastjóri Kvikmyndahátíðar í Reykjavík árið 1996. Ári síðar vinn ég sem verkefnastjóri fyrir Kvikmyndasjóð Íslands. Á þessum árum eignast ég líka fyrsta barn mitt, dóttur mína Melkorku, eða árið 1997 og þegar hún er tveggja ára höldum við aftur út til Bretlands þar sem Davíð fer í meira nám í arkitektúrnum og ég fer í nám hjá British Film Institute í kvikmyndafræðum." Guðrún Edda og Davíð snúa aftur heim til Íslands árið 2000 og fer Guðrún Edda þá að aðstoða Friðrik við kvikmyndahátíðina sem þá var.

Dýrmæt reynsla frá RÚV

„Um þetta leiti fæ ég svo símtal sem leiddi mig á skemmtilegar slóðir en Laufey Guðjónsdóttir, sem þá var yfir erlendri dagskrárdeild á Ríkissjónvarpinu býður mér að koma og vinna með sér og það var frábær og lærdómsríkur tími. Þar vann ég við innkaup á öllu erlendu efni, allt frá sjónvarpsþáttum og upp í kvikmyndir. RÚV er hinsvegar gamalgróin stofnun með takmarkað fjármagn þannig að maður gat ekki leyft sér að gera allt sem maður hefði viljað gera. En við komum þó ýmissi nýbreytni á, eins og að bjóða alltaf upp á hágæða alþjóðlegar kvikmyndir á sunnudagskvöldum . Og við reyndum að kaupa inn svolítið af áhugaverðum heimildarmyndum." Laufey var ráðin til að vera yfir Kvikmyndamiðstöð Íslands árið 2003 og þangað fylgdi Guðrún Edda henni og varð þar deildarstjóri yfir erlendri kynningadeild.

Guðrún Edda á því, ólíkt mörgum kvikmyndaframleiðendum, afar breiða reynslu að baki í því að velja efni og hefur einnig góða þekkingu frá Kvikmyndamiðstöð í því að eiga í samskiptum við bransann hinum megin við hafið. „Það hefur til dæmis vera frábær skóli að vinna við kvikmyndahátíðir og mjög menntandi því þar sér maður nýjar víddir og lærir að öðlast smekk fyrir öðruvísi kvikmyndagerð en þessari dæmigerðu amerísku. Á RÚV lærði ég svo mikið í því að ná tengslum og eiga í samskiptum og það er það sem er svo mikilvægt í þessum kvikmyndaheimi hefur mér fundist – mannleg samskiptahæfni."

Jákvæðni hjálpar

Snýst þá kvikmyndageirinn að megninu til um mannleg samskipti? „Svolítið mikið, já. Sérstaklega ef fólk er í framleiðslu. Þetta er viss samskiptamáti við fólk í þessum bransa, þau rista kannski ekki djúpt en eru mjög fín og það hjálpar afskaplega mikið að eiga auðvelt með þau. Friðrik Þór er búinn að ryðja mikla braut hvað varðar þessa samskiptalist – á Norðurlöndum og í Evrópu. Hann byrjaði mjög snemma til dæmis að fá með sér meðframleiðendur og tengja okkur þannig við fólk í útlöndum. Hann hefur þetta næmi sem mér finnst aðrir ekki endilega hafa. Það vita fáir hve ótrúleg sambönd maðurinn hefur og netið sem er í kringum hann." Guðrún Edda ber sjálf með sér að vera afar jákvæð og fas hennar einkennist

af því að veita umhverfi sínu og fólki sem hún hittir áhuga. „Jú, það getur vel verið að ég sé jákvæð. Maður þarf heilmikið af henni í því sem maður er að gera, að hafa trú á að hlutirnir geti gerst.“

Hlutirnir gerast

Árið 2007 ákveður Davíð að fara aftur út til London í meira nám í sjálfbærum arkitektur og þá ákveður Guðrún Edda að hætta að vinna hjá Kvikmyndamiðstöð og einbeita sér að eigin verkefnum og fer þá meðal annars að vinna að Sveitabrúðkaupi með Valdísi Óskarsdóttur. Sveitabrúðkaup var sérstakt fyrir þá parta að Guðrúnu Eddu tókst að fá einkafjármagn hjá fólki sem var tilbúið að trúa á verkefnið. „Þetta voru mágkona mín Anna María Pitt og eiginmaður hennar Elfar Aðalsteinsson, Steingrímur Wernersson og Ragnar Þórisson og er það ein fyrsta kvikmyndin í fullri lengd sem framleidd er nánast að fullu með einkafjármagni án styrkja frá Kvikmyndasjóði – en styrkur þaðan kom einungis í formi eftirástyrks.“

Matráðurinn Áslaug Snorra heldur hópnum saman

Davíð og Guðrún Edda komu heim frá Bretlandi síðasta sumar. Sveitabrúðkaup var frumsýnd við heimkomuna og Guðrún Edda fór að vinna með Friðriki sem framleiðandi að kvikmynd hans Mömmu Gógó. „Friðrik var þá kominn mjög langt með fjármögnunina, var búinn að fá með sér góða meðframleiðendur. En jú, jú auðvitað snýst framleiðsla um meira en að finna pening. Það er til að mynda mikil vinna að raða saman rétta fólkinu við vinnslu myndarinnar. Ég tel að það hafi tekist mjög vel með Mömmu Gógó. Andinn á settinu hefur verið frábær og tel ég að Áslaug Snorradóttir matráður, ljósmyndari og lífskúnstner eigi stóran þátt í því með geggjuðum mat og jákvæðri nærveru.“

Ari og Friðrik vinna saman á ný

Ari Kristinsson kvikmyndatökumaður og Friðrik vinna í fyrsta skipti saman að mynd frá því að Djöflaeyjan var mynduð og Guðrún Edda segir þeirra samvinnu einstaka. Helga I. Stefánsdóttir er yfir búningum og Árni Páll Jóhannsson yfir leikmyndinni. „Það er mikil kúnst að hafa auga fyrir því hvernig fólk passar saman í vinnu á setti og Friðrik hefur gott auga fyrir því. Hann er í raun bara frábær manneskja og hefur einstakt lag á að sjá það fallega í fólki og virkja það. Þannig nær hann til leikaranna og á samstarf við þá sem ég sé fáa geta. Hann hefur líka minna egó en margur kvikmyndagerðarmaðurinn. Hann er allur í félagsmálum og að vinna fyrir fagið.“ Margir halda að vinna framleiðandans sé þannig að þeir dvelji á tökustað þær vikur sem myndin er tekin og svo búið. „Þannig er það hinsvegar alls ekki. Þetta er bæði mikil forvinna, oft margra ára, við að finna fjármagn og svo eftirvinna. Finna þarf söluaðila til að selja myndina áfram og þetta er í raun sjaldnast búið. Myndin fylgir manni alla tíð.“

Ástarsenur úr ´79 af stöðinni

Einungis nokkrir dagar eru eftir af tökum á Mömmu Gógó, í júní, til að ná fegurð landsins. „Við stefnum að því að frumsýna í september, allra helst á afmælisdegi móður Friðriks, 8. september. Við sjáum hvernig það mun ganga. Myndin er jú byggð á hans eigin reynslu þegar móðir hans greindist með alzheimer-sjúkdóminn.“ Helstu leikarar eru Kristbjörg Kjeld, Hilmir Snær Guðnason og Gunnar Eyjólfsson en Kristbjörg og Gunnar rifja upp gamla takta í ástarmótleik og notaðar verða gamlar ástarsenur úr ´79 af stöðinni. „Við notum þær til að sýna þau þar sem þau rifja upp þegar þau voru ung. Myndirnar tvær kallast þannig skemmtilega á sem kemur ótrúlega fallega út.“

Friðrik Þór stjórnar sjónvarpsþáttaröð

Guðrún Edda rekur eigið framleiðslufyrirtæki, Duo, sem var eitt af framleiðslufyrirtækjum Sveitabrúðkaups. Á borðinu eru einnig verkefni sem tengjast fjölskyldu hennar en hún er að framleiða dansstuttmynd með móður sinni og á döfinni er að gera teiknimynd með bróðurnum, Sigurði Orra, sem útskrifaðist úr Listaháskólanum fyrir þremur árum síðan. Í janúar stofnuðu hún og Friðrik Þór svo fyrirtækið Hughrif (Spellbound Productions). Undir þeirra væng eru þrjár kvikmyndir í bígerð og sjónvarpsþáttasería. Ein af þeim myndum er Stormur sem Óskar Jónasson leikstýrir og byggð er á bók Einars Kárasonar. „Myndin hefur þessa undirliggjandi kímni og kaldhæðni sem hentar Óskari mjög vel. Hún fjallar svolítið um baráttu menningarinnar við markaðsöflin. Sjónvarpsþáttunum mun Friðrik Þór svo sjálfur leikstýra en þeir eru byggðir á bók Árna Þórarinssonar; Tíma nornarinnar.“ Guðrún Edda segir að sjónvarpsstöðvar erlendis séu strax farnar að sýna þáttunum áhuga en þau vonast til að geta tekið upp þættina í lok árs. „Það er svona svolítið film noir-stemning í þáttunum og auðvitað mjög gaman að vinna með svona góðan krimma, sem var einmitt tilnefndur til íslensku bókmenntaverðlaunanna og hefur verið seldur til tólf landa og fengið frábæra dóma erlendis.“

Heimildarmyndahátíð í haust

Og verkefnin eru ekki alveg upptalin því Guðrún er framkvæmdastjóri Nordisk Panorama heimildamyndahátíðarinnar sem haldin verður í fjórða skipti hér á landi í september en hátíðin á tuttugu ára sögu. „Eftir hrunið er auðvitað mjög erfitt að finna fjármagn en við ætlum að taka íslenska háttinn á þetta og reyna að halda flotta hátíð sem þarf ekki að kosta mikið. Ég hef fulla trú á að það takist. Ég er með frábæran meðstjórnanda, Þóru Gunnarsdóttir, og við ætlum að gera þetta á skapandi og skemmtilegan hátt.“ Að lokum er ekki úr vegi að spyrja hvernig það sé að vera kona í kvikmyndaheiminum? “Við lendum oft í því að vera í einhvers konar stuðningshlutverki þar. Kannski er það móðureðlið í okkur. Ég er hinsvegar ekki í þannig stöðu sem framleiðandi. En ég veit ekki afhverju hlutunum hættir til að þróast í þá átt – getur verið að við séum ekki með jafn stór egó og karlmennirnir oft? Jú, ætli það ekki bara.“

➜ GUÐRÚN EDDA Í HNOTSKURN

Draumabók til að kvikmynda? Erfitt að segja en Grettis saga kemur fyrst upp í hugann. Grettir er svo mikil andhetja og heillandi.

Eftirlætis kvikmyndin fyrr og síðar? Ein kvikmynd hefur alltaf setið í mér og heitir In the Mood for Love eftir Kar Wai Wong.

Hvað veitir þér innblástur? Það veitir mér innblástur að fara út á land og upplifa náttúruna og víddirnar í fegurðinni. Abstrakt danssýning er mér líka mikill innblástur Og góð bók, að sjálfsögðu og áhugavert fólk. Myndlist og tónlist heillar mig líka alltaf.

Eftirlætis íslenska kvikmyndin sem hingað til hefur verið framleidd? Börn náttúrunnar. Hún er svo frábært lítið listaverk.

Draumaleikarinn? Steve Buscemi er alltaf brilljant.

Kynntu þér úrræðin

KAUPÞING

Starfsfólk **Kaupþings** aðstoðar þig við allt sem tengist fjármálum heimilisins og breyttum aðstæðum og leitar hentugra úrræða fyrir þig.

- Heimilisbókhald
- Úrræði í greiðsluerfiðleikum
- Stöðumat
- Sparnaðarleiðir
- Netdreifing/útgjaldadreifing
- Lífeyris- og tryggingamál

Kynntu þér málin á **www.kaupthing.is**, hafðu samband í síma **444-7000** eða komdu við í næsta útibúi **Kaupþings**.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

998

N.F SJÓBLEIKJUFLÖK BEINLAUS M/ROÐI
998 kr./kg.

1298

N.F TERYAKI KRYDDUÐ SJÓBLEIKJA
1298 kr./kg.

2998

TVÆR FROSNAR UNGNAUTA T-BONE STEIKUR
2 X 450g 2998 kr. FRÁ HOLLANDI

4998

FJÓRAR FROSNAR KÁLFA T-BONE STEIKUR
4 X 300g 4998 kr. FRÁ HOLLANDI

398

FLÚÐAMOLD 20 LTR. 398 kr.

398

GLÆÐIR
BLÓMAÁBURÐUR
1 LTR 398 kr.

FYRIR GRÓÐURINN OG GRASIÐ Í GARÐINUM

KALKÞÖRUNGAR GRASBÆTIR
EYÐIR MOSA
5 kg 1298 kr. 10 kg FATA 1998 kr.

1998

498

WC PAPPÍR 18 RÚLLUR 498 kr.
ELDHÚSRÚLLUR 6 RÚLLUR 498 kr.

219

BÓNUS SNAKK 160G 219 kr.
AÐEINS 20-25g AF FITU. ENGIN HERT FITA

179

MYLLU HEIMILISBRAUÐ
770G 179 kr.

98

COKE LIGHT
1 LTR.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

VISA

OPIÐ: LAUGARD: 10:00-18:00 SUNNUD: 12:00-18:00

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

20 ára BÓNUS 1989 - 2009

1359

KS HRYGGUR Í SNEIÐUM **1359 kr./kg.**

1359

KS LÆRI Í SNEIÐUM **1359 kr./kg.**

698

FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR **698 kr./kg.**

1078

KS FROSIÐ LAMBALÆRI
1078 kr./kg.

KS FROSIN LAMBASVIÐ
298 kr./kg.

298

1498

KJÖRFUGL FERSKAR KJÚLKLINGABRINGUR **1498 kr./kg.**

1198

HOLLENSKAR FROSNAR GRÍSALUNDIR
1198 kr./kg.

398

FERSKIR GRILLBORGARAR 4 STK MEÐ BRAUÐI
398 kr.

98

COKE 1 LTR.

NÝ BAKAÐ

ALLTAF NÝBAKAÐ
Í BÓNUS
KORNKUBBAR 4 STK **198 kr.**
MJÚKAR KRINGLUR 4 STK **198 kr.**
KLEINUHRINGIR 2 STK **198 kr.**
KARAMELLU OG SÚKKULAÐI.

79

FRISSI FRÍSKI 1 LTR
79 kr.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

VISA

OPIÐ: LAUGARD: 10:00-18:00 **SUNNUD:** 12:00-18:00

Þegar eignarréttinum er ógnað

Víða um heim er rétturinn til hústöku talinn eðlilegur og jafnvel bundinn í lög. Blómleg samfélög hafa sprottið upp þar sem hústökufólk hefur komið sér fyrir og sums staðar er um heil hverfi að ræða. *Kolbeinn Óttarsson Proppé* kynnir sér hústöku.

KRISTJANÍA Frægasta hverfi hústökufólks er án efa Kristjanía. Hverfið er annar vinsælasti viðkomustaður ferðamanna í Kaupmannahöfn, aðeins Tívolí er vinsælla. Nú ásælast yfirvöld landið sem Kristjanía stendur á enda er það gríðarlega verðmætt byggingarland. Myndin er frá 34 ára afmæli hverfisins sem haldið var 2005. NORDIC PHOTOS/AFP

Víða um heim má finna blómleg hverfi sem byggst hafa upp þegar fólk hefur komið sér fyrir í ónýttum húsum í eigu annarra. Sennilega er Kristjanía í Kaupmannahöfn frægasta dæmið, en þar hefur hústökufólk búið í bráðum fjörutíu ár á yfirgefnu landsvæði danska flotans.

Í öllum stórborgum heimsins er að finna fólk sem býr í húsnæði sem það á ekki og hefur ekki leyfi fyrir. Það gildir um allar hinar byggðu heimsálfur. Fyrir flestum er það sár neyð sem rekur fólk til að koma sér fyrir í niðurníddum húsum annarra, eða klambra saman skýlum á lóðum sem það á ekki. Á Vesturlöndum – og jafnvel víðar – er hins vegar að finna hreyfingu fólks sem lítur á hústöku sem lífsstíl. Þetta fólk, sem kallast á ensku squatters, telur þannig að nýta beri húsnæði sem þegar er til staðar frekar en að reisa nýtt húsnæði og bæta þannig við ört vaxandi þéttbýlisstaði heimsins.

Samtök hústökufólks

Á Bretlandi er skipulögð hreyfing um þessa leið til lífs. Hreyfingin veitir nýju hústökufólki leiðbeiningar um hvernig er best að haga hústökunni. Þá hefur hún gefið út svokallaða lögfræðilega viðvörun sem allir hústökumenn er hvattir til að hengja upp á útihurðina. Tilkynningin hefst svo: „Hér með tilkynnist að við búum hér, þetta er heimili okkar og við hyggjum á áframhaldandi dvöl."

Eigendur húsa í Bretlandi þurfa að leita til dómstóla hyggist þeir koma hústökufólkinu út. Sakamálalöggjöfin nær ekki yfir hústöku og eigendur verða því að höfða einkamál. Mikilvæg undantekning á þessu er að séu einhver merki um að fólk hafi þvingað sér leið inn í húsin, getur lögreglan vísað því út.

Hafi fólkið hins vegar flust inn á löglegum forsendum þarf eigandinn að sanna að hann hafi löglegan rétt til heimilis í húsinu, en hústökufólkið ekki. Til að lögum sé fullnægt verður hústökufólkið að hafa lykla að húsinu, lásar að virka og gluggar mega ekki vera brotnir. Lagaferlið getur tekið mánuði og jafnvel ár. Raunin er sú að einkaaðilar nýta sér frekar aðrar aðferðir við að tæma húsin; beita hótunum eða borga hústökufólkinu fyrir að hverfa á braut. Það er því yfirleitt hið opinbera sem stendur í slíkum málaferlum.

Árið 2003 var áætlað að fjöldi hústökufólks í Englandi og Wales væri um 15.000.

Lögleg hústaka

Fáir hafa gengið jafnlangt í að viðurkenna rétt til hústöku og Hollendingar. Hafi hús staðið autt í eitt ár og eigandinn hafi ekki brýna þörf fyrir að nota húsið má hver sem er nýta sér húsið til eigin nota. Brýn þörf eigenda telst til dæmis leigusamningur sem tekur fljótlega gildi. Hér gildir þó það sama og í Bretlandi; það má ekki þvinga sér leið inn í húsið.

Hústökufólk sendir oftar en ekki eiganda byggingarinnar bréf og býður lögreglu til að skoða húsakynnin. Sé í þeim rúm, stóll og borð og þeim læst með lási sem hústökufólkið hefur lykil að teljast þau heimili hústökufólksins.

Hæstiréttur Hollands úrskurðaði árið 1971 að lögvernduð friðhelgi heimilisins gilti einnig um hústökufólk. Því þyrfti leyfi þess til að fara inn í húsin. Árið 1994 var það sett í lög að hús þyrftu að hafa staðið auð í tólf mánuði til að hægt væri að flytja inn í þau.

Land hústökufólksins

Þeir sem gagnrýna hústökufólk gera það á þeim forsendum að verið sé að nýta sér eignir annarra. Verið sé að brjóta á eignaréttinum, sem er heilagur í vestrænu samfélagi. Fylgjendur hústöku horfa hins vegar frekar á nýtingarréttinn, á að það sé skylda þeirra sem eiga eignir að nýta þeir samfélaginu til góða. Þá er oftar en ekki um hreina neyð að ræða og þar ræður neyðarrétturinn. Allir eigi rétt til mannsæmandi lífs og þeir sem ekki hafi ráð á því á öðrum forsendum verði að gerast hústökufólk.

Þeir sem líta á hústöku sem lífsstíl sem er ekki í takt við það sem gengur og gerist í samfélaginu benda gjarnan á að vestræn samfélög séu reist á ránum og ofbeldi. Auður þeirra sem eignirnar eiga sé reistur á kúgun á þeim undirokuðu.

Hústökufólk bendir gjarnan á Bandaríkin, þar sé að finna heilt samfélag sem reist sé á hústöku, eða landtöku. Evrópubúar hafi komið til samfélags sem fyrir var og lagt það undir sig með ofbeldi. Hrifsað landið af þeim sem fyrir voru. Það skjóti því skökku við að amast við friðsamlegri yfirtöku húsa sem ekki eru í neinni notkun.

Andstaða stjórnvalda við hústöku er að einhverjum hluta byggð á hræðslu við aðra samfélagsgerð. Hústökufólk stendur utan samfélagsins að miklu leyti, nýtir ekki vatns-, rafmagns- og skólplagnir. Þá hefur það sett spurningarmerki við þann rétt sem samfélag okkar styðst öðrum fremur við; eignaréttinn. Og ef viðurkennt er að hann sé ekki alltaf við líði þá fara menn að setja spurningarmerki við hann víðar. Það ruggi því bátnum að leyfa fólki að lifa utan hins skipulagða samfélags.

Frekar deyjum við standandi en að lifa lífinu á hnjánum!

Níundi áratugurinn var áratugur hústökufólksins umfram aðra. Um alla Evrópu varð hústaka lífsstíll, ungt fólk safnaðist saman og yfirtók auð hús og gerði að sínum. Í Kaupmannahöfn bar mikið á þessu, enda var mikill húsnæðisskortur þar um og upp úr 1980. Ungt fólk fór því að brjóta sér leið inn í auðar byggingar og gera að sínum. Athæfið fékk nokkra samúð hjá íbúum og fjölmiðlum, enda húsnæðisvandinn ærinn.

Borgaryfirvöld höfðu hins vegar litla þolinmæði með þessu og árið 1982 skarst í odda þegar ungt fólk yfirtók yfirgefið hús. Þegar lögreglan kom á svæðið neitaði fólkið að fara og varðist. Múrsteinum og ýmsu lauslegu var kastað í lögregluna, þar með talið klósetti sem síðar þótti táknrænn gjörningur. Þessi atburður þótti marka þáttaskil, friðsamlegri hústöku var lokið og fólk var reiðubúið til baráttu.

Unga fólkið hafði krafist þess í mörg ár að fá hús fyrir félagsstarfsemi sína, hús sem það réði sjálft yfir og hefði fulla stjórn á. Borgarstjórn neitaði, en árið 1982 fékk unga fólkið yfirráð yfir Ungdomshuset við Jagtvej. Það komst síðan í fréttir árið 2007 þegar unga fólkið var rekið úr því, þó ekki átakalaust.

UNGDOMSHUSET Borgaryfirvöld í Kaupmannahöfn létu ungu fólki Ungdomshuset í té árið 1982 en þá urðu þáttaskil þegar hústökufólk tókst á við lögreglu. Árið 1986 urðu níu daga óeirðir og umsátursástand við Ryesgade. Myndin sýnir óeirðir þegar ungt fólk var rekið úr Ungdomshuset árið 2007. NORDICPHOTOS/AFP

Ungdomshuset tók hins vegar ekki á húsnæðisvandanum og fólk hélt því áfram að koma sér fyrir í tómum húsum. Oftar en ekki kom til átaka við lögreglu og fólk þurfti að yfirgefa húsin. Árið 1986 hafði fólk komið sér fyrir við Ryesgade 58. Það var vel skipulagt heimili fjölda manna. Fólkið náði samningum við eigendur hússins um að fá að vera þar í friði. Eigandinn var hins vegar undirstofnun borgarinnar og þurfti samþykki borgarstjórnar, sem fékkst ekki.

Borgaryfirvöld lýstu því yfir að þetta væri ólöglegt og lýstu yfir útburði 14. september. Áður en af honum varð kom fjöldi fólks sér fyrir í húsinu, eftir fjölmenna mótmælagöngu. Við tók níu daga barátta undir slagorðinu: „Frekar að deyja standandi en lifa lífinu á hnjánum."

Átökin voru hörð. Lögregla sótti að með fjölmennt lið, en um 600 lögregluþjónar stóðu vörð um húsið. Hústökufólk kastaði öllu lauslegu að lögreglu og henti út molotov-kokkteilum. Fólkið fékk aðstoð nágranna sem létu vita um ferðir lögreglunnar. Hún hopaði því og við tók umsátur. Á meðan endurskipulagði lögreglan sig og fékk liðsauka hvaðanæva af landinu.

Sáttaumleitanir tókust ekki og borgarstjórn harðneitaði að láta nokkuð undan. Þess í stað var lögreglan vígbúin, brynvarinn bíll fenginn frá hernum og hluti liðs vopnaður með vélbyssum. Gera átti allsherjar áhlaup og reka fólkið út.

Fréttir um þetta bárust til hústökufólksins og ljóst var að þetta yrði algjört blóðbað. Aðfaranótt 23. september laumaði það sér burt í mörgum smærri hópum. Þegar lögreglan kom daginn eftir greip hún því í tómt; allir voru farnir.

Lítt þekkt á Íslandi

ÓLÍK VIÐHORF Fulltrúi anarkista mætir fulltrúa laga og reglu við hústökuna á Vatnsstíg. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Hústaka er lítið þekkt hér á landi. Helst er að horfa til kommúna hippanna, en eignarhald þeirra var ekki endilega alltaf á hreinu. Hústaka, líkt og hún þekktist í Evrópu, varð hins vegar ekki þekkt hér.

Húsnæðisskortur hefur ekki verið það mikill hér að fólk hafi þurft að halda til í auðum húsum nema í sárri neyð. Það hefur þá ekki auglýst veru sína í þeim heldur þvert á móti, laumast með veggjum. Hústakan á Vatnsstígnum fyrir skemmstu var af allt öðrum toga. Hún var klár pólitísk aðgerð þar sem réttur verktaka til að eiga hús og láta grotna niður í miðbænum var véfengdur og réttur fólks til að búa sér til mannlíf eftir eigin höfði var í hávegum hafður.

Óljóst er hvort upp er sprottin hreyfing af sama meiði og sést erlendis, en pólitísku skilaboðin eru af sama toga.

KALDIR DAGAR

Kæliskápar, frystiskápar og frystikistur á FRÁBÆRU TILBOÐI

TAKMARKAÐ MAGN

Whirlpool · Bauknecht · BEKO · SEVERIN · INDESIT · EUROLINE · scan domestic

VERÐDÆMI

Scancool SB105
86sm og 95 lítra
FRYSTIKISTA

Tilboð 39.995
Fullt verð 56.995

VERÐDÆMI

Scancool SKS260
144sm KÆLISKÁPUR
með 250 lítra kæli

Tilboð 64.995
Fullt verð 72.995

VERÐDÆMI

Euroline C340
187sm KÆLISKÁPUR
með 90 lítra frysti

Tilboð 89.995
Fullt verð 99.995

VERÐDÆMI

Whirlpool ARC1699
179sm KÆLISKÁPUR
með 375 lítra kæli

Tilboð 99.995
Fullt verð 119.995

VERÐDÆMI

Indesit BAAN13PX
188sm KÆLISKÁPUR
með 93 lítra frysti

Tilboð 109.995
Fullt verð 139.995

STÁL

VERÐDÆMI

Whirlpool ARC7474
189sm KÆLISKÁPUR
með 72 lítra frysti

Tilboð 129.995
Fullt verð 149.995

NO FROST

Einnig útlitsgallaðir kæliskápar með miklum afslætti!

Whirlpool

ALLAR STÆRÐIR
ALLAR GERÐIR

Heimilistæki
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT www.ht.is

REYKJAVÍK	AKUREYRI	HÚSAVÍK	SELFOSS
SUÐURLANDSBRAUT 26	GLERÁRGÖTU 36	GARÐARSBRAUT 18A	EYRARVEGI 21
SÍMI 569 1500	460 3380	464 1600	480 3700

37
MILLJÓNIR

SJÓÐANDI
HEITUR
SUMARPOTTUR

Nú er Lottópotturinn fimmfaldur og stefnir fyrsti vinningur
í **37 milljónir**. Veðjaðu á vinning og vertu með.

FARÐU Á NÆSTA SÖLUSTAÐ EÐA Á WWW.LOTTO.IS OG FÁÐU ÞÉR MIÐA

Karlarnir eru að skíttapa

Katrínu Jónsdóttur, fyrirliða landsliðsins í knattpyrnu og Íslandsmeistara Vals, þykir Jóhanna Guðrún frábær söngkona en Eurovisionlagið hennar leiðinlegt. **Gunnar Smári Egilsson** fjölmiðlamaður segir að mikið þyrfti að gerast til að hann gerði þarfir sínar í kjörklefa. *Kjartan Guðmundsson* ræddi um fótbolta, fjölgun kvenna á þingi og ýmislegt fleira við rökstólapar vikunnar.

SAMMÁLA Katrín og Gunnar Smári eru sammála um að það sé betra að fá útrás fyrir reiðina áður en maður endar á hækjum sér í kjörklefa. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Á RÖKSTÓLUM

Hvað vitið þið hvort um annað?

Katrín: Ég bjó erlendis í níu ár og það gerðist ansi margt á þeim tíma, þannig að ég hef afsökun fyrir fáfræðinni. Ég veit þó að þú varst forstjóri 365. En maðurinn minn veit allt um þig.

Gunnar Smári: Já, ég er svona karlakarl. En ég veit ekki neitt um þig. Ég hef ekkert fylgst með kvennaknattspyrnunni, en ég veit samt að þið eruð komnar á stórmót, er það ekki Evrópumótið? Svo spiluðuð þið vináttuleik við Holland um daginn.

Katrín: Það er nú ágætt að maður sem fylgist ekki með kvennafótbolta viti þó þetta mikið.

Gunnar Smári: Ég fylgist ekki mikið með íþróttum lengur. Ég var vanur að fara á völlinn til að sjá KR spila, en ég held ekki einu sinni með Íslandi í fótbolta.

Katrín: Nú?

Gunnar Smári: Það er erfitt að tilheyra lítilli þjóð. Manni finnst stundum eins og maður beri ábyrgð á öllu sem Íslendingar gera, skammast sín ef forsætisráðherrann talar ekki nógu góða ensku og fleira í þeim dúr. Mér fannst ég þurfa að venja mig af þessari meðvirkni og notaði karlalandsliðið til þess. Liðið spilaði alltaf leiðinlegan fótbolta og hékk stanslaust í vörn, þannig að það snertir mig ekki mikið þótt það tapi.

Katrín: Já, þeim hefur gengið misvel en ég held samt alltaf með þeim. Mér sýnist leikur þeirra hafa batnað með nýjum þjálfara. Það er meiri gleði í spilamennskunni.

Gunnar Smári: Ég held að áhugi almennings á kvennalandsliðinu muni kvikna fyrir alvöru þegar þið farið að keppa við alvöru þjóðir. Fótboltinn verður betri en margir gera sér almennt í hugarlund, og þið sláið í gegn. Nema auðvitað að þið tapið öllum leikjunum.

Valsarar eru líka fólk

Nú ættuð þið samkvæmt öllum reglum að vera erkifjendur, KR-ingur og Valsari?

Katrín: Það er oft talað um stórveldin tvö í Reykjavík, KR og Val. En KR er bara lið, rétt eins og við erum lið. KR hefur verið erkióvinurinn síðustu árin, en ég hef ekkert á móti félaginu. Alls ekki neitt.

Gunnar Smári: Valsarar eru líka fólk. Bróðir minn heldur því reyndar stundum fram að hann hati Val meira en hann elski KR, en hann er nú held ég ekki alveg með fúlle femm.

Katrín: Þetta er samt ansi góð setning hjá bróður þínum.

Gunnar Smári: Svo er líka hægt að elska KR og hata KR á sama tíma. Þá er ekkert pláss fyrir nein önnur lið, þau eru bara „hinir“. Auðvitað ber maður mun meiri taugar til sinnar eigin fjölskyldu en einhverrar fjölskyldu á Djúpavogi.

Nauðsynlegt að losa um spennu

Sáuð þið myndbandsupptökuna af „kjörklefakúkaranum“ svokallaða, óánægða kjósandanum sem gerði þarfir sínar á gólfið í kjörklefanum í kosningunum?

Gunnar Smári: Nei, ég ýtti ekki á play á upptökunni á netinu. Mér finnst þetta svolítið eins og að rífa upp dyrnar á klósettinu þegar aðrir eru að kúka.

Katrín: Vinnufélagar mínir voru að ræða um þetta atvik, en mig langar ekkert til að sjá þetta. Maðurinn minn trúir reyndar ekki að þetta hafi gerst, því hann er á þeirri skoðun að konur kúki hvorki né prumpi. En mér finnst þetta bara ógeðslegt.

Gunnar Smári. Ég hef svo sem enga skoðun á þessu, en þetta hefur örugglega verið Valsari!

Katrín: Ég ætla nú rétt að vona að svo sé ekki.

Gunnar Smári: Það þyrfti eitthvað mikið að ganga á til að ég myndi grípa til svona ráða. Ég er raunar mjög lélegur í öllu svona andófi. Ég kann ekki að vera reiður með öllum hinum. Þegar allir aðrir eru brjálaðir, þá rennur mér reiðin. Ég losa mig við innbyrgða gremju með því að skrifa.

Katrín: Fótboltinn er einmitt ágætis aðferð til að fá útrás. Að sjálfsögðu er bráðnauðsynlegt að losa sig við svona spennu.

Gunnar Smári: Einmitt. Annars endar maður á hækjum sér í kjörklefa, og ekki vill maður enda þar!

Rökstólaparið hlær dátt að þessum vangaveltum.

Meiri kröfur gerðar til kvenna

Enn af nýafstöðnum alþingiskosningum. Nú hafa aldrei fleiri konur verið á þingi. Er það ekki bara hið besta mál?

Gunnar Smári: Þetta eru mjög merkilegir tímar sem við lifum á, og þessar breytingar eru það merkilegasta sem við munum nokkurn tíma verða vitni að. Tíminn sem breytingar hafa átt sér stað á er svo örskammur, og stigmögnunin svo gríðarleg.

Katrín: Já, það er alveg hárrétt.

Gunnar Smári: Hlutfall kvenna á Alþingi hefur risið úr því að vera um það bil fimm prósent á áttunda áratugnum upp í 44 prósent nú. Eins er með fjölda kvenkyns háskólanemenda, sem hefur farið úr þriðjungi prósentum upp í sjötíu prósent á tíu eða tuttugu árum. Ég segi oft í gamni við son minn að við hvítu karlmennirnir höfum haldið yfirráðum yfir jörðinni í þúsundir ára, en svo tekur ekki nema eina kynslóð að glutra þeim yfirráðum niður. Karlarnir eru að skíttapa, eins og Sjálfstæðisflokkurinn. Þetta er verulega merkileg þjóðfélagsbylting.

Katrín: Breytingarnar hafa orðið mjög miklar á skömmum tíma. En samt finnst mér alveg magnað hvað það er alltaf verið að tala um þetta. Ég er ekkert brjálaður femínisti. Ég er á þeirri skoðun að það skipti ekki nokkru máli hvort það eru 63 konur á Alþingi eða engin. Það eina sem skiptir máli er að hæfasta fólkið veljist á þing. Punktur. Kynjakvótinn fer til að mynda alveg ótrúlega mikið í taugarnar á mér.

> Gunnar Smári: Valsarar eru líka fólk. Bróðir minn heldur því reyndar stundum fram að hann hati Val meira en hann elski KR, en hann er nú held ég ekki alveg með fúlle femm. Katrín: Þetta er samt ansi góð setning hjá bróður þínum.

Gunnar Smári: Ég er ekki hlynntur kynjakvóta heldur. En samt er það þannig að það er nauðsynlegt að brjóta upp ákveðna hópa þar sem karlar hafa verið ríkjandi. Í slíkum hópi fer margt fram sem konur átta sig alls ekkert á, því málin eru afgreidd með karlaaðferðum, í veiðikofum eða einhverju slíku. Það skiptir máli fyrir samfélagið að brjóta þessa hópa aðeins upp til að svona mismunum eigi sér ekki stað. Enda sýnir það sig að þegar brestir myndast í þessa veggi, þá fylgir flóðgátt í kjölfarið.

Katrín: Fjölgun kvenna á Alþingi getur verið bæði jákvæð og neikvæð. Konur eru yfirleit varkárari en karlar, sem getur verið kostur og galli. En að maður skuli fá eitthvað eingöngu vegna þess að maður er kvenkyns er óþolandi. Til dæmis er afar pirrandi hvað við megum lítið gera í fótboltanum. Dómarinn dæmir oft á brot í kvennaleikjum sem aldrei yrði flautað á hjá körlunum.

Gunnar Smári: Já, það eru gerðar meiri kröfur til kvenna í þessu tilliti. Það er alltaf verið að tala um virðingu fyrir Alþingi, og ég held að fjölgun kvenna leiði til þess að fólki finnist sú virðing minnka. Ástæða þess er sú að hugmyndir okkar um virðingu eru bundnar gamla feðraveldinu. Það er borin virðing fyrir Frímúrareglunni og svona drasli (bendir á fornar bækur og ríkmannlega innanstokksmuni á barnum á Hótel Holti). Þess vegna eigum við ekki að kvarta yfir því að virðing fyrir Alþingi sé að hrynja heldur fagna því. Alþingi þarf að verða opnara, virkara og eðlilegra. Við þurfum ekki að bera virðingu fyrir Alþingi, og eigum ekki að gera það.

Fúlir og fyndnir lýsendur

Á Jóhanna Guðrún eftir að leggja Evrópu að fótum sér í Moskvu?

Katrín: Hún Jóhanna Guðrún er frábær söngkona en þetta lag er ekki skemmtilegt. Mögulega hef ég heyrt það aðeins of oft því það er í stöðugri spilun á Bylgjunni. Ég hafði mikinn áhuga á þessari keppni þegar ég var yngri og var þá með allar helstu upplýsingar um lög og flytjendur á tæru, en áhuginn hefur minnkað með árunum.

Gunnar Smári: Ég fylgist stundum með stigagjöfinni í Eurovision, en hef ekki þrek í að hlusta á lögin. Hefur það nokkur, nema kannski Páll Óskar og einhver finnskur hommi sem er fluttur til landsins?

Katrín: Það er greinilegt að áhugi þjóðarinnar á keppninni hefur dvínað aðeins, en hann er samt mikill miðað við flest önnur lönd. Áhuginn í Noregi, þar sem ég bjó lengi, var til dæmis ekki nærri því jafn mikill og hér.

Gunnar Smári: Það getur samt verið gaman að fylgjast með því hvað íslensku sjónvarpslýsendurnir eru rosalega tapsárir. Þegar fjórar eða fimm þjóðir hafa greitt atkvæði sín er oftast ljóst að Ísland mun ekki sigra, og þá verða þulirnir pirraðir, og svo stigmagnast það þar til í lokin að þeir eru orðnir alveg draugfúlir og hrakyrða allar helstu þjóðir heims.

Katrín: Já, Sigmar Guðmundsson, sem lýsti síðustu keppni, var til dæmis alveg brjálaður. Og svo hefjast samsæriskenningarnar um Austur-Evrópu og það allt.

Gunnar Smári: Það er bara vænisýki. Þetta er alveg eins og í fótboltanum; Þeir vinna sem langar mest að vinna og leggja mest í þetta. Reyndar skil ég ekki hvers vegna Ísland hefur ekki unnið enn, því okkur langar mikið til að vinna þessa keppni.

Katrín: Kannski er bara ágætt að við vinnum ekki. Í þessu ástandi er eflaust hægt að nýta peningana í eitthvað þarfara en að halda risastóra og rándýra keppni á Íslandi.

MegaStore®
Smáralind

Allar vörur eitt verð

259 kr.

259 kr.

259 kr.

Sýnishorn af úrvali

259 kr.

259 kr.

Verð gildir út maí

Every item one price **Wsztstko w jednes cenie**

MegaStore®
Smáralind www.megastore.is

Svartur sjór af fugli við Suðureyri

Metnaðarfull uppbygging í ferðamannaþjónustu er á Suðureyri við Súgandafjörð. Fyrirtækið Hvíldarklettur hefur fjárfest fyrir hundruð milljóna í 22 sérsmíðuðum bátum og gistiaðstöðu, en von er á hátt í tvö þúsund þýskum ferðamönnum sem mæta gagngert til að fara á sjóstöng. *Jakob Bjarnar Grétarsson* fór vestur og hitti þar fyrir veiðimann Íslands – sjálfan **Róbert Schmidt**.

RÓBERT MUNDAR BYSSUNA Á tíma komust bátverjar í fluglínu við svartfuglinn og þá sýndi meistaraskyttan Róbert úr hverju hann er gerður og tók eina fjóra eða fimm fugla á flugi. Þetta er við Aðalvík. FRÉTTABLAÐIÐ/ATLI

Innan veiðigeirans er talað um Vestfirði sem paradís skotveiðimannsins. Blaðamaður Fréttablaðsins ákvað að láta á þetta reyna og lagði land undir fót ásamt veiðifélögum sínum. Stefnt var á Suðureyri við Súgandafjörð. Með sjálfvirka haglabyssu í farangrinum. Hugmyndin var að skjóta svartfugl og reyna sig við sjóstöng. Það gaf góða von að leiðsögumaður er goðsögn í veiðimennskunni. Sjálfur Róbert Schmidt – fæddur Súgfirðingur. Og það verður að segjast að hann stóð undir væntingum og vel það.

Leiðangursmenn hittu á fyrirtaks veður og á flugvellinum á Ísafirði tók Róbert á móti hópnum, keyrði með hann um Vestfjarðagöngin. Um leið og hann sagði sposkur að göngin væru ein „dýrasta flóttaleið landsins," fræddi hann farþega sína um að þar hefðu fundist öflugar vatnslindir sem sköffuðu Ísfirðingum neysluvatn. Þeir máttu áður búa við vatn sem máfarnir gerðu sér að leik að skíta í. Svo var beygt til hægri og í Súgandafjörð. Ekki er nema tuttugu mínútna akstur á Suðureyri. Fjörðurinn skartaði sínu fegursta. Þarna ólst Róbert upp og varð snemma heltekinn af veiðum af kajak. Hann komst að því að komast mátti í dauðafæri við sjófugl þannig. Sautján ára var hann farinn að róa um fjörðinn öllum stundum og veiða fugl. Róbert gantaðist með að heimamenn fullyrtu að fuglalíf þar hefði braggast mjög eftir að hann flutti af staðnum. En fólk ætti ekki að hafa áhyggjur af hóflegum veiðum. Nóg er af sjófugli, hann er í milljónavís – og herramannsmatur. Róbert starfar hjá fyrirtækinu Hvíldarkletti, eða fisherman.is, og ber þann mikla titil sjóstangaveiðileiðsögumaður. Hvíldarklettur rekur hótelið og veitingastaðinn Talisman sem dregur nafn sitt af þilskipi frá Akureyri sem strandaði utan fjarðar árið 1922.

Svartfugl bætist við sjóstangveiðina

Meðal annars vegna krónuómyndarinnar búast margir við sprengju í ferðalögum innanlands. En þó fagurgali um ferðaþjónustu sé mikill þá eru sorglega fáir tilbúnir að taka á móti ferðamönnum eða hafa hugsað til þess að eitthvað þurfi við að vera. Þetta á ekki við um Súgfirðinga. Af miklum myndarskap hefur Hvíldarklettur komið upp glæsilegri aðstöðu til sjóstangveiða. Sérsmíðaðir bátar, 22 talsins, sem hver um sig kostar hátt í níu milljónir hafa verið keyptir. Um þá þarf að smíða hús og þá ekki síður ferðamennina sem væntanlegir eru. Á undanförnum árum hafa komið um tvö þúsund þýskir sjóstangveiðimenn til Suðureyrar. Þeir fyrstu eru væntanlegir um miðjan maí og er þegar búið að bóka um 1.800 þýska gesti. „Júní og júlí eru nokkuð þétt bókaðir," segir Róbert. „Síðustu viðskiptavinir okkar fara síðan í september en þá fer þeim verulega fækkandi enda langt liðið á haustið og daginn tekið að stytta og allra veðra von með haustlægðum."

En þýsku ferðamennirnir voru ekki hinum vonglöðu veiðimönnum efst í huga þegar þeir vöknuðu fyrir allar aldir næsta dag. Með í för voru Dúi Landmark kvikmyndagerðarmaður og Magðalena Einarsdóttir. Dúi er þaulvanur veiðimaður og hefur starfað um heim allan við gerð veiðimynda – einkum í Frakklandi. Hann var mættur til að gera kynningarmyndband fyrir Hvíldarklett. Menn skálmuðu niður á kæja með tæki og vistir. Dúi og Lena fóru með Guðmundi Svavarssyni á bát en Guðmundur er faðir Elíasar sem er framkvæmdastjóri Hvíldarkletts sem gerir út 11 báta frá Suðureyri og 11 frá Flateyri. Þeir Hvíldarklettsmenn hafa áhuga á að lengja ferðamannatímabilið og bjóða upp á ferðir á svartfugl en tímabilinu lýkur 10. maí. Aðeins kostar tuttugu þúsund að leigja bát yfir daginn en við bætist olía, gisting og leiðsögumaður ef vill.

Stórsnjallir og níðskir þýskir veiðimenn

Siglt var út spegilsléttan Súgandafjörð. Og voru menn ekki komnir nema rétt út í fjarðarmynnið þegar fyrstu fuglarnir tóku að birtast. Við stýrið var sjálfur veiðimaður Íslands, Róbert Schmidt, og það verður að segjast eins og er að á stundum heyrðust hlátrasköll inni í káetunni þegar veiðimennirnir voru að hitta illa. „Til hamingju," heyrðist þegar búið var að plaffa fimm skotum á einn fugl þá loks hann féll. En við tók tíu tíma veiðitúr og af báðum bátum voru heimtur um tvö hundruð fuglar sem telst ágætt. „Við veiddum svartfuglinn grunnt út af Skálvík, Deildinni og Galtarvita sem og við Aðalvíkina. Aflinn var blandaður álku og langvíu," segir Róbert. Svo ákafir voru skotveiðimennirnir að lítið var reynt við sjóstangveiðina. Og það er einmitt það sem dregur þýsku veiðimennina alla leið til Suðureyrar. Róbert ber þýsku veiðimönnunum vel söguna – þó aðsjálni þeirra sé við brugðið. Þeir koma með allan kost til landsins, jafnvel bjór og stundum lykta föggur þeirra af bjórsvækju eftir að einhver dósin hefur sprungið. En Róbert segir þá algera snillinga þegar sjóstöngin er annars vegar. Og mættu íslenskir veiðimenn margt af þeim læra. „Eins og flestir vita sem fylgjast með sjóstangaveiði hérlendis, þá er aðalmarkmið erlendra

MATSEÐILL A LA RÓBERT Á TALISMAN

LYSTAUKI:
Beykireyktur lundi með hindberjasósu, hunangsmelónu og ferskum rifsberjum.

FORRÉTTUR:
Heitreyktur dílaskarfur á salatblaði með sætri sojasósu, ferskum bláberjum og ristuðum furuhnetum.

MILLIRÉTTUR:
Beikonvafin stórlúða = Á spjóti í Mango Chutney marineringu með papriku og rauðlauk.

AÐALRÉTTUR:
Léttsteiktar langvíubringur með villisveppasósu, sykurgljáðum kartöflum og steiktu grænmeti.

EFTIRRÉTTUR:
Kaffi og koníak.

MEISTARASKYTTAN REYNDIST MEISTARAKOKKUR Stór hluti veiðimennskunnar er að kunna að njóta bráðarinnar og að kvöldi dags var efnt til meiriháttar villibráðarveislu á Talisman a la Róbert Schmidt.

DÚI FILMAR Dúi Landmark er þaulvanur veiðimaður auk þess að hafa gert fjölda veiðimynda. Hann var á staðnum og filmaði við kjöraðstæður.

STÍMT YFIR DJÚPIÐ Nokkuð gaf á bátinn þegar stímt var yfir Djúpið en þegar í Aðalvík var komið reyndist gott skjól frá fjöllunum.

KAPTEINN GUÐMUNDUR SVAVARSSON Hefur lagt gjörva hönd á uppbyggingarstarfið á Suðureyri og í mörg horn að líta. Sonur hans, Elías, er framkvæmdastjóri fyrirtækisins en Guðmundur er maðurinn á vettvangi.

fjölskyldan

[SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM FJÖLSKYLDUNA]

maí 2008

Barnaafmælið

Litríkt barnaafmæli við heimasmíðað langborð. SÍÐA 6



Listasöfn

Börn eru skemmtilegir og áhugasamir gestir listasafna. SÍÐA 2

Mótorhjólabörn
Sólveig, Sigrún og Freyr.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Öll fjölskyldan á mótorhjólum

Hjónin Sigurlaug Jónasdóttir og Torfi Hjálmarsson búa við þann lúxus að þurfa aldrei að glíma við unglingana sína um það hvað eigi að gera í sumarfríinu. Öll fjölskyldan er á kafi í mótorsporti og þegar frítími gefst eru allir sammála um hvernig er best að eyða honum: Á hjólunum úti í sveit.

Um það leyti er vinir systkinanna á Kambsvegi 32 voru að læra að hjóla án hjálpardekkjanna voru þau farin að bruna um á litlu mótorhjóli. Öll hafa þau lært taktana á sömu litlu Hondunni sem var keypt fyrir elsta drenginn þegar hann var fimm ára. Þá var áhugi hans reyndar kviknaður fyrir löngu. „Torfi var búinn að kaupa sér fyrsta hjólið þegar Freyr var tveggja ára. Á þeim tíma bjuggum við á Ítalíu þar sem mótorhjól eru á hverju götuhorni. Freyr skreið upp á hvert einasta hjól sem hann sá og fékk að prófa," segir mótorhjólamamman Sigurlaug. Þann titil ber hún vel, enda er hún enginn eftirbátur annarra fjölskyldumeðlima þegar kemur að hjólunum. Á sumrin sést hún bruna um götur Reykjavíkur á Ducati-götuhjóli og hún er stuðningsmaður sonar síns númer eitt

FRAMHALD Á SÍÐU 4

Vera Einarsdóttir skrifar

Ferkantað uppeldi

Ævintýraþrá, auðugt ímyndunarafl og fífldirfska eru atriði sem lýsa mínum karakter einna síst. Ég telst víst með eindæmum regluföst, raunsæ og ferköntuð. Eins æsispennandi og þessir eiginleikar hljóma þá smitast þeir yfir í flestar daglegar athafnir og þar með talið yfir í uppeldið. Það einkennist á köflum af kæfandi umhyggju, hræðsluáróðri um allar mögulegar og ómögulegar hættur og fram úr hófi raunsæjum útskýringum á öllu milli himins og jarðar.

Til allrar hamingju er betri helmingur á heimilinu sem er talsvert léttúðugri en ég og á hann eflaust ríkan þátt í því að sjö ára sonur okkar er ekki taugatrekktari en raun ber vitni. Faðir hans slær á létta strengi og fær drenginn til að hlæja að tiktúrunum í móður sinni. Hann fer með honum í stríðsleiki í tölvunni og leyfir honum að vera húfulaus og á peysunni í nístingsfrosti.

En umrætt raunsæi er nú farið að valda mér nokkrum vandræðum í uppeldinu enda hrökkva spurningar um stórt sem smátt af vörum drengsins á hverjum degi. Ég bregð því yfirleitt fyrir mig að svara eins og ég sé að lesa upp úr orðabók en átta mig svo á því að ég er að tala við barn en ekki jafnaldra minn. Eftir útskýringar mínar á upphafi mannkyns eða öðrum sólkerfum er drengurinn oft ekkert nema augun og skelfingarsvipurinn leynir sér ekki. Ekki nema furða að hann sé stundum stressaður og þykir sumum nóg um hvað hann er farinn að líkjast móður sinni í háttum. Ég bind þó vonir við að hann næli sér í fleiri karaktereinkenni föðurins um leið og ég reyni að sitja á mér.

Ég verð þó að játa að ég á langt í land með að gefa ímyndunaraflinu lausan tauminn. Ég á til dæmis skelfilega erfitt með að halda sögum um jólasveina, tannálfa og aðrar furðuverur sem sækja mannabörnin heim til streitu og þarf að hafa mig alla við til að halda mér saman og leyfa barnslegu sakleysinu að blómstra. Þegar tennurnar fóru hins vegar að hrynja úr barninu tók ég strax þá afstöðu að segja blákaldan sannleikann: „Það er ekki til neinn tannálfur sem kemur og gefur þér eitthvað fallegt í staðinn fyrir tönnina. Það eru mamma og pabbi sem gera það.“ Það er svo bara spurning hvenær hann fer að leggja saman tvo og tvo.

Nú þegar svínaflensufaraldur geisar rifjast svo upp fyrir mér hræðsluáróðurinn sem ég viðhafði þegar fuglaflensa tók sig upp hér um árið. Þá vorum við búsett í Svíþjóð og mátti drengurinn varla fara út úr húsi. Þegar frænka hans tók sig svo til og sparkaði fótbolta upp til himins tók drengurinn andköf af ótta við að boltinn kæmi smitaður til baka og hrópaði: „Passaðu þig á fuglaflensunni.“ Atvikið varð vitaskuld að aðhlátursefni í fjölskyldunni. Fyrir vikið hef ég farið mér hægt í svínaflensuumræðunni og ekki minnst á hana einu orði.

Fjölskyldan kemur út mánaðarlega með helgarblaði Fréttablaðsins. Ritstjórn: Sigríður Björg Tómasdóttir Hönnun: Silja Ástþórsdóttir Forsíðumynd: Valgarður Gíslason Pennar: Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Vera Einarsdóttir Ljósmyndir: Fréttablaðið Auglýsingar: *Benedikt Jónsson benediktj@365.is*

Líf og fjör Krakkar úr Hlíðaskóla skoða myndakubba Ilmar Stefánsdóttur undir leiðsögn Ölmu Dísar Kristinsdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Vettvangur til að upplifa, læra og ræða málin

Börn og fullorðnir eru jafngildir safngestir, segir Alma Dís Kristinsdóttir á Listasafni Reykjavíkur. Hún hvetur fjölskyldur til þess að setja ferðir á listasöfn á dagskrá hjá sér. Krakkar eru opnir og næmir gestir sem hafa oft annað sjónarhorn en fullorðnir. Engin ein aðferð er rétt við að skoða listaverk.

„Það er mikilvægt að kenna krökkum að nýta þann vettvang sem söfn eru,“ segir Alma Dís Kristinsdóttir, verkefnastjóri fræðsludeildar Listasafns Reykjavíkur. „Og það er engin ein rétt leið til þess að skoða sýningar. Oft eru krakkar mjög opnir og næmir fyrir listsýningum og koma með skemmtilegar tengingar. Skemmtilegustu heimsóknirnar eru þegar krakkar koma fullir fordóma á safnið, halda að þeim finnist leiðinlegt en finnst svo gaman.“

Alma Dís tekur oft í starfi sínu á móti skólakrökkum og hefur því reynslu af því að tala við hópa barna um myndlistarsýningar. Slík safnafræðsla er þó aðeins hluti starfans því að markmið safnanna er að ná til barna og fjölskyldufólks með ýmsum öðrum hætti. Á Kjarvalsstöðum er til dæmis alltaf sýning sem er sett upp sérstaklega fyrir börn og tengist þá gjarnan þeirri sýningu sem er í gangi. Þá má benda á að í Hafnarhúsinu er núna í gangi sýning Ilmar Stefánsdóttur Erró Myndaspil en listakonan hefur þar búið til stóra myndakubba úr verkum Errós.

En Alma segir það alls ekki nauðsynlegt að sérstakar sýningar fyrir krakka séu í boði til þess að þau njóti heimsóknar á safn. „Við viljum meina að allir geti skoðað sýningarnar og ef að fullorðnir og börn koma saman þá er skemmtilegt að leyfa börnunum að ráða ferðinni,“ segir Alma Dís sem að bendir á að á söfnunum liggi frammi bæklingur sem sé sniðugt fyrir foreldra að glugga í; Hvað er svona skemmtilegt við safn? „Hugmyndin er sú að krakkar og fullorðnir séu jafngildir sýningargestir, þau megi ráða ferðinni og velja sér það sem þeim þykir áhugavert. En auðvitað verða þau að virða reglur safnsins, eins og að ekki má snerta listaverkin.“

Frítt er inn á umrædd söfn og segir Alma að það sé um að gera fyrir fjölskyldur að koma oft og kynnast söfnunum smám saman. „Listasöfn eru spennandi vettvangur til að læra. En þau eru líka góður vettvangur til að eiga dýrmætar samverustundir með fjölskyldunni. Það eru til rannsóknir sem benda á að þau gefi rými og næði til þess að ræða ýmis málefni ótengd safninu sjálfu og þannig verði til verðmætar stundir í uppeldinu.“

- sbt

BARNVÆNT

Laugardalurinn Í miðri Reykjavík er mikill sælureitur þar sem Laugardalurinn er. Einstaklega skjólgóður og skemmtilegur fyrir útivist fjölskyldunnar hvaða dag vikunnar sem er. Í Laugardalnum er hægt að skoða Grasagarðinn og spóka sig í skrúðgarðinum. Þvottalaugarnar vekja verðskuldaða athygli ungviðisins, við minnismerki þar er að finna gamlar myndir frá þeim tíma er þær voru í notkun sem gaman er að skoða.

Svo slær heimsókn í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn auðvitað alltaf í gegn. Garðurinn er opinn alla daga frá klukkan tíu til fimm og þar er nóg að skoða fyrir unga sem aldna, íslensku húsdýrin, seli og fiska. Þegar dýraskoðun lýkur er svo nóg af tækjum fyrir krakka að skemmta sér í. Verð fyrir börn eldri en fjögurra ára er 400 krónur en unglingar þrettán ára og eldri borga 500 krónur í aðgangseyri. Eldri borgarar fá hins vegar frítt í garðinn og því ódýr skemmtun fyrir afa og ömmur að fara með barnabörnin í heimsókn þangað.



Matreiðslubókin sem Ítalir gefa börnunum sínum til þess að kenna þeim aðferðir foreldra sinna og ömmu og afa – og sýna þeim um hvað ítölsk matargerð snýst í raun og veru

Silfurskeiðin er ómissandi fyrir alla þá sem áhuga hafa á matreiðslu. Hún sýnir hvernig á að matreiða holla og gómsæta máltíð, í fyrsta lagi með því að velja réttu hráefnin og í öðru lagi með að fylgja fjölbreyttum uppskriftum sem geta verið einfaldar eða flóknar, en eru alltaf útskýrðar á skýran og skilmerkilegan hátt.

Nýttu þér þjóðargjöfina og náðu í bíblíu ítalskar matargerðar.

5.980 kr.
á tilboði til 4. maí

Sannkallaðar þjóðargjafir

Sjöstafakverið er síðasta smásagnasafn Halldórs Laxness og geymir sjö eftirminnilegar og margræðar sögur, leiftrandi af alkunnum húmor skáldsins

Bókin er ein heild, sögurnar samstæðar og töluvert frábrugðnar þeim sem Halldór skrifaði á yngri árum; ekki beinlínis raunsæjar og dálítið á skjön við hversdagslegan veruleika. Stíll Halldórs er þó ávallt samur við sig, beittur, kíminn og bragðvís, og í efninu má greina ýmsa þætti sem eiga sér samsvörun í öðrum og frægari verkum hans.

Sjöstafakverið á einstöku verði í tilefni viku bókarinnar.

499 kr.

Mundu eftir þjóðargjöfinni!

eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872

JÓNSSON & LE'MACKS • JL.IS • SÍA

fjölskyldusport

hjólum saman um landið ...

ÖRYGGIÐ FYRST Fáar íþróttagreinar krefjast eins mikils hlífðarbúnaðar og torfæruvélhjólaakstur. Góður hjálmur, hálskragi, brynja, hnéhlífar, hlífðarvettlingar og góðir skór eru nauðsynjar sem allir sem ætla að stunda sportið fyrir alvöru þurfa að eignast. Nokkrar verslanir sérhæfa sig í búnaði fyrir mótókross, meðal annars Púkinn, JHM Sport, Nítró og MX Sport.

Lært að hjóla í mótorhjólaskóla

„Við höfum fengið alveg frábærar viðtökur og það er greinilegt að það var þörf fyrir svona skóla," segir Örn Sævar Hilmarsson. Hann og æfingafélagi hans, Aron Ómarsson, stofnuðu Motocross-skólann hinn 9. janúar á þessu ári. Þeir ákváðu að ráðast í rekstur-inn eftir að hafa haldið nokkur námskeið sem gríðarleg aðsókn var í.

Þeir Örn og Aron bjóða bæði mótorkross og endúró-námskeið fyrir unga sem aldna, stelpunámskeið, byrjendanámskeið, krakkanámskeið og líkamsræktarnám-skeið sem miða sérstaklega að því að koma þátttakendum í form fyrir átökin á hjólinu.

Námskeiðin fara fram í einhverri þeirra fimm brauta sem eru í nálægð við Reykjavík. Vinsælast er að vera í Bolöldu, til móts við Litlu kaffistofuna, þar sem aðstaðan er best. Staðsetningin stjórnast þó algjörlega af veðri og ástandi brauta.

Aron ráðleggur þeim sem eru að byrja að fara á einkaþjálfunarnámskeið. „Þau henta sérstaklega vel fyrir byrjendur. Flestir sem hafa mætt á þau námskeið ná mjög góðum árangri á stuttum tíma. Þetta er bara svipað og með aðra líkamsrækt, einkaþjálfunin skilar bestum árangri á stystum tíma."

Skólinn útvegar þeim hjól sem ekki eiga slíkt sjálfir. Svo eru þeir með ljósmyndara á sínum snærum svo nemendur geta keypt mynd af sér á diski á námskeiði loknu. Frekari upplýsingar um skólann er að finna á vefsíðunni www.mxs.is. *- hhs*

Litla systir Sólveig er tíu ára en hún byrjaði að keyra mótorhjól sex ára.

Í fullum skrúða Sigurlaug og Sólveig fylgjast með Frey fyrir keppni.

Feðgar Torfi er sjaldan langt undan þegar Freyr er að keppa.

FRAMHALD AF FORSÍÐU

þegar hann er að keppa í mótorkrossi. Eiginmaðurinn á heimilinu er sennilega sá forfallnasti af þeim öllum og á bæði götu- og torfæruhjól af öllum toga.

Keppir á alþjóðamótum

Áhugi Freys á mótorhjólum hefur síst minnkað með árunum og í dag eiga þau hug hans allan. Hann keppir í mótorkrossi fyrir Kawasaki-liðið og Bílanaust er stuðningsaðili þess. Hann hefur hampað Íslandsmeistaratitli tvisvar og keppt á alþjóðamótum. Freyr segir mótorkrossið, sem fer fram í stuttri hringlaga braut með stökkpöllum og kröppum beygjum, bæði ótrúlega skemmtilegt og reyna verulega á úthald og styrk. „Þetta er svolítið „hardcore", maður fær drullu upp í sig og getur ekki andað í tuttugu mínútur á meðan maður er að klára brautina." Blaðamanni finnst lýsingin hljóma heldur ógnvekjandi. Þegar Freyr lýsir því hvernig þrjátíu manns mætast í einni beygju á ógnarhraða segir mamman: „Það er sko langmest spennandi!" Það er ekki á henni að heyra að hún óttist um krakkana sína í brautunum. „Þau eru svo vel varin, með hálskraga, nýrnabelti og allan mögulegan búnað. Það er ekki startað nema allt sé örugglega í lagi. En æsingurinn verður samt stundum svo yfirþyrmandi að ég verð örmagna af spennu. Þá þarf ég skyndilega að sýsla eitthvað annað, eins og að hella upp á kaffi."

Og ég hef heldur engan sérstakan áhuga á að keppa." Yngri systur hennar, Sólveigu, finnst hvort tveggja jafn skemmtilegt. Henni finnst gaman að keyra í brautum og er að melta það með sjálfri sér að keppa þegar hún verður eldri. Og hún verður ekkert bara að keppa við stráka, enda margar stelpur farnar að stunda sportið. „Í dag eru um þrjátíu stelpur að keppa. Sumar þeirra eru orðn-

ÞESSU FYLGJA svo margir góðir kostir. Við erum til dæmis saman flestar helgar á sumrin, keyrum um landið og leitum uppi gamla slóða eftir bændur og búalið,"

Endúró frekar en mótorkross

Systurnar Sigrún og Sólveig, fjórtán og tíu ára, eru fullar stolts yfir afrekum bróður síns. Þær eru þó líka á kafi í sportinu og eiga báðar sín eigin hjól. „Mér finnst endúró langskemmtilegast," segir Sigrún. Það snýst um að keyra á löngum og þröngum slóðum sem lagðir eru í náttúrulegu umhverfi. „Mér finnst nefnilega skemmtilegra að keyra í náttúrunni en á brautum. ar svo góðar að maður sér ekki mun á þeim og strákunum," segir Sigurlaug.

Þegar fjölskyldan byrjaði í mótorsportinu voru ekki margir sem deildu áhuga hennar. Í dag hefur það heldur betur breyst og hjóla nú í kringum þrjú þúsund manns í frístundum. Í takt við aukinn fjölda iðkenda hefur aðstaðan snarbatnað og er fjölda góðra brauta að finna víða um land.

Íslenska liðið Freyr keppti fyrir Íslands hönd á Norðurlanda-móti árið 2005.

Freyr á flugi Tvisvar sinnum hefur Freyr unnið Íslandsmeistaratitil.

100
LANDSMÓT UMFÍ
AKUREYRI 2009

Áttu kvikmynd af Landsmótum UMFÍ 1909–2009?

Unnið er að kvikmynd um sögu Landsmóta UMFÍ sem spanna nú í sumar 100 ár. Myndin byggist á stuttum myndbrotum frá öllum mótum frá upphafi til undirbúnings Landsmótsins á Akureyri í sumar, þar sem myndin verður sýnd.

Þeir sem geta lánað myndir eða bent á eigendur mynda eru vinsamlegast beðnir um að hafa samband hið fyrsta við

Þjónustumiðstöð Ungmennafélags Íslands
í síma 568-2929 eða á netfangið umfi@umfi.is

UMFÍ

EINN, TVEIR OG ÞRÍR 248.102

AFMÆLISÚTGÁFA

Framleiðsla á Skötunni eftir Halldór Hjálmarsson hefur verið hafin að nýju í tilefni af 50 ára afmæli stólsins. Hann kemur brátt á markað. **BLS. 3**

HÖNNUN DALÍS

Málaranum Salvador Dalí var margt til lista lagt. Meðal annars fékkst hann við húsgagnahönnun í anda súrrealisma. **BLS. 4**

Lagersala!

Vönduð garðhúsgögn frá Sun Furniture, Garden Signature, Royal Teak og Saccaro.

Opið: Laugardag 11-16 & Sunnudag 13-16

Signature húsgögn

Vesturhraun 3, 210 Garðabæ S.771 2099
www.signature.is

heimili&hönnun

FRÉTTABLAÐIÐ LAUGARDAGUR 2. MAÍ 2009

POTTAR TIL PRÝÐI

Hugmyndir að vorlegum og fallegum blómapottum sem passa jafnt innan- sem utandyra. BLS. 2



Olíufylltir rafmagnsofnar

Allt til rafhitunar

OSO HOTWATER

Norskir hitakútar

10 ára ábyrgð

- Úr ryðfríu stáli
- Fyrir sumarhús og heimili
- Yfir 30 ára reynsla hérlendis

Brenna ekki rykagnir. Auðveld uppsetning á vegg.
250 - 400 - 750 - 800 - 1000 - 1600 - 2000 wött.

WÖSAB

Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

Höfðað til Íslands með fiskforminu

● Hálf öld er frá því Halldór Hjálmarsson hannaði stólinn Skötuna sem var framleiddur til 1973. Skatan er klassík og nú er byrjað að smíða hana að nýju fyrir tilstilli Arnar Þórs, sonar Halldórs.

„Ein af mínum fyrstu minningum er að ég var að brasa í skúrnum hjá pabba og hann var að smíða stól. Nú er sonur minn að upplifa nákvæmlega það sama," segir arkitektinn Örn Þór brosandi. „Ég er að dúlla við það á kvöldin að framleiða Skötuna – og það eru fleiri sem koma að því. Lappirnar eru framleiddar hjá Sóló-húsgögnum og gúmmífestingarnar eru sérsteyptar hjá Gúmmísteypu Þ. Lárussonar, þeirri sömu og fyrir fimmtíu árum. Þarna eru heiðursmenn sem eiga þakkir skilið fyrir að nenna að standa í þessu með mér."

Arkitektinn Örn Þór segir það áhugamál hjá sér að framleiða Skötuna. Með því heldur hann líka merki föður síns á lofti.

Þá er það sagan: „Pabbi lærði í Kaupmannahöfn frá 1953 til 1956. Akkúrat þá var Maurinn að koma fram og margir að þróa stóla í sama efni. Skatan er unnin í þeim anda en höfðað til Íslands með fiskforminu. En eftir að við gengum í EES lagðist framleiðsla á húsgögnum hér niður eins og mörgu öðru," lýsir Örn Þór.

Aðspurður kveðst Örn Þór nota tekk, eik, hnotu og litaðan við í þá stóla sem hann framleiði og lappirnar séu með krómhúð. Grindin er framleidd hér á landi en setan og bakið koma frá stórri verksmiðju í Þýskalandi. „Ég lét útbúa mót eftir upprunalega stólnum," segir Örn. En hafa forsendurnar ekki breyst eftir að kreppan kom?

Skatan er formfagur stóll.

„Jú, ég hefði aldrei farið í gang með þetta verkefni í þessu árferði því innflutti hlutinn er um þriðjungur kostnaðarins," viðurkennir hann.

Örn Þór segir afmælisútgáfu Skötunnar væntanlega hvað úr hverju og hún verður sérmerkt. „Afmælisútgáfan er úr tekki og eik og lappirnar með upprunalegri nikkelhúð," lýsir hann. *- gun*

● **Forsíðumynd:** Nordicphotos/Getty **Útgáfufélag:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, s. 512 5000 **Ritstjórar:** Roald Eyvindsson roald@frettabladid.is og Emilía Örlygsdóttir emilia@frettabladid.is **Auglýsingar:** Hlynur Þór Steingrímsson s. 512 5439 **Útlitshönnuður:** Kristín Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is.

Pottar eru pallaprýði

● Rigning stöku sinnum er engin afsökun fyrir því að gleyma því að sumarið er komið. Fallegir pottar og ker, fullir af litríkum sumarblómum, eru tilvalin leið til að lífga upp á pallinn.

1. Stór útipottur Þessi stóri útipottur er úr ryðfríu stáli, fæst í IKEA, og kostar 3.990 krónur.

2. Ker Vel fer um eininn í þessu keri frá Garðheimum sem kostar 4.900 krónur.

3. Leirpottur Þessir hangandi leirpottur fæst í IKEA og kostar 1.990 krónur.

4. Úr ryðfríu stáli Þessi rúmar fullt af blómum og jafnvel lítið tré og kostar 3.990 krónur í IKEA.

5. Snotur Vel fer um sumarblómin í þessum snotra blómapotti frá IKEA. Hann kostar 295 krónur.

6. Klassískur Þessi pottur frá Garðheimum færi vel við útidyrahurðina. Kostar 3.500.

Hægt er að fegra garðinn með flottum pottum á veröndinni.

Auglýsingasími
512 50 50
Mest lesið

Glerperlur og gersemar

Glerperlur eru viðfangsefni glerlistakonunnar Nadine Martin á sýningunni Skarað að eldi perlunnar sem er haldin á skörinni hjá Handverki og hönnun við Aðalstræti 10 í Reykjavík. Er þar líkast til fyrsta einkasýning á glerperlum á Íslandi.

Auk þess að sýna glerperlur sýnir Marin ýmsa muni unna úr þeim, til að mynda bókamerki, höld, tölur, skartgripi og fleira. Flestar eru perlurnar innan við 25 millimetra í þvermál, settar alls kyns smáatriðum í litum og mynstri.

Algengt er að fólk telji að málað sé á glerkúlur. Staðreyndin er hins vegar sú að að allt mynstrið, litirnir og perlan öll er fullunnin í gasloga áður en hún er sett í ofn til herslu. Hver og ein perla er því verðugt verkefni fyrir augað.

Sýningin stendur til 18. maí. Salurinn er opinn virka daga frá klukkan 9 til 18, fimmtudaga til klukkan 22 og sunnudaga milli klukkan 12 og 17.

● **GEGN KRABBA** Krabbameinsfélag Íslands hefur gert samning við Einar Farestveit & co hf., umboðsaðila Kitchenaid á Íslandi um að 10.000 krónur af söluandvirði hverrar bleikrar Kitchenaid-hrærivélar renni til styrktar félaginu. Einari Farestveit & co hf. og Kitchenaid þótti við hæfi að styðja starf félagsins þar sem vélin er tákn ytra fyrir stuðning Kitchenaid gegn brjóstakrabbameini.

SELLÓLEIKARINN Natalie Gutman verður með einleikstónleika í Salnum í dag laugardaginn 2. maí. Hún leikur þrjár sólósvítur fyrir selló eftir J.S. Bach. www.salurinn.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447

Hvað á ég að gefa barninu mínu að borða?

Námskeið með Ebbu Guðnýu í Yggdrasil

Ebba fræðir okkur um það hvernig hægt er að útbúa einfaldan og næringarríkan mat fyrir börn frá 6 mánaða aldri.
Námskeiðið nýtist líka þeim sem eru með eldri börn.

Upplýsingar og skráning eru í síma 694-6386 eða á netfanginu: ebbagudny@internet.is. Verð 3.500 kr

Miðvikudagana 6. og 27. maí
kl. 20:00-22:00
Tvö námskeið í verslun Yggdrasils, Skólavörðustíg 16

Farið verður yfir hvernig á að meðhöndla og búa til rétti sem innihalda :
Ávexti og grænmeti
Heilt korn eins og quinoa, hirsi, hafra, spelt o.fl.
Baunir, kaldpressaðar olíur, möndlumauk, tahini, möndlur og fræ.

Veglegt uppskriftar- og fróðleikshefti fylgir með námskeiðinu.

Yggdrasill

Ásta Valdimarsdóttir hláturjógakennari hlær hjartanlega enda skemmtileg helgi fram undan hjá henni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hlátrasköll í Laugardal

Alþjóðlegi hláturdagurinn er haldinn hátíðlegur um allan heim á sunnudaginn. Hér á landi mun Hláturkætiklúbburinn, undir stjórn Ástu Valdimarsdóttur, efna til hláturgöngu í Laugardalnum.

Annasöm helgi er fram undan hjá Ástu Valdimarsdóttur hláturjógakennara. „Á sunnudaginn er alþjóðlegi hláturdagurinn og því verður helgin hjá mér að stórum hluta undirlögð af hlátri," segir Ásta, sem mun kenna opinn hláturjógatíma í Manni lifandi í dag frá frá 10.30 til 11.30. Á sunnudaginn mun Hláturkætiklúbburinn, sem Ásta er í forsvari fyrir, standa fyrir hláturgöngu í Laugardalnum. „Gangan hefst klukkan 13 við gömlu þvottalaugarnar og svo göngum við inn í dalinn," segir Ásta en teknar verða hláturæfingar á leiðinni, sungið og farið í leiki.

En fá ekki sumir aulahroll við það að hlæja upp úr þurru? „Jú, mörgum finnst þetta asnalegt í upphafi og því reyni ég að kynna þetta vel fyrir fólki svo það líti heldur á þetta sem líkamsrækt."

Við biðjum Ástu að segja aðeins frá hláturjóga. „Hláturjóga er aðferð sem þróuð er af indverska lækninum dr. Madan Kataria. Það er sambland æfinga og jógaöndunar og byggist á þeirri vísindalegu staðreynd að hvort sem hlegið er vegna ytra áreitis eða af innri hvötum þá bregðist líkaminn eins við, og jákvæð áhrif á hann verða þau sömu," segir Ásta en hláturinn á að hafa bætandi áhrif á andlega og líkamlega líðan, samskipti við aðra og sjálfsmat fólks sem stundar þær.

En hver er tilgangurinn með hláturdegi? „Þetta er hugsjón sem miðar að því að stuðla að friði manna á milli í heiminum með því að fólk hlæi með hvert öðru," svarar Ásta og innt eftir því hvort hún sjálf hljóti ekki að vera yfirmáta hamingjusöm fyrst hún sé síhlæjandi svarar hún því til að hún finni æ oftar fyrir hamingjutilfinningu og finnist lífið dásamlegt. Hún viðurkennir þó að eiga líka sínar dökku hliðar. „Stundum gleymi ég að hlæja og verð leið en þá hugsa ég bara aftur um það að brosa og hlæja og lífið brosir við mér á ný," segir Ásta og hlær eins og vera ber.

Ásta ætlar þó ekki að liggja í hláturkasti alla helgina. Ýmislegt annað er á döfinni. „Ég ætla að fara í sund á morgnana eins og mér finnst oft gott að gera og reyna svo að komast eitthvað meira út í náttúruna. Svo var ég líka búin að lofa vinkonu minni að hjálpa henni að flytja," segir Ásta, sem nýtur þess einnig að eyða sem mestum tíma með barnabörnunum enda klárt að það veitir ekki síður hamingju en hláturinn. *solveig@frettabladid.is*

Hófst þú nám í pípulögnum en laukst því ekki?

Hefur þú starfað í greininni í fimm ár eða lengur og getur staðfest það með opinberum gögnum? Viltu ljúka námi í pípulögnum?

Áhugasömum er bent á að hafa samband við IÐUNA fræðslusetur í síma 590-6400, frekari upplýsingar er jafnframt hægt að skoða www.idan.is.
Einnig er hægt að senda tölvupóst á netfangið radgjof@idan.is

Samskonar verkefni er verið að vinna í málaraiðn, vélvirkjun, stálsmíði, blikksmíði og húsasmíði.

IÐAN fræðslusetur

FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ ATVINNULÍFSINS

EINN TVEIR OG PÍPUR 606.004

Gólfhitakerfi
Ekkert brot ekkert flot



- Þægilegur hiti góð hitadrefing
- Hitasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límdar beint á gólfið
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt

Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is

Hringás ehf.

Léttar og sumarlegar herramokkasíur úr leðri, skinnfóðraðir og með sterkum slitsóla.

litir: espresso, cognac, sahara og svart
stærðir: 40 - 46
verð: 14.700 -

Misty skór
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf
Laugavegi 178 • Sími: 551 2070
Opið: mán - fös: 10 -18, lau 10 -14
www.misty.is

KARLAKÓR REYKJAVÍKUR er á tónleikaferðalagi á Norðurlandi þessa helgi. Í dag syngur hann á tónleikum í Blönduóskirkju klukkan 16. Á efnisskránni eru fyrst og fremst þekkt íslensk lög.

Áslaug Thorlacius kennir smíði í Melaskóla og er það því oft hennar vinnustofa. Myndlistarmenn vítt og breitt um landið ætla að opna vinnustofur sínar fyrir gestum og gangandi í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Listamenn bjóða gesti velkomna

Dagur myndlistar er haldinn hátíðlegur í dag og af því tilefni ætla listamenn um víðan völl að opna vinnustofur sínar.

„Við myndlistarmenn höfum á tilfinningunni að myndlistin sé svolítið falin. Ekki eru til miklar hagtölur um myndlist, framlag myndlistarmanna og annað. Þetta er nokkuð stór grein og vaxandi en er einhvern veginn svolítið ósýnileg þó svo myndir séu að vísu út um allt og sýnilegar," segir Áslaug Thorlacius myndlistarkona og heldur áfram: „Með Degi myndlistarinnar viljum við vekja athygli á myndlistinni á jákvæðan hátt og bjóða fólki að heimsækja vinnustofur myndlistarmanna, en alltaf er ákveðin forvitni fyrir því að koma inn á vinnustofur."

Dagur myndlistar er árviss viðburður, haldinn fyrsta laugardag í maí, en þá opna myndlistarmenn vítt og breitt um landið vinnustofur sínar fyrir gestum og gangandi. „Að þessu sinni verður opið hús milli klukkan 13 og 16 í dag á fjölmörgum vinnustofum vítt og breitt um landið. Til dæmis í Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði, á Ísafirði, Skagaströnd, Akureyri og í Freyjulundi við Eyjafjörð, á Egilsstöðum, Seyðisfirði og í Hruna," segir Áslaug áhugasöm. Dagur myndlistarinnar er skipulagður af Sambandi íslenskra myndlistarmanna (SÍM) en á vefsíðu þeirra, www.sim.is, gefur að líta ítarlegri dagskrá.

hrefna@frettabladid.is

Vorið í ríki Vatnajökuls

Ríki Vatnajökuls fagnar vorkomunni með ýmsum hætti í maímánuði. Núna um helgina verður fuglafestival á Höfn á Hornafirði og á Djúpavogi þar sem boðið er upp á leiðsögn á klukkutíma fresti.

Í maímánuði verður vorinu fagnað á Hornafirði með hátíðinni Vorið í ríki Vatnajökuls. „Við viljum vekja athygli á öllum þeim góðu hlutum sem eru að gerast í ferðaþjónustunni, menningunni og matvælaframleiðslunni," segir Rósa Björk Halldórsdóttir framkvæmdastjóri í ríki Vatnajökuls.

„Við munum vekja athygli á okkur með ýmsum hætti þennan mánuð bæði með auglýsingum og uppákomum," segir Rósa en núna um helgina verður svokallað fuglafestival á Höfn á Hornafirði og á Djúpavogi. „Þar verður hægt að fá leiðsögn á klukkutíma fresti um Einarslund og Ósland," segir Rósa, en Hornfirðingar fagna nú einnig því að humarvertíðin er byrjuð.

Einhverja helgi í maí er svo ætlunin að gera matvælum frá Héraði góð skil að Smyrlabjörgum í Suðursveit. „Matvælaframleiðsla er nokkur hér fyrir austan og margir smáframleiðendur sem framleiða matvæli í matvælasmiðju Matís sem er hér á Hornafirði," segir Rósa og bætir við að í pípunum sé að markaðssetja þessar matvörur undir einu vörumerki í framtíðinni.

Ferðamenn setja sitt mark á sveitarfélagið. „Ferðir upp á jökul eru löngu hafnar og hingað hrannast ferðamenn á leið sinni á Hvannadalshnúk," segir Rósa. Öflug afþreyingarfyrirtæki er að finna í ríki Vatnajökuls sem skipuleggja ferðir upp á jökul í jöklagöngu, vélsleðaferðir og gönguskíðaferðir.

Seinna í mánuðinum er ætlunin að ná ísjaka úr Jökulsárlóni sem ísskurðarsnillingur á að skera út í. Mikið frost hefur verið hingað til í lóninu en um leið og losnar um jakana verður ráðist í það verkefni.

„Svo eru siglingarnar byrjaðar í Jökulsárlóni og þar getur fólk séð mikið lífríki," segir Rósa en fyrir utan ríkt fuglalíf er fjöldi sela í lóninu sem orðnir eru vanir ferðamönnum og því ótrúlega spakir. „Þá eru hér hreindýr um allt og vert að vara ökumenn við þeim," segir Rósa en hátíðinni líkur fyrstu helgina í júní með opnun á Papasýningu í Þórbergssetri og á Djúpavogi. *solveig@frettabladid.is*

Selir eru í hundraðatali á Jökulsárlóni. Hér eru tveir spakir selir á litlum jaka, en siglingar á lóninu eru hafnar. MYND/RUNÓLFUR HAUKSSON

Klæðskeri frá Tógó opnar búð í bænum

KLÆÐSKERINN DIUEDONNE FRÁ LOMÉ Í TÓGÓ ER KOMINN HINGAÐ TIL LANDS TIL AÐ SAUMA LITRÍK FÖT UNDIR FATAMERKINU TOGO TO GO.

Klæðskerameistarinn Diuedonne frá Lomé í Tógó opnar í dag búð og saumaverkstæði á Skólavörðustíg 22. Búðin verður aðeins opin á föstudögum og laugardögum í maí eða eftir samkomulagi í síma 659-7515. Í búðinni verða til sölu vörur í fatamerkinu TOGO TO GO. Fötin hafa verið til sölu hér á landi um nokkra hríð og hafa hettujakkarnir verið töluvert vinsælir.

Koma klæðskerameistarans tengist samtökunum Sóley & félagar en þau standa fyrir söfnunarátaki í maímánuði til styrktar barnaheimili nunnunnar Victo í Tógó. Þess má geta að forsögu fatamerkisins TOGO TO GO má rekja til þess þegar Sóley & félagar keyptu nokkrar saumavélar og tóku þannig þátt í að stofna saumaverkstæði í samstarfi við Victo. Dieudonne frá Lomé hefur keyrt til Victo tvisvar í viku til að sauma með tveimur mönnum sem Victo kostaði til klæðskeranáms á sínum tíma.

Fötin frá TOGO TO GO eru litrík og falleg.

NÝ SENDING
Sumarfrakkar
Áður 19.900
Nú 9.900
Stærðir 10-24
2 týpur
Litur: svart
COSMO
Kringlunni

ER VAGNINN RAFMAGNSLAUS?
Setjum sólarsellur á vagna
Tilboð á rafgeymum
• Mælum rafgeyminn
• Mælum virkni á sólarsellu
• Mælum útleiðslu
• Förum yfir allar perur
• Veitum ráðgjöf
Tilboð á hleðslutækjum
Taust og fagleg þjónusta • 30 ára reynsla
SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM
Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • www.skorri.is

MÁNUDAG

101 REYKJAVÍK FASTEIGNASALA

Leifur Aðalsteinsson, löggildur fasteignasali

Fiskakvísl 34 – 110 Rvk.

Mjög falleg og vel skipulögð 63,5fm 2herb.íbúð á 1 hæð með útgangi út á vestur svalir með fallegu útsýni. Mjög vel staðsett hús innst í botnlanga. Eignin skiptist í : Forstofu,stofu, eldhús, herbergi, baðherbergi og geymslu. Sam.þv.hús. Íbúðin er laus til afhendingar strax.V-17,5millj. (6035).

Hrafnhildur tekur vel á móti ykkur á mánudag milli kl : 18-19.

Rauðalækur 40 – 105 Rvk.

Mjög vel skipulögð 136,8fm 6 herb.hæð (1 hæð ekki kj.) ásamt 23,9fm bílskúr, samtals : 160,7fm. Eignin skiptist í : Stofu, borðstofu, eldhús, 4 herbergi, baðherbergi, salerni og geymslu í kj. Sam. þv.hús í kj. Falleg endurnýjað eldhús. Suður svalir. Góður bílskúr. Húsið lítur mjög vel út. V- 38,5millj.(6083)

Þórhallur og Kristín taka vel á móti ykkur mánudag milli kl : 18-19

Vagnhöfði 110 Reykjavík.

Húsnæðið er laust til afhendingar strax.
450fm geymsluhúsnæði í kjallara með ramp niður og innkeyrlsudyrum.

Stangarhylur 7 – 110 Reykjavík

Húsnæðin eru laus til afhendingar strax.
Á 1 hæð er mjög gott skrifstofuhúsnæði sem er 160fm.
Á 2 hæð er mjög rúmgott 450fm salur upplagt sem líkamsræktarstöð /dansstudio.
Á 2 hæð eru tvö 45fm skrifstofuherbergi með aðgangi að salerni og eldhúsi. **Frekari upplýsingar veitir Leifur Aðalsteinsson í síma : 820-8100.**

Kleppsvegur 62 – 104 Rvk. 60 ára og eldri.

Mjög góð 86,7fm 2 herb,endaíbúð á efstu hæð (7) með suð-austur svölum í góðu fjölbýlishúsi. Eignin skiptist í : Gang, stofu, borðstofu, eldhús, herbergi, baðherbergi og stóra geymslu/sjón-varpsherb.og geymslu í kj. Á 2 hæð er sam.salur með sérinngangi og sólskála.
Öll sameign til fyrirmyndar. V-28millj. (6051)

Sölumaður verður á staðnum á mánudag milli kl : 17:30 – 18:30

Stórglæsileg 102fm 3 herb,endaíbúð á 3 hæð í góðu fjölbýli, Góðar suð-austur svalir. Eignin skiptist í : Gang, 2 herbergi, baðher-bergi, eldhús, stofu, borðstofu, þvotthhús og geymslu í kj. Á 2. hæð er sam. salur með sér inngangi og sólskála. Öll sameign er til fyrirmyndar. V-36,6millj. (5966)

Sölumaður verður á staðnum á mánudag milli kl : 17:30 – 18:30

Bæjarlind 201 Kópavogi

Húsnæðið er laust til afhendingar strax.
220fm skrifstofuhúsnæði á 2 hæð.
218fm skrifstofuhúsnæði á 3 hæð (efstu)

Kiðárbotnar í Húsafelli.

Um er að ræða 43,8fm sumarhús mjög vel staðsett á þessum vinsæla stað. Bústaðurinn skiptist í : Stofu, eldhús, baðherbergi og tvö svefnherbergi.
Allt innbú fylgir að undanskildum persónulegum munum, fat-naði, rúmfötum os.frv. Bústaðurinn stendur á 1200fm leigulóð.
Eignin er laus við kaupsamning. Fæst á góðu verði.

Gróðurhús

Gróðurhús í blómstrandi rekstri á mjög góðum stað í Hveragerði. Um er að ræða þrjú góðurhús ásamt geymsluhúsi, samtals 1820,5 fm. Í dag eru húsin nýtt undir rósarækt. Góð viðskiptasambönd. Miklir framtíðarbyggingarmöguleikar.
Nánari upplýsingar veitir Leifur í síma 820-8100

Laugavegur 66 • 101 Reykjavík • Sími 511 3101 • Fax 511 3909 • www.101.is • 101@101.is

Öruggt skjól í nýrri eign

GLÆSILEGAR SÝNINGARÍBÚÐIR
– hafðu samband og við aðstoðum þig við að finna íbúðina þína

Kynntu þér eignir á sölu hjá Bygg á heimasíðu þeirra, bygg.is
Lundur • Langalína • Jónshús • 17. júní torg

Einnig er möguleiki á leigu!

UPPLÝSINGAR UM SKOÐUN
Hilmar: 896 8750
Benedikt: 693 7304

FJÁRFESTING FASTEIGNASALA EHF
Sími 562 4250
www.fjarfesting.is
BORGARTÚNI 31

BYGG

Glæsilegar, vandaðar íbúðir

- Vandaðar íslenskar innréttingar úr eik frá Brúnás
- Innihurðir og flísar frá Agli Árnasyni
- AEG eldhústæki frá Ormsson
- Gólfhiti í baðherbergi
- Álklæðning utanhúss

FAGMENNSKA
METNAÐUR
REYNSLA

BÚUM BETUR

BYGG

www.bygg.is

husasala.is
FYRSTA FLOKKS FASTEIGNASALA
Guðfinna Jóh. Guðmundsdóttur hdl og lögg.fasteignasali



Fjallalind 38

Vandað og vel staðsett 172 m2 endaraðhús í þessu vinsæla hverfi. Eignin telur stofu, eldhús, borðstofu, sjónvarpshol, 3 svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús, forstofu og bílskúr. Gólfefni er gegnheilt plankaparket á öllum gólfum nema votrýmum. Þetta er eign sem vert er að skoða á þessum vinsæla stað, laus strax. **Verð 49,9 millj.**

Opið hús sunnudaginn 3. maí milli 15:00 -17:00 að fjallalind 38, verið velkomin.

Atli sölufulltrúi svarar fyrirspurnum og sýnir eignina s: 899-1178 eða atli@husasala.is

husasala.is
FYRSTA FLOKKS FASTEIGNASALA
Guðfinna Jóh. Guðmundsdóttur hdl og lögg.fasteignasali

Gimbratún – Fljósthlíð

Vel skipulagt og nýlegt 105 m2 heilsárshús í Fljósthlíðinni í frábæru umhverfi. Eignin telur forstofu, stóra bjarta stofu með frábæru útsýni, borðstofu, eldhús, 3 svefnherbergi, baðherbergi, svefnloft og geymsluloft. Flísar eru á gólfum + gólfhiti. Stutt er í alla afþreyingu s.s golf, veiði gönguleiðir ofl.
Verð 17.9 millj. Góð kaup.

Atli sölufulltrúi svarar fyrirspurnum og sýnir eignina s: 899-1178 eða atli@husasala.is

Laufásvegur 58- til leigu

Hér er um að ræða 140,3 fm verslunarhúsnæði á jarðhæð sem í dag er innréttað sem skrifstofa. Húsið er byggt árið 1934. Byggingarefni er steinn. Um er að ræða tvær verslunareiningar sem hafa verið sameinaðar í eitt rými og breytt í skrifstofu húsnæði. Tveir inngangar eru inní húsnæðið og auðvelt væri að skipta því upp í tvær einingar. Allar nánari upplýsingar gefur Hilmar Hafsteinsson löggiltur leigumiðlari hjá Eignamiðlun í síma 824-9098.

EIGNAMIÐLUN
sala fasteigna í 50 ár
Síðumúla 21 • 108 Reykjavík • S. 588 9090 • fax 588 9095
www.eignamidlun.is • eignamidlun@eignamidlun.is Sverrir Kristinsson, löggiltur fasteignasali

Auglýsingasími
512 50 50
- Mest lesið

ÁSBYRGI ehf
ÁBYRG FASTEIGNASALA – www.asbyrgi.is
Sími 568 2444
Suðurlandsbraut 54 - við Faxafen - 108 Reykjavík

SMIÐJUVEGUR 2, KÓPAVOGI

Höfum í einkasölu 1.172 fm. atvinnuhúsnæði á jarðhæð með mikilli lofthæð og tveimur stórum innkeyrsludyrum. Húsnæðið er einn stór salur með skrifstofum og hefur verið nýtt sem tjónaskoðunarstöð bíla. Óskað er eftir tilboði í eignina og réttur áskilinn til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

Allar uppl. veitir Ingileifur Einarsson lögg. fasteignasali s. 8941448

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.

» Ráðningarþjónusta

Leitar þú að starfsmanni?

HH Ráðgjöf hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.

» Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

■ Vinnusparnaður
Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.

■ Markviss leit
Nýr hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.

■ Þriggja mánaða ábyrgð
Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.

■ Bregðumst fljótt við
Okkar aðalsmerki eru skjót viðbrögð og lögð er áhersla á að flýta ráðningarferlinu eins og unnt er.

■ Fjöldi hæfra umsækjenda
Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.

■ Reynsla og þekking
Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.

■ Sanngjarnt verð
Bjóðum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!

HH Ráðgjöf er alhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

www.isundur.is

Kennsla

Fluguveiðiskóli á bökkum Langár

Fluguveiðiskóli verður haldinn Í Langá 23.-25. júní. Verð kr. 49.900,- fyrir félagsmenn SVFR. Annars kr. 54.900,- Innifalið: Veiðileyfi, kennsla, fæði og gisting. Nánari upplýsingar hjá SVFR í síma 568 6050 og Lax ehf í síma 894 4047.

Ökukennsla

www.aksturinn.is
S. 694 9515

Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

Ökukennsla. Akstursmat. Endurtökupróf. S. 893 4515.

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

Til leigu

TIL LEIGU ATVINNUHÚSNÆÐI Á HÖFÐANUM

Til leigu c.a 190fm pláss í kjallara í Bílakjarnanum Eirhöfða 11 með 3 innkeyrsludyrum. Getur hentað vel undir bónstöð og smáviðgerðir. Verð á fm c.a 1.200 kr. Laust strax.

Uppl. í síma 893 2165 Ingimar & s. 896 1663, Stefán. E-mail: ingimar@nyja.is & stefan@litla.is

Húsgögn

Til sölu Ikea stólar allt að 100 stk. Gott verð - Til í allskonar skipti. Sími 895 2515.

Gerum upp gömul húsgögn, smíðum ný, innréttingar og fleira. Uppl. í s. 849 8785.

Antík

Hjálparlaus karl óskar eftir þroskaðri og lífsreyndri konu til aðstoðar við húshald og heimilisþrif. Vinnumagn eftir þörfum og samkomulagi. S. 8617968

Dýrahald

www.hundaheimur.is
Snyrtiborð með gálga, tvær stærðir og vinsælu járnbúrin komin aftur - Áfram frábær verð. Hundaheimur Mosfellsbæ

2 mán. kettlingar fást gefins til kattavina. Blíðlindir og þrifalegir. S. 846 9919.

Ný fiskasending.
Ný sending af ferskvatnsfiskum og gróðri. Allar malawi síkliður á 1000kr. 30% afsláttur af völdum fiskategundum. Dýragarðurinn Síðumúla 10 S:517-6525 www.dyragardurinn.is

Hundaskóli Heimsenda Hunda Grunnnámskeið fyrir hvolpa og unghunda hefst 5 maí. Fræðandi og skemmtileg. Afsláttur af hundaleyfisgjöldum. Lærður hundaþjálfari, Björn Ólafsson BIPDT. Uppl 897 1992, www.hundaskoli.net

Rough Collie hvolpur með ættbók HRFÍ til sölu. Uppl. www.naeturcollie.com/4535004

Smáhundagæsla inni á heimili án búra, hef leyfi. Gunnvör s. 820 0878, 566 8066.

Gisting

Gisting, tjaldsvæði, salur f. hópa. www.borgarvirki.com info@borgarvirki.com

Gisting Jyderup / Danmörk www.123hjemmeside.dk/islandsk

Fyrir veiðimenn

Nýtýndir, stórir, feitir og sprækir lax og silungamaðkar. Uppl. í S. 864 5290.

Hestamennska

Til leigu/sölu hestakerrur. 2-4 hesta. Léttar í drætti. Hagstætt v. S. 698 2333 & 693 4171.

Reiðhallarsýning Fáks
Á Reiðhallarsýningu Fáks, sem verður í kvöld í Reiðhöllinni í Víðidal, munu m.a. koma fram gæðingar, stóðhestar, áhættuatriði, skemmtiatriði, kappreiðar, Skessur, Þristur frá Feti með afkvæmum og margt fleira. Sýningin byrjar kl. 21:00 og eru miðar seldir við innganginn. Aðgangseyrir kr. 2.000 Björkvöld Fáks verður svo í framhaldi af sýningunni í Reiðhöllinni. Hestamannafélagið Fákur

Húsnæði í boði

www.heimkynni.is
Til leigu 4ja herbergja íbúðir, lausar strax. Heimilistæki fylgja. Allar frekari upplýsingar á heimasíðu okkar www.heimkynni.is

Leigusali auglýstu FRÍTT
Leigjandi leitaðu FRÍTT
Leiga.is
Löggild leigumiðlun
Vinsælasta leigumiðlun landsins*
Sími 615 4422
*skv. modernus

www.leiguherbergi.is

Gistiheimili / Langtímaleiga /

Guesthouse long term rent.
Herb. til leigu. Eldh. baðh. internet, 10 sjónvarpsst., þvottah. Verð frá 35 þús. Dalshraun HFJ og frá 45 þús. Funahöfða RVK. Long term rent. Kitchen, bathroom, 10SAT TV, laundry room. Price from 35.000 ISK. Dalshraun HFJ & 45.000 ISK. Funahöfða RVK.
Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is

LMH.IS
Leigumiðlun Hafnarfjarðar
S 517-0150

Íbúðir og atvinnuhúsnæði til leigu í Hafnarfirði, Kópavogi og nágrenni. www.lmh.is sími 517-0150

ÞARFTU AÐ LEIGJA ?
Vantar eignir á skrá
Öflug leigumiðlun.
husaleiga.is

Leigjendur, takið eftir!
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Herbergi til leigu/Room for rent í Reykjavik 104. Includet WC, kitchen and washing machine. Tel. 691 4858.

Til leigu 92fm, 3herb. íbúð m/sérinngangi 111 Rvk. V. 100 þús + 2 mán fyrirfr. Uppl. í s. 867 1070.

Til leigu 4herb 85 ferm íbúð í Fossvogi með stórum suðursvölum. Leiga 120þ. á mán.laus strax 6934532.

Fossvogur - 108
4 herb. neðri hæð í raðhúsi m. sérinngangi og garði, 2 baðherb. Uppl. í s. 899 6724.

3 herb. ca 70 fm miðsvæðis RVK jarðhæð, sérinng., einkabilst. Laus strax V. 115 þ. m/öllu. S.899-1888

4ra herb. 114fm nýlegt raðhús í Hraunbæ R.vík til leigu. Laust strax. S.898 3420

3h 70 fm íbúð í 101 til leigu frá 1.6 til 1,9. hussgögn, net rafm hiti innif. leigist á 100 þ /mán. uppl s: 8461114, 8920643

Til leigu parhús í Grindavík. Uppl. í s. 895 2563.

3ja herb. nýleg íbúð í Hraunbæ R.vík. Sérinngangur. Laus. 898-3420.

Bakhús til leigu við Laugaveg. Uppl. í s. 661 5219.

Studio apt. and rooms with private bathroom for rent in Stapahraun 2 Hfj. Kitchen, washer, dryer and free internet. Furniture if needed. Tel 893 6060.

SELJAHVERFI Gott herbergi útbúið húsgögnum að hluta, baðherbergi,ísskápur, þvottavél, internet o.fl. Uppl. s. 8917630

Til leigu stórt einb.hús á Akranesi. 5 svefnh. langt.leiga. Uppl. s. 8933391.

4-5 Herb, 103fm íbúð í skipholti. 11 tölvutenglar í íbúð fyrir ljósleiðara eða adsl. Vestursvalir, með eða án húsgagna. 133 þús 696-3692

Snyrtilegt herb. til leigu í 104 með aðg. að eldhúsi og þv.h., nánari uppl. Guðný 691 2425

2 saml. herb. til leigu á betsa stað í Hlíðunum. Aðg. að eldh., snyrtingu & þvottaaðst. Gæti t.d hentað hjónum eða pari með 1 barn. Stutt í skóla og þjónustu (Kringlan t.d). S. 892 2001, Jón.

Herbergi til leigu í Hafnarfirði og Sandgerði. Uppl. í s. 615 3542

LAUS STRAX 60FM ÍBUÐ Í 101RVK 50.000 KR Á MÁN. Nánari uppl. SVERRIR s. 6605207 & 5573922.

FALLEG,BJÖRT OG NÝUPPGERÐ AÐ INNAN SEM UTAN ÍBÚÐIN ER 4HERB(75fm) Í ÞINGHOLTSSTRÆTI,LAUS STRAX.VERÐ 120+hiti og rafm. UPPLÝS.6994913

SKAMMTÍMALEIGA. íbúð til leigu í Breiðh. 11/5-20/6. 60þús á mán. Allt innifalið 553-0305/8640306

4 herb. 130fm nýuppgert og glæsilegt raðhús með garði til leigu í 111 Rvk. Laus strax. Húsið er í rólegu hverfi og stutt í alla þjónustu. Rafm. og hiti innifalið. Uppl. í s. 8957304

Mjög gott herbergi með húsgögnum á góðum stað í Hafnarfirði til leigu. Eldunar- og þvottaaðstaða og nettenging. Uppl.. í síma 899 7004.

Húsnæði óskast

Par með hund óskar eftir leiguíbúð í langtímaleigu frá júní. Uppl. í s. 6151481

Mæðgur óska eftir 3ja herbergja íbúð á svæði 103/108. Reglusemi og skilvirkum greiðslum heitið. Uppl. í s: 8950660.

Árbær/Ártúnsholt (110). Reglusamur fjölskyldumaður (43kk) óskar eftir 2-3 herbergja íbúð i Árbæ eð Ártúnsholti sem fyrst. Reyklaus. Góð umgengni og skilvísar greiðslur. Uppl. í síma 893 3081.

Reglusamt par óskar eftir rúmgóðu einbýli til leigu. Rekum netverslun frá heimili okkar. Æskileg staðsetning er 101-108. Langtímaleiga. Nánari uppl í síma 8405221 eða hedinng@simnet.is

Háskólastelpu vantar 2-3 herb. íbúð. Gr.g. 80þús ef gerður er húsal.samn. 694 2740.

Örugga leigjendur vantar 4-5 herb íbúð í Grafarvogi, Borga, Víkur, Engja eða Rimahverfi. uppl í síma 8649844/8961844

óskar eftir 3ja herbegja íbúð til leigu. Helst ekki dýrara en 80 þús. á mánuði. S. 849-1382. - Elí Þór

Par óskar e. 3 h. íbúð sem leyfir hundahald. Skilvirkum greiðslum heitið. Verðh. 110 þ. 8618478 Jón

50 ára kona óskar eftir 2 herb. íbúð í Rvk eða Kóp, strax. Greiðslug. allt að 90 þús. S. 866 8523.

Sumarbústaðir

Tilboð óskast i tæplega 20 m2 vandað timburhús. Sjá nánar á www.skot-sfs.is

45fm sumarbústaður til sölu í Húsfelli á Ásenda 4. V. 9,8 m. S. 895 2490 & 821 4577.

Til sölu 16 m2 gestahús með verönd, vel einangrað. Tilbúið til flutnings. s 862 0086

Óska eftir sumarbústað í Grímsnes- og Grafningshreppi í skiptum fyrir 115fm.iðnaðarhúsnæði í Reykjanesbæ ásamt BMVx5 árg.2006 jeppa.Aðeins vel með farinn nýlegur bústaður með eignarlandi og aðgang að heitu vatni kemur til greina,má vera ófrágenginn að einhverju leiti.Upplýsingar í síma 8925597.

Skorradalur Til leigu 80 fermetra heilsárshús í sumar,leigist í eina viku eða lengur. Stórglæsilegt sumarhús alveg við vatnið Fyrirspurn sendist á sumarhusskorradalur@gmail.com

Atvinnuhúsnæði

Bolholt 4 til leigu !
170fm. verslunarhúsnæði á götuhæð í góðu ástandi. Laust strax.
Einnig 50-140fm skrifstofuhúsnæði í sama húsi (2 hæð).
Uppl í s. 893 8166.

Skrifstofuhúsnæði til leigu
3 mjög góð skrifstofurými til leigu við Suðurlandsbraut. 43-35 og 15fm skrifstofurými. Næg bílastæði. Glæsilegt útsýni. S. 895 0503.

Til leigu 150 fm iðnaðarhúsnæði að Kársnesbraut.Gott úti pláss,skrifsofu aðstaða.Verð 150þús.uppl.660 5600.

Skrifstofuherbergi á Strandgötu í Hafnarfirði til leigu. Uppl. í s. 899 8121.

Geymsluhúsnæði

TIL LEIGU EÐA SÖLU TÆPL. 30 FM BÍLSKÚR/GEYMSLA MEÐ HITA, VATNI, RAFM. OG SNYRTINGU. 822-4850

www.buslodageymsla.is
Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 2074.

Til leigu, geymsluhúsn./bílskúr að Móhellu Hafnarfirði, 26m2 að stærð. Laust strax. mánaðarleiga 30.000.- Uppl. í síma 861 1006.

geymslur.com
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

www.geymslaeitt.is
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Góð verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað.S: 564-6500

Gisting

GISTING Í KAUPMANNAHÖFN FRÁBÆRT VERÐ!
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Verð frá 750 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com.

www.leiguherbergi.is
Herbergi til leigu í Reykjavík og Hafnarfirði, frá 1500.- kr á dag. www.leiguherbergi.is s. 824 4535

Gista.is / S. 694 4314
2ja-3jaherbergja íbúðir á Akureyri. Uppábúin rúm, Internet, ADSL TV.

Gistiheimili Halldóru Hvidovre/Köben. Herbergi, íbúð, stúdíóíbúð email@gistiheimilid.dk S. 0045 2460 9552.

Vikugisting í glæsilegum hótelíbúðum í Hafnarfirði. Allur húsbúnaður, nettenging, sjónvarp, eldunar- og þvottaaðstaða, 2- 6 í íbúð, verð: 45-90 þús. á viku. Uppl. í síma 899 7004.

Atvinna í boði

Þjálfarar óskast
Fimleikadeild Fjölnis óskar eftir reyndum þjálfurum frá og með næsta hausti. Deildin leitar að þjálfurum bæði fyrir byrjendur og lengra komna.
Í boði eru samkeppnishæf laun og önnur fríðindi. Fimleikadeild Fjölnis hefur verið í örum vexti og hafinn er undirbúningur við að fá nýtt og betra húsnæði fyrir deildina á næsta ári.
Áhugasamir eru hvattir til að senda umsókn með ferilskrá á netfangið fimleikadeild.fjolnir@gmail.com

seafood cellar restaurant
sjávarkjallarinn

Sjávarkjallarinn
Bjóðum verðandi matreiðslumönnum frábæran stað til þess að læra fagið á. Langar þig til þess að vinna við matreiðslu á einum besta veitingastað í Reykjavík?
Uppl. veitir Hrefna (694 3854) alla virka daga milli 10-12 og 14-17 í síma eða á staðnum.
Umsóknir á: http://umsokn.foodco.is

Eldsmiðjan
ENGRI LÍK!

Eldsmiðjan á Suðurlandsbraut
Yfirmaður í símveri Símsvörun, móttaka allra vafamála, kenna nýju starfsfólki. Vinnutími: Önnur hver vika fi-su: 17-22 Hæfniskröfur: 25 ára aldurstakmark, reynsla í símsvörun. Reynsla af stjórnun æskileg. Umsóknir aðeins á: http://umsokn.foodco.is

A job in housekeeping Poszukujemy ososby do sprzatnia w gesthousie miesci sie on w centrum Reykiawiku Porsgata 26 jest to praca sezonowa od polowy maja do pazdiernika , mile widziana znajomosc jezyka angielskiego. Prosimy wszystkie zainteresowane osoby o kontak telefoniczny lub prosimy przyjsc osobiscie. Prosze kontaktowac sie od poniedzialku do piatku, od 8-16 telefon 5115570 Sandra, Donata

Gólflagnir óska eftir að ráða starfsmenn til lagningu gólfefna Gólflangir sérhæfa sig í lagningu iðnaðargólfa steinteppa og flotun . Múrarar, málarar og menn með reynslu úr byggingariðnaði ganga fyrir. Vinsamlegast sendið upplýsingar á netfangið golf@golflagnir.is.

Óska eftir vönum starfskrafti í sauðburð á Norðurlandi. Uppl. í s. 452 4288.

Vélstjóra vantar á m/b Glófaxa VE-300 upplýsingar í síma 844 6022.

Hreyfing Heilsulind Ertu með góða þjónustulund og öflugur sölumaður? Áhugasamir hafa samband í síma 414-4015 eða á radgjafar@hreyfing.is

Óska eftir fólki í úthringingar, helst vönu. allir koma til greina, Föst laun + árangurstenging. Uppl. sendist á sjonni@tryggir.is

Atvinna óskast

2 men looking for light carpenter job. S. 857 9937 & 843 5018.

Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.

Einkamál

Símadömur - Gleðilegt sumar
Hringdu til okkar, við erum í sumarskapi og við viljum vera draumadísirnar þínar þegar þér hentar.
S. 908 6666 & 908 2000.

SÍMAÞJÓNUSTUR
Stefnumót
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
Spjall
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
Gay spjall
535-9988 (kreditkort)
Sögur
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
Spjalldömur
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

Símaþjónusta Spjalldömur
S. 908 6666 & 908 2000. Opið þegar þér hentar

Athugið
Ekkjumaður í góðum efnum vill kynnast huggulegri konu 55-75 ára. Rúmgóð íbúðarhæð, sumarhús o.fl. til staðar. S. 553 4231.

Fasteignir

Skemmtanir

ego dekor



DIVANY TV skenkur
í hvítu eða svörtu háglans
Stærð: 180cm
Verð: 105.000,-
Einnig fáanlegur í 120cm og 240cm

DIVANY
Í hvítu eða svörtu háglans
Borðstofuborð
200x100cm
Einnig til í 140x140cm
Verð: 118.000,-
Spegill
140x90cm
Verð: 32.000,-
Borðstofuskenkur
240cm
Verð: 178.000,-
Einnig til í 180cm

-15%

RIO stóll
Fáanlegur í nokkrum litum
Verð áður: 14.800,-
Verð nú: 12.580,-

OPAL leðurstóll
Einnig fáanlegur í brúnu og hvítu
Verð: 15.800,-

-15%

Stækkanlegt borð
Stærð: 160cm(248cm)x100cm
Verð áður 89.000,-
VERÐ NÚ 75.650,-

Zen leðurstóll
Eingöngu fáanlegur í brúnu leðri
Verð 16.500,-

Stækkanlegt borð
Stærð: 200cm(288cm)x110cm
Verð: 139.000,-
Stærð: 160cm(248cm)x100cm
Verð: 128.000,-

FLOTT HÚSGÖGN Á GÓÐU VERÐI

LUND tungusófi
Stærð: 232x160cm færanleg tunga
Fáanlegur í 2 litum
Verð: 158.000,-

EAST COAST tungusófi
Stærð: 260x180cm
Færanleg tunga
Fáanlegur í 3 litum
Verð: 187.000,-

-25%

Metro tungusófi
Stærð: 266cmX166cm
Microfiber áklæði
Fáanlegur í tveimur litum
Verð áður: 198.000,-
VERÐ NÚ: 148.500,-

-20%

PLAZA tungusófi
Stærð: 285x162cm
Fáanlegur í 3 litum
Verð áður: 248.000,-
Verð nú: 198.400,-

Opið: mán-fös 10:00-18:00 - lau 10:00-16:00 - sun 13:00-16:00 - Bæjarlind 12 - S: 544 4420 - www.egodekor.is

Sófinn Dalilips sem hannaður er eftir hugmynd Salvadors Dalí.

Súrrealísk húsgögn

Salvador Dalí er kannski best þekktur fyrir málverk sín af bráðnandi klukkum. Hins vegar fékk hann einnig hugmyndir að húsgögnum í gegnum tíðina sem flest voru þó það flókin að erfitt var að framleiða þau. Nú í seinni tíð hefur nokkrum hugmyndum hans verið hrint í framkvæmd. Þekktasta húsgagn Dalís er líklega varasófinn sem hann hannaði ásamt Oscar Tusquets árið 1937 fyrir Mae West-herbergið í Dalí-safninu í Figueres á Spáni. Sófinn hefur nú verið settur í framleiðslu í örlítið breyttri mynd og hefur hlotið nafnið Dalilips. www.bonaluxat.com.

Trjágreinar úr garðinum öðlast nýtt líf.

Notagildi ofar öllu

Notagildi er í hávegum haft hjá sænska hönnuðinum Margot Barolo sem sameinar blómapott og ljós í sköpunarverki sínu Lampel. Ljósið getur skipt um ham eftir árstíðum og smekk eigandans og ofan í það má planta hverju sem er, svo lengi sem það er jurt sem þrífst innandyra.



Skipt um ham.

Ljósið stendur einnig vel fyrir sínu eitt og sér eða skreytt borðum, steinum, fjöðrum eða öðru tilfallandi. Sjá nánar á www.barolo.nu og www.belysningsbolaget.se.

Ofan í ljósið má planta nánast hverju sem er.

MYNDIR ÚR EINKASAFNI

Besta fjölskyldusportið

Sumir foreldrar súpa hveljur við tilhugsunina um barnið sitt keyrandi um á mótorhjóli. En ekki þau Sigurlaug og Torfi, sem segja mótorkrossið með betra fjölskyldusporti sem völ er á. „Þessu fylgja svo margir góðir kostir. Við erum til dæmis saman langflestar helgar á sumrin, keyrum um landið og leitum uppi gamla slóða eftir bændur og búalið," segir Sigurlaug og bætir við að að sjálfsögðu sé þess gætt að fara aldrei utan vega þar sem ekki má hjóla. „Verslunarmannahelgin er ekkert vandamál hjá okkar unglingum, við höfum eytt þeirri helgi saman á mótorkrossmótum alla þeirra ævi."

Systkinin eru öll staðráðin í því að þegar þau eignast sjálf sína eigin fjölskyldu verði mótorkrossið áfram þeirra fjölskyldusport. „Ég myndi miklu frekar setja barnið mitt á mótorhjól, þar sem það er vel varið og fylgst með því, heldur en að hleypa því út á götu í Reykjavík á hjólinu sínu með ekkert nema hjálm á hausnum," segir Freyr að lokum, áður en hann rýkur út á æfingu. *- hhs*

VISSIR ÞÚ?

... vinsældir torfæruvélhjólaaksturs hafa stóraukist á undanförnum árum. Í dag stunda um þrjú þúsund manns sportið. Þeirra á meðal er mikið af fjölskyldufólki sem hefur aksturinn að lífsstíl.

... það er kallað mótorkross þegar keyrt er í stuttri hringlaga keppnisbraut með manngerðum stökkpöllum og kröppum beygjum.

... endúró er hins vegar frekar nokkurs konar þolakstur, þar sem keyrt er á lengri brautum eða slóðum úti í náttúrunni.

... að brautirnar í kringum höfuðborgarsvæðið eru svo vel sóttar að þar eru jafnan tugir manns, sama hvenær er dags.

... aðstaðan þykir best í Bolöldu, til móts við Litlu kaffistofuna. Hinar brautirnar eru í Álfsnesi, MotoMos í Mosfellsbæ og Sólbrekka í Grindavík. Brautin í Þorlákshöfn er svo aðal vetrarbrautin.

... brautir er að finna úti um allt land, meðal annars á Selfossi, Hólmavík, Ólafsvík, Akureyri, Sauðárkróki, Egilsstöðum og Höfn í Hornafirði.

svo gaman saman

fjölskyldustundir eru gæðastundir



Afmælisgestir Skírnir, Álfrún Embla, Sigrún Freyja, Sif, Gísli Garðar og Guðmundur Fróði.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Veisluborð fyr

Linda S. Guðmundsdóttir leitaði logandi ljósi að langborði fyrir börn fyrir síðasta barnaafmæli sem hún hélt. Leitin bar ekki árangur og því varð úr að borðið var smíðað úti í bílskúr. Börn og fullorðnir fögnuðu framtakinu.

Mig langaði til þess að kaupa lítið borðstofuborð fyrir börnin en fann það hvergi. Það endaði þá einfaldlega þannig að maðurinn var sendur út í Byko þar sem hann keypti efni og svo smíðaði hann fyrir mig borðið. Stólana við keypti ég í Ilvu," segir Linda, sem segir langborðið, sem er tveir metrar á lengd, hafa slegið í gegn í eins árs afmæli sonarins Guðmundar Fróða á dögunum. „Krakkarnir gátu þá setið í rólegheitum og ég þurfti ekki að leggja á borð á nýjan leik fyrir fullorðna fólkið, það sat við borðstofuborðið." Linda bendir á að fyrirkomulagið sé ólíkt þægilegra fyrir börnin, þau þurfi ekki að krjúpa eða teygja sig til að ná í borðið eins og við venjulegt borðstofuborð. „Borðið nýtist svo sem föndurborð hina daga ársins," segir Linda sem fann því stað í herbergi við hlið stofunnar en þar er fínasta leikherbergi bræðranna Guðmundar Fróða og Gísla Garðars.

Linda og eiginmaður hennar Bergur Gestur Gíslason hafa bæði mjög gaman að því að halda barnaafmæli, upp á gamla mátann með kökum og kræsingum. Linda sér

Árin sem enginn man

Frumbernskan er mótandi og mikilvæg segir Sæunn Kjartansdóttir sálgreinir.

Fyrstu þrjú árin í lífi barns og ekki síst fyrstu mánuðurnir og árið gegna algjöru lykilhlutverki í mótun einstaklinga," segir Sæunn Kjartansdóttir sálgreinir en nýverið kom út bók hennar Árin sem enginn man eftir. Í bókinni er meðal annars sagt frá því hvernig vísindalegum stoðum hefur verið rennt undir kenningar sálgreiningar um mikilvægi frumbernskunnar. „Rannsóknir í taugavísindum hafa sýnt fram á að þroski ákveðinna svæða í heilanum helst í hendur við umönnun fyrstu ár ævinnar."

Sæunn segir hvatann að bókarskrifunum meðal annars hafa verið löngum til að miðla þessari þekkingu til hins almenna lesanda. En einnig hafi vinna hennar með konum sem hafa sinnt meðferð mæðra sem eiga af ýmsum ástæðum erfitt með að tengjast börnum sínum verið henni hvati til að skrifa um mikilvægi frumbernskunnar.

„Börn eru miklu skynugri og næmari en við höfum haldið. Magn tímans sem við verjum með þeim skiptir miklu máli því með því að vera mikið með börnunum okkar á unga aldri kynnumst við þeim betur og verðum þar af leiðandi færari um að lesa þau rétt og bregðast við þörfum þeirra á viðeigandi hátt," segir Sæunn, sem bendir á að samvera og tengsl búi til væntumþykju og börn sem séu mikið með foreldrum sínum og byggi upp grundvallaröryggi í lífi sínu búi að því fram á fullorðinsár. Hennar mat er að íslensk börn fari of ung í dagvistun og dvölin á leikskólum sé oft á tíðum of löng. „Það hefur verið einhvers konar sátt í samfélaginu um að þetta sé best fyrir alla og viðkvæmt mál að gagnrýna þessa löngu dagvistun," segir Sæunn, sem mælir með því að foreldrar leiti leiða til þess að stytta dagvistunartíma barna sinna, sérstaklega fyrstu þrjú árin.

Sæunn Kjartansdóttir Nýútkomin bók hennar fjallar um áhrif frumbernskunnar á fullorðinsár og mikilvægi þess að foreldrar og börn verji miklum tíma saman.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

LEIKGLEÐI OG SKÖPUNARKRAFTUR Leiklist, spuni, hiphop, afródans, myndlist og jóga er á boðstólum í sumarskóla Kramhússins. Hann er opinn börnum á aldrinum sjö til tólf ára, námskeiðin taka fimm daga og kosta tæpar tuttugu þúsund krónur.

Þær bláu bragðast betur Gísli Garðar er alveg viss um að bláar pönnukökur bragðast best.

Flott afmæliskerti Öðruvísi afmæliskerti setur skemmtilegan brag á kökuna.

Fiðrildakaka Skreyttar kökur gleðja augu og maga.

rir börnin

að mestu um veitingarnar en eldri sonurinn er liðtækur aðstoðarmaður. „Hann skreytir möffinsin fyrir mig, ég geri smjörkrem og set í það matarlit og hann setur kremið á. Einnig er fastur liður að hann geri ostapinnana og stingi í greipávöxt.“

Matarlitur er leynivopn Lindu er kemur að því að gera veisluborðið litríkt og skemmtilegt. Nú síðast prófaði hún að setja grænan og bláan lit í venjulegar pönnukökur og það sló alveg í gegn. „Eins og sonur minn sagði þá smakkast bær bláu betri en venjulegar.“

Linda dró einnig fram gamalt bollastell sem hún átti og lagði á fína veisluborðið. „Þetta var stell sem ég fékk gefins frá pabba mínum en er eiginlega of lítið fyrir fullorðna. Það hentar hins vegar fullkomlega fyrir börn og þau höfðu mjög gaman af því að drekka eplasafa úr bollum,“ segir Linda sem leit við í Fríðu frænku og bætti könnu í stellið.

„Svo er Partýbúðin vinsæll áfangastaður áður en veisla er haldin, þar má fá alls kyns afmælisskraut,“ segir Linda.

- sbt

SAMVERA

Fjöruferð Fátt er skemmtilegra en að fara með fjölskylduna í fjöruferð og á eyjunni Íslandi er aldeilis af nægum fjörum að taka. Ekki þarf að vera sól og sumar til að fjöruferð hitti í mark, það er bara hægt að klæða sig vel ef veðrið leikur ekki við landið. Svo er um að gera að taka sandakassadótið með, leggja vegi, byggja stíflur og kastala. Listina að fleyta kerlingar er líka um að gera að kenna öllum börnum og efna svo til fjölskyldukeppni í henni. Þegar sæmilega hlýtt er í veðri er hægt að vaða í sjónum og þeir hughraustu geta jafnvel skellt sér til sunds, henti aðstæður til þess.

Litríkar og hljómfagrar
Föndur þarf ekki að vera flókið og jafnvel mestu klaufabárðar geta búið til ýmislegt skemmtilegt með börnunum sínum á rigningardögum þegar notalegt er að vera inni með fjölskyldunni. Með einföldum hætti er til dæmis hægt að búa til sýlófón, þá þarf ekki annað en nokkrar glerflöskur sem í er sett mismikið vatn. Til að gera hlutina skemmtilegri er tilvalið að setja matarlit út í vatnið. Síðan er ekki annað en að slá laust í flöskurnar með skeið eða blýanti til þess að spila lag. Þessa hugmynd og fleiri er að finna í bók sem heitir Kids' Art & Crafts. Easy Projects og fæst í Eymundsson.

Fjölskyldusumar í Mosfellsbæ

Í Mosfellsbæ er margt í boði fyrir fjölskylduna í sumar. Hestaleiga, útimarkaðir allar helgar, göngu- og hjólaleiðir, fuglaskoðun, frábær sundlaug, víkingaleikvöllur, Laxnessafnið að Gljúfrasteini, veitingastaðir, handgert súkkulaði, hnífasmiður, listafólk og ullariðnaður í Álafosskvos og margt fleira. Nánari upplýsingar á mos.is

Góða skemmtun í Mosfellsbæ.

VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSÆKNI UMHYGGJA

MOSFELLSBÆR

Vestfirðir
- þinn áfangastaður -
Firðirnir, fjöllin og fjaran.
Náttúran, mannlíf og sagan.

Vesturferðir
Sími: 456 5111, info@vesturferdir.is, www.vesturferdir.is

Svefnsófar í miklu úrvali

▲ KLICK-KLACK svefnsófar tilvaldir í unglingaherbergið Margir litir

▲ TANGO svefnsófar vandaður og þægilegur sófi með slitsterku áklæði

Opið virka daga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-16
www.valhusgogn.is
Röltu um verslunina okkar í rólegheitum á netinu með nýja 360° sýningarkerfinu okkar Þetta verður þú að prófa!

Valhúsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375

GAGN&GAMAN

Tunglið stækkar Leikritið Alli Nalli og tunglið er sýnt um þessar mundir í Gerðubergi. Það byggir á sögu Vilborgar Dagbjartsdóttur sem kom fyrst út árið 1959 en í henni segir frá stráknum Alla Nalla sem harðneitaði að borða grautinn sinn sem endaði með því að mamma hans gaf tunglinu grautinn. Í leikgerð Möguleikhússins eru það pössunarpíurnar Ólína og Lína sem taka á móti leikhúsgestum og halda utan um sýninguna sem tekur um 45 mínútur í flutningi. Sýningin er fínasta skemmtun fyrir yngri börnin, litrík og lífleg.

Hressandi drykkur Tilvalinn eftirréttur í hollari kantinum er að búa til heilsudrykk sem krökkum þykir góður. Ekki er verra að einfalt er að búa þá til og geta krakkar tekið þátt í því. Vel þroskaður banani, mjólk og kakómalt er til dæmis góð uppskrift að sjeik. Venjulegt skyr eða vanilluskyr er líka góð uppistaða í heilsudrykk, mjólk, banani og fínt brytjað suðusúkkulaði eftir smekk út í og fyrirtaks súkkulaðisjeik í hollari kantinum er fram reiddur. Berist fram í háu glasi með röri.

Krakkajóga Skapandi aðferðir út frá jóga fyrir börn, unglinga og þá fullorðnu sem vilja vekja leik barnsins innra með sér verður kennt í Lótus jógasetri helgina 29. til 31. maí næstkomandi. Kenndar eru uppbyggjandi aðferðir sem skapa traust, auka næmi, styrkja samskiptahæfileika og leikgleði. Kennari og höfundur námskeiðsins er hin fjölhæfa og orkumikla Gurudass Kaur en hún hefur kennt jóga og unnið með börnum í meira en þrjátíu ár. Þátttökugjald námskeiðsins er 24 þúsund krónur en innifaldir eru tveir geisladiskar og námshefti.

KJARNAFÆÐI

FORELDRAR ATHUGIÐ!

Innheldur Omega3 fitusýrur

KRAKKABÚÐINGUR ÁN MSG

Soðin vara - Geymist í kæli við 0-4°C

Eldunarleiðbeiningar: Hitið í potti eða sneiðið og steikið

(ÍS) Innihald: Svínakjöt - Nautakjöt - Vatn - Lambahjörtu - Kartöflumjöl - Spínat - Gulrætur Paprika - Salt - Omega 3 fiskiolía(0.41%) - Pipar - Þrúgusykur - Hvítlaukur - Krydd

(EN) Ingredients: Pork - Beef - Water - Lamb - Potato flour - Spinach - Carrot - Sweet pepper - Salt - Omega 3 fish oil - Pepper - Dextrose - Garlic - Spices

(DK) Ingredienser: Grisekød - Oksekød - Vand - Lammekød - Kartofflemel - Spinat - Gulerød- Peperfrugt - Salt - Omega 3 fiskeolie - Peber - Druesukker - Hvidløg - Krydderier

Næringargildi / Ingredients / Ingredienser	100 g:
Orka - Energy - Energi	724 kJ/173 kkal
Prótein - Protein - Protein	11 g
Kolvetni - Carbohydrate - Kulhydrat	3,3 g
Þar af Sykur - Sugars - Sukkerarter	0,2 g
Fita - Fat - Fedt	13 g
Þar af Mettaðar fitusýrur - Saturates - Mættede	5,0 g
Einómettaðar fitusýrur MUFA Monounsaturates - Monomættede	6,0 g
Fjölómettaðar fitusýrur PUFA Polyunsaturates - Polyumættede	2,0 g
Omega-3 fitusýrur	0,26 g
EPA+DHA	0,09 g
Kólesteról	41 mg
Trefjar - Fibre - Kostfibre	0,3 g
Natríum -Sodium -Natrium	0,9 g

FENGURINN Þeir voru ánægðir veiðifélagarnir með fenginn en alls féllu um tvö hundruð fuglar.

veiðimanna að setja í stórlúður við strendur Íslands. Einnig er mjög eftirsóknarvert að veiða steinbít og stóra þorska. Stórlúðurnar koma upp að landgrunninum á vorin og þá geta menn sett í hrikalegar stórlúður fyrir utan Vestfirðina og stundum á ólíklegustu stöðum. Þetta er annað sumarið mitt sem sjóstangaveiðileiðsögumaður fyrir Fisherman en ég er borinn og barnfæddur Súgfirðingur (fæddur 1965) og átti hér heima í 30 ár en fluttist í Kópavog fyrir um 14 árum síðan. Á haustin hef ég síðan boðið íslenskum og erlendum gæsaskyttum upp á gæsaveiði víða um landið með ágætis árangri.“

Villibráðarveisla í hæsta gæðaflokki

Það voru ánægðir veiðimenn sem sigldu inn Súgandafjörð eftir tíu tíma úthald. Siglt var yfir Djúpið og gaf þá á bátinn en í Aðalvík var skjól af fjöllum og var stórbrotið að sjá frá sjó. Afskaplega afskekkt vík en sögufræg því þarna tók Friðrik Þór Friðriksson Börn náttúrunnar að hluta. Gert var að aflanum um borð en miklu skiptir að hamfletta fuglinn sem fyrst svo kjötið taki ekki í sig lýsisbragð af hamnum og þá ekki síður innyflum – fiski sem fuglinn nærist á. Og kom á daginn að meistaraskyttan Róbert reyndist meistarakokkur einnig. Hann segir að ekki skipti síður máli þegar veiðimennska er annars vegar að kunna að neyta bráðarinnar.

„Talisman er sjávarréttaveitingastaður en ég hef sjálfur verið að elda villibráð fyrir sérhópa samkvæmt óskum viðskiptavina. Þá gjarnan blanda ég villibráð og fiskmeti saman eins og eftirfarandi matseðill sýnir glögglega,“ segir Róbert sem má að ári búast við heimsókn þess sem hér skrifar.

Ferðamennska mun aukast innanlands

Ferðaþjónusta er eitt þeirra lykilorða sem heyrðust mjög í kosningabaráttunni í tengslum við atvinnumál. Ekki að ófyrirsynju. Menn búast við verulegri aukningu ferðamannastraums innanlands sem þó hefur verið í sókn undanfarin ár. Hörmuleg staða krónunnar þýðir að ekki er fýsilegt fyrir Íslendinga að ferðast til útlanda og búast má við auknum straumi ferðamanna til Íslands. Ólöf Ýrr Atladóttir er ferðamálastjóri Íslands og hún segir rétt að fólk í ferðaþjónustu vonist eftir verulegri aukningu. „En fæst orð bera minnsta ábyrgð. Við vinnum faglega og nú er verið að vinna könnun á væntingum innan íslensku ferðaþjónustunnar. Hvað ætla landsmenn að gera? Hvað væntingar hafa þeir til íslenskrar ferðaþjónustu? Niðurstaðan getur orðið til leiðbeiningar fyrir ferðaþjónustuna. Við sjáum að dregið hefur úr framboði hjá þeim sem ferja fólk til útlanda sem gefur til kynna að landinn ætli að horfa sér nær í sínum ferðalögum. Og forvitnilegt verður hvernig fólk skipuleggur stóru sumarfríin sín.“

Vestfjarðakjálkinn er af mörgum óuppgötvuð perla. Hringvegurinn liggur einhvern veginn þannig að menn hafa brunað þar hjá. „Já, það er planið að breyta því,“ segir Jón Páll Hreinsson framkvæmdastjóri Markaðsskrifstofu Vestfjarða. Hann segir menn í ferðaþjónustu á Vestfjörðum líta björtum augum til sumarsins. Bókanir hafi gengið mjög vel. „Menn eru bjartsýnir og eru tilbúnir að taka á móti fólki. Nú eru sá tími að fólk er að skipuleggja sumarið og hér fyrir vestan eru menn að undirbúa sig; mála, græja, helluleggja – já, menn eru viðbúnir því að það verði nóg að gera.“

ÞÝSKU SJÓSTANGVEIÐIMENNIRNIR ERU NÍSKIR SNILLINGAR SEM ÍSLENDINGAR GETA ÝMISLEGT LÆRT AF

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

Róbert segir Þjóðverjana snillinga við sjóstangveiðar og Íslendingar geti margt af þeim lært. Draumurinn er að setja í stórlúðu en menn eru einnig að veiða risavaxinn þorsk og hlýra – og lítil ástæða til að fúlsa við slíkum feng.

Allt að -70%

CINTAMANI

SPJARAÐU ÞIG

15.990.- áður 29.990.-

CINTAMANI EYGLÓ
Dúnúlpa með hettu og ekta loðkraga. Fylling er 95% dúnn og 5% fiður sem gerir úlpuna létta og hlýja.

10.990.- áður 24.990.-

CINTAMANI HARALDUR
Klassískur herrajakki með Cordura® styrkingu á öxlum og undir ermum. Gerður úr vatns- og vindheldu Teflon húðuðu No Wind® efni frá Pontetorto®.

7.990.- áður 12.990.-

CINTAMANI SKÓR
Hallveig og Hallmar. Skór með Green Diamond sóla. Green Diamond sólarnir hafa gríðarlegt grip sem byggist á þúsundum lítilla grófkorna sem eru innbyggð í sólann.

10.990.- áður 22.990.-

CINTAMANI ARNA
Mjúk, vindheld skel úr No Wind® efni frá Pontetorto® á Ítalíu. Teflon húðun.

10.990.- áður 22.990.-

CINTAMANI UNNDÍS
Mjúk, vindheld skel úr No Wind® efni frá Pontetorto® á Ítalíu. Teflon húðun.

14.990.- áður 29.990.-

CINTAMANI HALLUR
Vindheldur jakki með Teflon húðun, úr B3.knt® efni frá Lanificio Becagli®.

A3 OUTLET CENTER

OPIÐ:
10-18 MÁN – FÖST.
11-16 LAUGARD.

AUSTURHRAUNI 3
210 GARÐABÆ
S. 533-3811



ÓLAFUR ARNALDS TÓNLISTARMAÐUR Fékk síðast hláturskast á kosningavöku þegar hann fattaði að þumalputtar á skjánum tengdust ekki Facebook. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hef litla þolinmæði fyrir Bubba

Ólafur Arnalds hefur vakið verðskuldaða athygli fyrir nýklassískar tónsmíðar en hann er líka annar helmingurinn af teknó-tvíeykinu Kiasmos. *Anna Margrét Björnsson* fékk hann til þess að svara nokkrum mjög mikilvægum spurningum.

Hvers konar tónlist ert þú að fást við núna?
Var að ljúka við verkefni sem ég kallaði „Found Songs“ sem voru sjö lítil klassísk verk, gefin út á netinu, eitt á dag í eina viku. Núna er ég að taka mér smá frí frá klassíkinni og er að vinna að verkefninu Kiasmos, sem er danstónlist.

Hvenær varstu hamingjusamastur ?
Núna. Kannski ekki akkúrat í dag eða þessa vikuna, en svona almennt séð þessa mánuðina.

Ef þú værir ekki tónlistarmaður hvað myndirðu þá vera?
Fatahönnuður, lögfræðingur, reka útgáfufyrirtæki, arkitekt... ég veit það ekki, allt of margt sem mig langar að gera.

Hvað er það dýrasta sem þú hefur nokkurn tímann keypt þér?
Fartölvan mín.

Hvað er það versta sem nokkur hefur sagt við þig?
„Nei“ - í ákveðnu samhengi. Annars held ég að ég hafi sloppið frekar vel.

Ef þú byggir ekki í Reykjavík hvar myndirðu vilja búa?
Berlín. Vil samt helst halda mér í Reykjavík bara.

Uppáhaldstónlistarmaður/-kona og af hverju?
Má þetta?

Draumahelgin þín í einni setningu?
Ég er nú ekki það metnaðarfullur í lífsnautnunum að eiga einhverja sérstaka draumahelgi. Þarf bara mitt góða fólk í kringum mig, þá er ég sáttur.

Hvert er versta starf sem þú hefur nokkurn tíman gegnt?
Bæjarvinna Mosfellsbæjar? Það var nú samt ekkert svo slæmt...

Uppáhaldsstaðurinn þinn á jörðinni?
Sumarbústaður fjölskyldunnar við Álftavatn. Helst úti á vatninu á kajak.

Hvers konar tónlist hefur mest áhrif á þig og hvaða lag ertu að hlusta mest á í dag?
Einföld, melódísk, klassísk tónlist hefur mest áhrif á mig. Og gott síð-rokk (sem er reyndar vandfundið...). En þessa dagana er ég með lagið Time-Lapse Lifeline með Maria Taylor á repeat. Gott popp.

Ef þú ættir tímavél, hvert myndirðu fara og af hverju?
Væri til í að upplifa diskótímabilið, en finnst framtíðin samt áhugaverðari en fortíðin. Myndi skella mér nokkur ár fram í tímann og gá hvort ég gæti keypt mér ódýra ferð til tunglsins í leiðinni...

Er eitthvað sem heldur fyrir þér vöku á nóttunni?
Já.

ÞRIÐJA GRÁÐAN

STARFSFERILL Í HNOTSKURN:
Mitt aðalstarf hefur verið hljóðmaður síðustu ár, en það hefur smám saman verið að víkja fyrir tónsmíðinni og eigin tónleikahaldi.

FÆÐINGARÁR OG HVAÐ GERÐIST MARKVERÐAST Á ÞVÍ ÁRI:
1986 - Kvikmyndin Top Gun kom í bíó.

Ef þú gætir breytt einhverju í fortíð þinni, hvað myndi það vera?
Engu. Er sáttur með hvar ég er í dag, og ef ég breytti einhverju í fortíðinni væri nútíðin líklega önnur.

Hvenær fékkstu síðast hláturskast?
Á kosningavöku heima hjá mér, þegar ég og vinkona mín komumst loks að því, eftir örugglega 2 klukkutíma, að þumalputtinn í horninu á skjánum stæði ekki fyrir hversu margir væru búnir að „læka“ kosningarnar á Facebook.

Áttu þér einhverja leynda nautn?
Lagið 7 Things með Miley Cyrus. Þessi nautn er samt ekkert svo leynd.

Uppáhaldsbókin þessa stundina?
Var að klára að lesa bók um afstæðiskenninguna eftir David Bodanis sem var frábær.

Hvaða núlifandi manneskju lítur þú mest upp til?
Pabba.

En hvaða núlifandi manneskju þolirðu ekki?
Ég hef ekki mikla þolinmæði fyrir Bubba þegar hann byrjar að tjá sig.

Uppáhaldsorðið þitt?
Forlát.

Hvaða eitt atriði myndi fullkomna lífsgæði þín?
Aðeins meiri metnaður í að drífa mig fram úr rúminu á morgnana. Kæmi fleiru í verk.

Hvaða lag á að spila í jarðarförinni þinni?
Eitthvað ekki of dramatískt. Eitthvað fallegt, sem lætur mann fá þá tilfinningu að það verði allt í lagi.

Hver verða þín frægu hinstu orð?
„Ha?“

Hvað er næst á dagskrá?
Halda áfram að vinna í plötunni minni sem kemur út í haust. Einnig nokkrar tónlistarhátíðir á dagskrá á næstunni auk tónleikaferðalags um Ísland með vinum mínum í For a Minor Reflection.

Rekstur flugfélaga
Áskoranir og tækifæri

Ráðstefna verður haldin í hátíðarsal Tækniskólans við Háteigsveg föstudaginn 8. maí frá kl. 13:00 – 17:00.

- **Ávarp samgönguráðherra**
- **The Airline Industry: Trends, Challenges and Strategies** John Wensveen Ph.D. Dean of School of Aviation
- **Air Atlanta** Hannes Hilmarsson forstjóri
- **Icelandair** Birkir Holm Guðnason framkvæmdastjóri
- **Flugfélag Íslands** Árni Gunnarsson framkvæmdastjóri
- **Flugvélamarkaðurinn** Hafþór Hafsteinsson stjórnarformaður Avion Aircraft Trading hf.
- **Flugfélagið Ernir** Hörður Guðmundsson framkvæmdastjóri
- **Primera Air** Hrafn Þorgeirsson framkvæmdastjóri
- **Flugmálastjórn** Pétur K. Maack flugmálastjóri

Ráðstefnugjald er 4000 kr. Ráðstefnugögn verða afhent frá kl. 12:30.
Skráning fer fram í s. **514 9601** eða á netfangið **ave@tskoli.is**.
Nánari upplýsingar á **www.tskoli.is**.

ICELANDAIR WWW.ICELANDAIR.IS
Tækniskólinn skóli atvinnulífsins
www.tskoli.is
zetor

Max Kauptúni

Grillin eru komin í Max

49.989 kr.

Fullt verð ~~69.989~~

12V og 220V

United TVD8819
19" LCD með innbyggðum DVD spilara.

19 tommur

Sjónvörp – sýningareintök með miklum afslætti

FRÍ HEIMSENDING
FRÍ SAMSETNING
á öllum grillum hjá MAX

Ekki frí heimsending um helgar.

Campingaz Flames
Þriggja brennara grill.

59.989 kr.

Bjórdælan vinsæla fylgir öllum grillum hjá Max

DVD KARAÓKÍ



DVD spilari

United DVD7054
DVD spilari með karaóki möguleika, Progressive Scan, Dolby Digital, 2 mic inng., Scart, S-Video, Optical, Coaxial og RCA útg. Styður NTSC og PAL. Spilar WMA, MP3, DVD-R og JPEG. Hljóðnemi og DVD karaóki diskur fylgja.

6.989 kr.

Fullt verð ~~8.989~~

20 lítra örbylgjuofn

United MWO7103
20 lítra örbylgjuofn • 700w Örbylgjuofn • Snúningsdiskur • Afþýðingarmöguleiki

6.989 kr.

Fullt verð ~~8.989~~

1000 sn þvottavél

Beko WMD25100T
1000 snúninga þvottavél • Tekur 5kg • Ullarkerfi, Skolstopp og Hraðkerfi • Þvotthæfni A • Orkunýtni A • Vinduhæfni C

69.989 kr.

OPNUNARTÍMI

Mán.	kl. 11-19	Fim.	kl. 11-19
Þri.	kl. 11-19	Fös.	kl. 11-19
Mið.	kl. 11-19	Lau.	kl. 11-18
		Sun.	kl. 12-18

MAX / Kauptúni 1
Garðabæ
Sími 412 2200
www.max.is

MAX RAFTÆKI

VELDU ÞÉR GIST

VINSÆLU A-HÝSIN FRÁ ALINER

Verð **2.590.000** kr.

Eitt mest selda ferðahýsið á markaðnum í dag.

Hlaðið búnaði.

MIKIÐ ÚRVAL NÝRRA AUKAHLUTA FYRIR FERÐAVAGNA

MONTANA-TJALDVAGN

Verð **890.000** kr.

Fortjald og yfirbreiðsla innifalið í verði!

TILBOÐ Á NÝJUM HJÓLHÝSUM AF ELDRI ÁRGERÐ

ADRIA CLASSICA 563 UL
Árgerð 2007
Verð 3.335.000 kr.
Tilboðsverð 2.690.000 kr.

ADRIA ALTEA 361 LT
Árgerð 2007
Verð 2.280.000 kr.
Tilboðsverð 1.690.000 kr.

ADRIA ADIVA 543 UL
Árgerð 2007
Verð 3.550.000 kr.
Tilboðsverð 2.850.000 kr.

HYMER FEELING 430
Árgerð 2007
Verð 2.740.000 kr.
Tilboðsverð 2.290.000 kr.

HYMER FEELING 440
Árgerð 2007
Verð 2.840.000 kr.
Tilboðsverð 2.390.000 kr.

MONTANA ALINER FLEETWOOD HYMER ADRIA

TBWA\REYKJAVÍK\SÍA

www.ellingsen.is

TINGU Í SUMAR!

FLEETWOOD SANTA FE
Verð 1.890.000 kr.

Tilboðsverð
1.795.000 kr.

Aukahlutapakki innifalinn
að verðmæti
100.000 kr.

FLEETWOOD UTAH
Verð 2.290.000 kr.

Tilboðsverð
2.190.000 kr.

Aukahlutapakki innifalinn
að verðmæti
100.000 kr.

Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • Opið mánud.–föstud. 10–18 og laugard. 10–16

Ellingsen
– fullt hús ævintýra

JÓN BÖÐVARSSON ÍSLENSKUFRÆÐINGUR ER SJÖTÍU OG NÍU ÁRA Í DAG.

„Meira að segja við, þessir gömlu karlar, vorum einu sinni ungir.“

Jón Böðvarsson var skólameistari Fjölbrautaskóla Suðurnesja og er þekktur fyrir fyrirlestra og námskeið um íslensku fornsögurnar.



tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 2. MAÍ 1970

Búrfellsvirkjun vígð

Vígsla virkjunarinnar við Búrfell fór fram þennan dag árið 1970 að viðstöddum um 600 gestum. Hún var mesta mannvirki sem Íslendingar höfðu ráðist í og fyrsta stórvirkjun Landsvirkjunar, 210 megavött. Mest unnu tæplega 800 manns við bygginguna hennar og á tímabili urðu verktafir vegna skorts á vinnuafli.

Vígsluræðuna flutti dr. Kristján Eldjárn forseti og með skírskotun til eyðingar byggðar í Þjórsárdal fyrr á tímum komst hann svo að orði: „Þjóðin hefur nú endurheimt Þjórsárdal.“

Að ræðuhöldum loknum ræsti forsetinn aflvélarnar og þungur gnýr barst að eyrum gesta þegar straumur Þjórsár tók að snúa hverflum þessa stóra orkuvers.

Á framhlið stöðvarhússins er stór lágmynd eftir Sigurjón Ólafsson og fyrir framan það er einnig verkið Hávaðatröllið eftir hann.

MERKISATBURÐIR

1615 Þrettán skip farast og áttatíu menn drukkna í aftakaveðri á Breiðafirði.

1822 Tuttugu og tveir erlendir skipbrotsmenn af tveimur skipum sem höfðu farist í hafís komast til lands á Austurlandi.

1897 St. Paul, franskt spítalaskip, strandar við Klöpp í Reykjavík en næst út.

1945 Sovétmenn lýsa því yfir að Berlín sé fallin í hendur þeirra.

1957 Tvær nýjar millilandaflugvélar, Hrímfaxi og Gullfaxi, koma til landsins.

1968 Maíuppþotin í París hefjast.

1992 Jón Baldvin Hannibalsson, þá utanríkisráðherra, undirritar samninginn um Evrópska efnahagssvæðið.

AFMÆLI

VALTÝR BJÖRN VALTÝSSON fjölmiðlamaður er 46 ára.

GARÐAR THOR CORTES söngvari er 35 ára.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

FORMAÐURINN Guðlaug með nýfæddan herra Guðmundsson.

LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS: VAR STOFNAÐ ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1919

Einn karlmaður hefur lokið ljósmæðranámi á landinu

Elsta félag faglærðra kvenna á Íslandi fyllir níunda tuginn í dag. Það er Ljósmæðrafélag Íslands sem stofnað var af tuttugu konum árið 1919. „Sá texti sem skrifaður var þá getur allt eins átt við nú,“ segir Guðlaug Einarsdóttir, formaður félagsins. „En þó grunnur starfsins sé alltaf sá sami hefur margt breyst frá því í öndverðu. Mæðravernd hefur rutt sér til rúms síðustu þrjátíu til fjörutíu árin og í verkföllunum tveimur sem við háðum á síðasta ári og eru þau fyrstu í sögu félagsins, sýndum við alþjóð fram á að ljósmæður gera fleira en að grípa fullburða, heilbrigð börn.“

Guðlaug segir afmælinu fagnað með margvíslegum hætti. „Við gefum út afmælisritið Lausnarsteinar og í gær héldum við veglega ráðstefnu en það sem hæst ber í dag er nítugasti aðalfundur félagsins sem verður með hátíðlegu yfirbragði. Til dæmis eru ljósmæður hvattar til að mæta í þjóðbúningi. Svo er viðhafnarkvöldverður á Grand hóteli.“

Félagið hefur alltaf verið hreinræktað kvennafélag að sögn Guðlaugar. „Aðeins einn karlmaður hefur lokið námi í yfirsetufræðum á Íslandi. Það var á átjándu öld en honum var mismunað á grunni kynferðis og fékk aldrei laun fyrir sín störf,“ upplýsir hún.

Sögu formlegrar menntunar ljósmæðra hér á landi segir Guðlaug mega rekja aftur til 1760 er Bjarni Pálsson landlæknir gaf út tilskipun um að koma henni á fót. Nú eru ljósmóðurfræði eitt lengsta grunnnám sem kröfur eru gerðar um hér á landi, eða sex ár. „Árið 1982 óskaði félagið eftir að menntun ljósmæðra yrði endurskoðuð en hún fólst þá í tveggja ára námi. Ráðuneytin brugðust við þeirri ósk með því að skella hjúkrunarnáminu framan við,“ lýsir formaðurinn og segir lengd námsins fæla margar frá.

Ellefu ár eru frá því Guðlaug útskrifaðist. Hún kveðst hafa unnið fyrst sem ljósmóðir á fæðingardeild Landspítalans og eftir það á Ísafirði og Selfossi. Einnig í Hollandi og Danmörku.

Hvað telur hún skemmtilegast við starfið? „Það sem ég fæ mesta pústið út úr er að taka þátt í þroskaferli foreldranna. Það er mjög gefandi. Ég er fyrst og fremst áhugamaður um að konur fái að fæða á eðlilegan hátt, eins og þær vilja sjálfar og gerir þær að sterkari einstaklingum.“

Sem betur fer eru flestar meðgöngur, fæðingar og sængurlegur eðlilegar en alltaf eru frávik frá því. Guðlaug segir mestu áskorun ljósmæðra felast í að greina réttilega þar á milli. „Nú höfum við aðstæður til að bjarga ýmsu sem ekki voru tök á áður en megum í staðinn passa okkur á að túlka ekki allt sem sjúklegt. Þess vegna þurfum við, öllum til heilla, að fjölga eðlilegum meðgöngum og fæðingum. Það er ósk okkar á afmælisárinu að vinna að stefnumótun í því með heilbrigðisyfirvöldum.“

gun@frettabladid.is

†

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Hannes Þorsteinsson

fyrrverandi aðalféhirðir Landsbanka Íslands, áður til heimilis að Melhaga 6 í Reykjavík,

lést á Dvalar og hjúkrunarheimilinu Grund laugardagskvöldið 25. apríl. Útförin fer fram frá Neskirkjunni í Reykjavík kl. 15.00, þriðjudaginn 5. maí.

Hjörtur Hannesson
Guðrún Hannesdóttir
Una Hannesdóttir
Sigrún Axelsdóttir
Vilhjálmur Þór Kjartansson
Geir Ingimarsson
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Elsku móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Margrét Herdís Thoroddsen

Sólheimum 25, Reykjavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut aðfaranótt sumardagsins fyrsta, 23. apríl. Útförin fer fram frá Langholtskirkju mánudaginn 4. maí kl. 15.00.

María Louisa Einarsdóttir
Egill Þórir Einarsson
Þórunn Sigríður Einarsdóttir
Sigurður Thoroddsen Einarsson
Margrét Herdís Einarsdóttir
Hannes Sveinbjörnsson
Hlaðgerður Bjartmarsdóttir
Halldór Árnason
Jórunn Erla Sigurjónsdóttir
barnabörn, makar þeirra og barnabarnabörn.

Legsteinar og fylgihlutir

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

MOSAIK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is

†

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

Elísabet Gunnarsdóttir

Ægisgötu 16, Akureyri,

lést í Sjúkrahúsi Akureyrar aðfaranótt miðvikudagsins 29. apríl. Útför hennar fer fram frá Glerárkirkju fimmtudaginn 7. maí kl. 13.30.

Hreinn Sverrisson
Gunnar B. Hreinsson
Guðbjörn S. Hreinsson
Vilborg Helgadóttir
Kalína Klópóva
og barnabörn.

†

Okkar ástkæra

Guðrún Ragna Sveinsdóttir

lést á Vífilsstöðum 13. apríl sl.

Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Eiríkur Sigfinnsson
Veronika G. Sigurvinsdóttir
Páll Grétar Viðarsson
Þorbjörg Gunnlausdóttir
Ingibjörg Lára Þorbergsd.
Björn H. Kristjánsson
Trine Ch. Andreassen
Benedikt Þór Kristjánsson
Joao Petro Duarte
og barnabörn.

SPORT
besta sætið
HONDA
The Power of Dreams
REAL MADRID
adidas
EL CLÁSICO
LAUGARDAG KL. 18:00
BARCELONA
50%
AFSLÁTTUR
Áskrifendur Stöðvar 2 Sport geta nú bætt við sig áskrift að Stöð 2, Sport 2 eða Fjölvarpinu með 50% afslætti.
SPORT 2
FJÖLVARP
512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Sími 551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is



Kardemommubærinn (Stóra sviðið)

Sun 3/5 kl. 14:00 U	Sun 24/5 kl. 14:00 U	Lau 6/6 kl. 17:00 U
Sun 3/5 kl. 17:00 U	Þri 26/5 kl. 18:00 U	Sun 7/6 kl. 14:00 U
Þri 5/5 kl. 18:00 U	Mið 27/5 kl. 18:00 U	Sun 7/6 kl. 17:00 U
Sun 10/5 kl. 14:00 U	Fös 29/5 kl. 18:00 U	Lau 13/6 kl. 14:00 Ö
Sun 10/5 kl. 17:00 U	Lau 30/5 kl. 14:00 U	Lau 13/6 kl. 17:00 Ö
Lau 16/5 kl. 14:00 U	Lau 30/5 kl. 17:00 U	Sun 14/6 kl. 14:00 U
Lau 16/5 kl. 17:00 U	Fim 4/6 kl. 18:00 U	Sun 14/6 kl. 17:00 U
Sun 17/5 kl. 14:00 U	Fös 5/6 kl. 18:00 U	Sun 30/8 kl. 14:00
Sun 17/5 kl. 17:00 U	Lau 6/6 kl. 14:00 U	Sun 30/8 kl. 17:00

Sýningar haustsins komnar í sölu

Hart í bak (Stóra sviðið)

Lau 2/5 kl. 20:00 U	Lau 9/5 kl. 20:00 U	Fös 15/5 kl. 20:00 U
Fös 8/5 kl. 20:00 U	Fim 14/5 kl. 20:00 AUKAS.	

Sýningum lýkur 15. maí. Tryggðu þér sæti

Sædýrasafnið (Kassinn)

Sun 3/5 kl. 21:00 Ö		

Síðasta sýning.

Skoppa og Skrítla í söng-leik (Kúlan)

Lau 2/5 kl. 13:00 Ö	Lau 9/5 kl. 13:00 Ö	
Lau 2/5 kl. 14:30 Ö	Lau 9/5 kl. 14:30 Ö	

Bestu vinkonur barnanna í líflegri sýningu fyrir þau allra yngstu.

Creature - gestasýning (Kassinn)

Fim 14/5 kl. 20:00 U	Lau 16/5 kl. 20:00	
Fös 15/5 kl. 20:00 Ö	Sun 17/5 kl. 20:00	

Kolklikkaður leikhúskonsert. Aðeins fjórar sýningar.

Í Óðamansgarði (Stóra sviðið)
óperа í samstarfi við Listahátíð í Reykjavík

Fös 22/5 kl. 20:00	Lau 23/5 kl. 20:00

Aðeins tvær sýningar.

DAGUR HARMONIKUNNAR

Velkomin á tónleika
Harmonikufélags Reykjavíkur í
Ráðhúsi Reykjavíkur í dag,
laugardag kl. 15:00.

Harmonikufélag Reykjavíkur

Hvernig ber að vernda Mývatn og Laxá?

Betur sjá augu en auga og því eru allar athugasemdir vel þegnar hvað mætti betur fara varðandi tillögu að verndaráætlun fyrir verndarsvæði Mývatns og Laxár. Umhverfisstofnun auglýsir tillögu að verndaráætlun fyrir verndarsvæði Mývatns og Laxár, sbr. 6. gr. laga nr. 97/2004 um vernd Mývatns og Laxár. Öllum er frjálst að koma með athugasemdir við tillöguna og skulu þær berast innan sex vikna, eða fyrir 9.júní.

Tillöguna má nálgast á heimasíðu Umhverfisstofnunar, umhverfisstofnun.is, ásamt frekari upplýsingum. Einnig má nálgast tillöguna á skrifstofum sveitastjórna Skútustaðahrepps, Þing-eyjarsveitar og Norðurþings, gestastofu Umhverfisstofnunar að Hraunvegi 8 í Reykjahlíð og hjá Umhverfisstofnun að Suðurlandsbraut 24, Reykjavík.

Athugasemdum skal skilað skriflega til:
Umhverfisstofnun
Verndaráætlun Mývatns- og Laxár
Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík
eða í gegnum tölvupóst á netfangið: ust@ust.is

Þann 4. maí kl. 20.30 verður haldinn opinn fundur í Skjólbrekku og tillagan kynnt.

Nánari upplýsingar veittar hjá Umhverfistofnun í síma 591 2000

UMHVERFISSTOFNUN

NOKKUR ORÐ
Freyr Gígja Gunnarsson

Elskulegar stórstjörnur

Kvikmyndastjörnur frá Hollywood eru ákveðið fyrirbæri í menningarsögu Vesturlanda. Áhuginn á því sem þær gera, borða og kaupa er hálf-sjúkur en vel skiljanlegur; þetta er liðið sem dregur milljónir manna í kvikmyndahúsin, setur ný viðmið í tísku og er fyrirmyndir ungra sem aldinna. Þær eru moldríkar, á þeim kjaftar hver tuska og ástalífið er alla jafna ákaflega fjörugt. Brúðkaupin tilkomumikil sýning, skilnaðarnir orrustur þar sem engum er hlíft og hver króna skiptir öllu máli.

Sjálfur hef ég alltaf heillast mest af þeim kvikmyndastjörnum sem standast allar freistingarnar. Til að mynda var Paul heitinn Newman í miklu uppáhaldi hjá mér, var í bransanum í meira en hálfa öld og var giftur sömu konunni. Newman þótti ákaflega heillandi maður en samkvæmt goðsögninni lét hann aldrei glepjast af gylliboðum einhverra grúppía og gála og var bara við eina fjölina felldur. Ég fékk því hálfgert áfall þegar ég las á mbl.is að hann hefði hugsanlega átt fleiri en eina hjákonu. Hugmyndin um hina viljasterku stórstjörnu var smátt og smátt að falla til grunna.

En svo kom Michael Caine til bjargar. Þessi breski eðalleikari hefur verið giftur Shakiru Caine frá árinu 1973 og á með henni eitt barn. Og ég fékk aftur trúna á að til væru leikarar sem gætu þrifist í kvikmyndageiranum án þess að vera með buxurnar á hælunum eins og virðist eiga við um flesta kvikmyndaleikarana í dag. Kannski sem betur fer. Því fréttir af kvikmyndastjörnum væru kannski ekki skemmtilegar ef þær væru allar eins og Michael Caine og Paul Newman.

myndasögur

Pondus — Eftir Frode Øverli

Gelgjan — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið — Eftir Tony Lopes

Kjölturakkar — Eftir Patrick McDonnell

Barnalán — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Nýtt í Skífunni!

S·K·Í·F·A·N

Laugavegi · Kringlunni · Leifsstöð
www.skifan.is

Þráðlausir Singstar hljóðnemar

Sjáðu myndina - spilaðu leikinn!

DVD MYNDIR

NÝ TÓNLIST Í SKÍFUNNI

Komin aftur

Hitaðu upp fyrir tónleikana



5. apríl

20 fyrstu sem skrá sig á póstlista á skifan.is fá miða á X-Men Origins Wolverine myndina

SYNGJUM SAMAN Í SUMAR

Gullfalleg og stórskemmtileg söngbók fyrir börn á öllum aldri
í samantekt Ragnheiðar Gestsdóttur. Geisladiskur með Skólakór Kársness fylgir.

Bókinni fylgir geisladiskur
með 47 lögum.

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

Meistaranám í tónsmíðum

Listaháskóli Íslands býður upp á meistaranám í tónsmíðum.
Um er að ræða 120 eininga einstaklingsmiðað nám sem tekur tvö ár eða fjórar annir.
Námið byggir á samþættingu rannsókna og tónsköpunar.

Helstu áherslur í náminu:

- Fagurfræðilegar rannsóknir á afmörkuðum sviðum tónsköpunar og tónlistar.
- Tónsmíðar sem listform í fjölbreyttu menningarsamfélagi.
- Rannsóknir og þróun nýrra aðferða við tónsköpun og tónflutning.
- Samspil tónlistar og annarra listgreina.
- Íslensk menningararfleifð í tónsmíðum.

Í umsókn skal umsækjandi gera grein fyrir menntun sinni og störfum og skal hann láta fylgja með sýnishorn af verkum. Þá skal fylgja með ítarleg námstillaga þar sem koma fram markmið meistaranámsins og rannsóknarsvið.

Umsóknum skal koma til tónlistardeildar Listaháskólans að
Sölvhólsgötu 13, 101 Reykjavík. Umsóknarfrestur er til 18. maí 2009.

Nánari upplýsingar eru á heimasíðu Listaháskólans: www.lhi.is

LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
· Iceland Academy of the Arts ·

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Laugardagur 2. maí 2009

Tónleikar

15.00 **Haugatunkoret**, blandaður kór frá Bergen, verður með tónleika í Norræna húsinu við Sturlugötu. Á efnisskránni verður allt frá Ave María til ABBA. Aðgangur ókeypis.

16.00 Álafosskórinn heldur vortónleika í **Guðríðarkirkju** í Grafarholti. Á efnisskránni verða bæði innlend og erlend lög.

16.00 **Karlakór Kjalnesinga** verður með útgáfutónleika í Digraneskikju í Kópavogi ásamt Guðrúnu Gunnarsdóttur söngkonu.

16.00 Gítarhátíð á **Græna Hattinum** við Hafnarstræti 96 á Akureyri 30. apríl-2. maí. Tónleikar fyrir börn 18 ára og yngri.

17.00 Sellóleikarinn **Natalia Gutman** verður með tónleika í Salnum við Hamraborg í Kópavogi þar sem hún mun leika þrjár sólósvítur eftir J.S. Bach.

17.00 Kór **Átthagafélags Strandamanna** verður með tónleika í Selfosskirkju við Kirkjuveg á Selfossi.

20.00 Á **Kaffistofunni** (Nemendagallerí LHÍ) verða tónleikar þar sem fram koma Killerstreet, AMFJ og DLX ATX. Aðgangur er ókeypis.

20.30 Bubbi Morthens verður á Hótel Framtíð við Vogaland í **Djúpavogi**. Á efnisskránni verður nýtt efni í bland við eldra. Húsið opnað kl. 20.

21.00 Gítarhátíð á **Græna hattinum** við Hafnarstræti 96 á Akureyri. Fram koma Jón Páll Bjarnason og hljómsveit, Thiago Trinsi ásamt Stefáni Ingólfssyni, Halli Gulla o.fl. Húsið opnað kl. 20.

21.00 **Skakkapopp** verður í Ketilhúsinu í Listagilinu við Kaupvangsstræti á Akureyri.

22.00 **Singapore Sling** og **The Virgin Tongues** verða með tónleika á Sódómu Reykjavík við Tryggvagötu.

Markaðir

Hugarafl verður með kaffihús og handverksmarkað í kjallara Hins hússins við Pósthússtræti 3-5 milli kl. 12-17.

Síðustu Forvöð

Sýningu **Ingólfs Arnarssonar** í í Suðsuðvestur við Hafnargötu 22 í Reykjanesbæ, lýkur sunnudaginn 3. maí. Opið um helgar kl. 14-17.

Útskriftasýningu LHÍ á **Kjarvalsstöðum** við Flókagötu, lýkur á sunnudaginn. Opið lau.-sun. kl. 10-17. Aðgangur er ókeypis.

Leiðsögn

Ólöf J. Guðmundsdóttir verður með leiðsögn um sýningu sína í **Listasal Iðu** við Lækjargötu kl. 13-15.

Myndlist

Í tilefni af Degi myndlistar munu myndlistarmenn, vítt og breitt um landið opna vinnustofur sínar fyrir gestum og gangandi milli kl. 13 og 16. Nánari upplýsingar á **www.sim.is.**

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Sunnudagur 3. maí 2009

Tónleikar

17.00 **Gissur Páll Gissurarson** tenór og **Gerrrit Schuil** píanóleikari verða með tónleika í Kirkjuhvoli (safnaðarheimili Vídalínskirkju) við Kirkjulund.

17.00 **Össur Ingi Jónsson** óbóleikari verður með tónleika í Salnum við Hamraborg í Kópavogi. Á efnisskránni verða m.a. verk eftir Schumann, Bach og Mozart. **Allir velkomnir og aðgangur ókeypis.**

20.30 **Bubbi Morthens** verður á Valaskjálf á Egilsstöðum. Á efnisskránni verður nýtt efni í bland við eldra. Húsið opnar kl. 20.

21.00 Högni Lisberg og hljómsveit verða á **Sódóma Reykjavík** við Tryggvagötu.

Kvennakór Reykjavíkur heldur tvenna vortónleika í Langholtskirkju við **Sólheima**. Fyrri tónleikarnir hefjast kl. 17 en þeir seinni kl. 20.

Dagskrá

Fjölbreytt dagskrá verður í tengslum við Kirkjulistavika í Akureyrarkirkju 3.-10. maí. Nánari upplýsingar og dagskrá á **www.akirkja.is.**

Leiðsögn

14.00 Leiðsögn ætluð börnum 9-12 ára verður í **Þjóðminjasafni** Íslands við Suðurgötu.

List án landamæra

UM ALLT LAND ALLA HELGINA

LIST ÁN LANDAMÆRA 2009

Frítt er á alla viðburði hátíðarinnar og eru allir velkomnir

Kynnið ykkur dagskrána á listanlandamaera.blog.is

Vortónleikar
Kvennakórs Reykjavíkur á morgun!
kl. 17 og 20 í Langholtskirkju

Frumsýning í kvöld UPPSELT

Lau 2/5	Kl. 20	UPPSELT	Sun 10/5	Kl. 20	UPPSELT	Fim 21/5	Kl. 20	aukasýning
Sun 3/5	Kl. 20	UPPSELT	Mið 13/5	Kl. 20	UPPSELT	Fös 22/5	Kl. 19	aukasýning
Mið 6/5	Kl. 20	UPPSELT	Fim 14/5	Kl. 20	UPPSELT	Lau 23/5	Kl. 19	aukasýning
Fim 7/5	Kl. 20	UPPSELT	Fös 15/5	Kl. 19	UPPSELT	Sun 24/5	Kl. 20	aukasýning
Fös 8/5	Kl. 19	UPPSELT	Lau 16/5	Kl. 16	UPPSELT	Mið 27/5	Kl. 20	UPPSELT
Lau 9/5	Kl. 19	UPPSELT	Sun 17/5	Kl. 19	UPPSELT	Fim 28/5	Kl. 20	UPPSELT
Lau 9/5	Kl. 22	UPPSELT	Mið 20/5	Kl. 19	UPPSELT	Fös 29/5	Kl. 19	Örfá sæti

Aðeins þessar sýningar. Tryggðu þér miða

Gríman 2008:
Karlleikari ársins og besta tónlistin

Sett upp í samstarfi við:

LEIKFÉLAG AKUREYRAR

Síminn

Miðasala er í síma **568 8000**
og á **borgarleikhus.is**

Borgarleikhúsið

Filton/SIA

> FLÓAMARKAÐUR Í KREPPUNNI

Í dag verður haldinn skemmtilegur flóamarkaður sem allar tískuskvísur bæjarins ættu að kynna sér. Hann verður til húsa á Lindargötu 6 en þar verða vinkonurnar og tískudrottningarnar Elma Lísa Gunnarsdóttir, Silja Hauksdóttir og Nína Björk Gunnarsdóttir að tæma fataskápana sína. Allir eru velkomnir og tískuráðgjöf verður einnig á boðstólum ásamt heitu kaffi.



Fiðrildanælu í skærum litum frá Soniu Rykiel. Fæst í Kisunni, Laugavegi.

Æðislega silfurlita tösku frá Soniu Rykiel. Fæst í Kisunni, Laugavegi.

OKKUR LANGAR Í ...

Varasalva úr íslenskum jurtum frá Sóley sem heitri „Kiss me"!

stíll
utlit@frettabladid.is



DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA
Anna Margrét Björnsson

David Lynch og tískan

Kvikmyndaleikstjórinn David Lynch er meistari alls sem er skrýtið og súrrealískt og í tilefni þess að hann er mættur á klakann er vert að skoða hvaða áhrif hann hefur haft á tískuheiminn. David Lynch hafði hug á því að gerast myndlistarmaður þegar hann var ungur en eftir fimm ára listnám sneri hann sér alfarið að kvikmyndagerð. Hann gerði í framhaldinu kvikmyndir sem hafa öðlast algjöran „költstatus" – Eraserhead, The Elephant Man, Blue Velvet og Dune sem allar hafa haft áhrif á tískuhönnuði. Eraserhead með sinn skrýtna og óhugnanlega „fifties"-stíl, þokkagyðjan Isabella Rossellini í kvenlegum svörtum kjólum með rauðan varalit í Blue Velvet og svo auðvitað geimfantasían Dune sem hönnuðir eins og Alexander McQueen og Nicholas Ghesquiere segjast vera innblásnir af. En nafn Davids Lynch er fyrir flestum óneitanlega samtvinnað sjónvarpsþáttunum Twin Peaks þar sem kvenpersónurnar Shelley Johnson, Audrey Horne og Donna Hayward gengu um með rauðan varalit í kynþokkafullri blöndu af hnésíðum pilsum, strigaskóm og þröngum peysum. Twin Peaks hafa ekki einungis haft áhrif á tískuhönnuði heldur veitt tískuljósmyndurum innblástur síðustu tuttugu árin. Lynch er þó farinn að tengjast tískuheiminum á mun áþreifanlegri hátt, en hann fór til dæmis í samstarf við franska skóhönnuðinn Christian Louboutin árið 2007 eftir að Lynch hafði beðið Louboutin um að gera „fetish"- eða blætis-skó fyrir sýningu. Í framhaldinu héldu þeir áfram „fetish"-skógerðinni og létu meðal annars búa til skó með 26 sm háum hælum sem voru sýndir af kviknöktum ljóshærðum fyrirsætum. Á síðasta ári leikstýrði svo David Lynch auglýsingu fyrir Gucci-ilmvatn þar sem þrjár frægar fyrirsætur dönsuðu við Blondie-lagið Heart of Glass. Það kemur eflaust mörgum á óvart að Lynch hefur í gegnum árin leikstýrt auglýsingum fyrir Armani, Yves Saintt Laurent, Calvin Klein og Adidas. Fyrir þá sem af einhverjum ástæðum hafa ekki enn uppgötvað þennan stórkostlega snilling er núna kjörið tækifæri til þess að leigja alla Twin Peaks-seríuna, Eraserhead eða Mulholland Drive, bæði til þess að auðga andann og fá innblástur í fataskápinn.

RENDUR Töff samsetning af skyrtu ofan í þröngar svartar buxur við klút og kúrekahatt.

GLÆSILEGT Fallegur svartur kjóll við svartan hatt.

KVENLEGT Flottur víður svartur kjóll með breiðu leðurbelti, sólgleraugum og hatti.

KÚREKAR SUÐURSINS

Mexíkósk sveifla einkenndi sumarlínuna frá Hermes

Kúrekahattar, ponsjó í heitum litum, svartir kjólar með beltum og kúrekastígvél eru svöl útgáfa af sumartískunni í sumar. Línan frá franska lúxusmerkinu Hermes minnti á gamlar Clint Eastwood-myndir og spagettívestra. Með þessu útliti er tilvalið að nota leðurreimar um hálsinn, leðurbelti ýmiss konar og jafnvel skartgripi með hauskúpum.

- amb

SVALT Rendur og rúskinn hjá Hermes. Þessi fyrirsæta er meira að segja með vindil í stíl.

SÍTRUSGRÆNT Fallegur grænn silkikjóll við kúrekahatt úr rúskinni.

NÝTT!

MERKJA OUTLET

Stærsta Outlet landsins!

KORPUTORGI

| Sundfatnaður | Dömufatnaður |
| Barnafatnaður | Herrafatnaður |
| Íþróttafatnaður | Skór | Töskur | DVD |

Verðdæmi:

Dömubolir	695
Dömubuxur	995
Dömublússur	1.595
Kjólar	1.995
Dömuskór með háum hæl	1.995
Dömutöskur	995
Barnabolir	495
Strákaskyrtur	695
Barnabuxur	1.495
Barnanáttföt	995
Barnainniskór	495
Barnaskór	995
Bikinítoppar og buxur	595
Arena sundskýlur, karla	3.495
Arena sundskýlur, stráka	2.495
Arena sundbolir	2.995
FRØKEN PIL blússur	2.495
FRØKEN PIL buxur	3.995
FRØKEN PIL kjólar	6.995
Herrabolir	995
Herraskyrtur	1.495
Herrabuxur	1.495
Didriksons útivistargalli, barna og unglinga	4.995
Didriksons útivistarbuxur	2.495
Rucanor galli fyrir stelpur	3.995
Rucanor körfuboltar	995
DVD - NÝ SENDING	500
Tölvuleikir	500
DVD Þáttaraðir	1.000

arena
FRØKEN PIL
ICHI
VIKING
DIDRIKSONS 1913
RUGBY JEANS CO.
true
ZARA

50% aukaafsláttur af völdum vörum!

Opið alla daga frá 12 til 18 - Sími 578 9400

> FÉKK AÐ KYSSA BEYONCÉ

Breski leikarinn Idris Elba fékk óvæntan glaðning á fyrsta tökudegi kvikmyndarinnar Obsessed. Þá fékk hann að kyssa mótleikkonu sína, Beyoncé Knowles. „Þetta var undarlegt. Það voru ekki tuttugu mínútur liðnar frá því við hittumst þar til við vorum að kyssast. Ég gat ekki kvartað," segir Elba, sem þekktastur er fyrir hlutverk sitt í hinum frábæru sjónvarpsþáttum The Wire.

fólk

folk@frettabladid.is

Guy Ritchie fær strákana í þrjá mánuði

Breski kvikmyndaleikstjórinn Guy Ritchie og bandaríska poppdívan Madonna hafa náð samkomulagi um að strákarnir þeirra, hinn átta ára gamli Rocco og hinn fjögurra ára gamli David Banda, verði hjá honum yfir sumartímann. Madonna er að halda í tónleikaferðalag um Evrópu og sættist á þau rök fyrrverandi eiginmanns síns að skynsamlegast væri fyrir strákana að vera hjá pabba sínum í stað þess að vera á stanslausum þvælingi.

Þetta er nokkuð óvænt vopnahlé að mati fréttaskýrenda því stutt er síðan Madonna fékk þann úrskurð að lögheimili David og Rocco væri í Bandaríkjunum. Guy leist ekkert á þá niðurstöðu og lýsti því yfir að hann væri hundfúll. Nú getur hann aftur á móti tekið gleði sína á ný og hyggst leikstjórinn breyta nokkrum hlutum á heimili sínu í Ashcombe í tilefni af komu strákanna sinna. Guy hyggst meðal annars byggja sundlaug, sem Madonna lagðist gegn á hjúskaparárum þeirra. „Hann ætlar að gera þetta að sumri sem þeir gleyma seint eða aldrei," sagði einn heimildarmaður breska blaðsins The Sun.

Og Guy virðist njóta piparsveinalífsins því hann hefur sést í örmum ungra kvenna. Náinn vinur Guy sagði við The Sun að hann hygðist ekki gera sömu mistök aftur; að stofna til sambands við sér eldri mey. „Þær konur sem Guy hefur verið að hitta eru á svipuðu reki eða aðeins yngri en hann."

MEÐ PABBA David og Rocco verða með pabba. Lourdes situr hins vegar eftir heima í Bandaríkjunum með móður sinni, Madonnu.

N-listinn aftur í sviðsljósið

„Við fengum 995 atkvæði, stefndum alltaf að því að koma manni inn og fá þannig eitthvað fjármagn í kassann," segir Bjarki Björgúlfsson, nemi í Bretlandi. Hann var á lista Náttúrlagaflokkans í Alþingiskosningunum árið 1995 sem boðaði þar innhverfa íhugun til hjálpar Íslendingum; að lítill hópur fólks myndi stunda þessa hugleiðslutækni og ná þannig að virkja kraft þjóðarinnar enn frekar. Þetta hringir kannski einhverjum bjöllum enda sami boðskapur og bandarískri kvikmyndaleikstjórinn David Lynch hyggst flytja á fyrirlestri sínum í Háskólabíói á laugardaginn. „Þetta er óneitanlega nokkuð skondið og eflaust hefði framboð okkur hlotið meiri hljómgrunn í dag en þá," segir Bjarki.

Hann kveðst í dag ekki vera dyggur fylgismaður innhverfrar íhugunar en grípur til hennar þegar mikið liggur við. Og ber henni vel söguna. „Já, ég get alveg sagt að mér leið öðruvísi, ég var yfirvegaðari og betur í stakk búinn að takast á við vandamál, það var eins og maður hefði einhverja óútskýranlega ró og kraft," útskýrir Bjarki. Ekki loku fyrir það skotið að þessi tækni gæti nýst íslenskum stjórnmálamönnum þegar þeir takast á við efnahagsvandann.

Forsvarsmaður hópsins var Jón Hannes Halldórsson ferðamálafrömuður en hann lést skömmu eftir kosningar. Framboðið lognaðist í kjölfarið út af og hefur lítið til þess spurst. Reyndar voru bæði systir og bróðir Bjarka á lista og hann hlær þegar hann rifjar upp kosningabaráttuna, „Já, já, þau voru send í þjóðmálaumræðuþætti og ég veit ekki hvað, þetta var rosalega skemmtilegt og kannski hefðum við átt að bjóða okkur aftur fram í ár." - fgg

DEILA SÖMU HUGSJÓNUM David Lynch og N-listinn sálugi deila sömu hugsjónum; að hugleiðsla lítils hóps geti haft veruleg áhrif á þjóðarsálina, virkjað kraftinn.

MIKIL VEISLA

Rjóminn af íslenskum tónlistarmönnum verður samankominn í Laugardalshöll á laugardaginn þegar minning Rúnars Júl verður heiðruð. Páll Óskar flytur fyrstu tvö lögin og Krummi syngur Am I Really Living með Karlakór Keflavíkur og Trúbroti.

KRUMMI SYNGUR MEÐ TRÚBROTI

Krummi Björgvinsson fetar í fótspor Rúnars Júlíussonar á minningartónleikum í kvöld þegar hann syngur Am I Really Living.

Sannkölluð veisla fyrir augu og eyru verður í Laugardalshöllinni í kvöld þegar minningartónleikar um Rúnar Júl fara fram. Rjóminn af íslensku tónlistarfólki kemur saman til að heiðra minningu Hr. Rokk og verður af nægu að taka fyrir alla. Löngu er uppselt á tónleikana. Jón Ólafsson verður kynnir á tónleikunum og mun hann fá viðmælendur uppá svið til að ræða um ferilinn og lífið með Rúna Júl. Þá verður til sölu sérstakur Trúbrots-kassi þar sem finna má plötur þessarar goðsagnakenndu hljómsveitar á sérstöku tónleikatilboði.

Þau Eiríkur Hauksson, Shady Owens og Helgi Björnsson fljúga sérstaklega til landsins til að taka þátt í þessari miklu veislu. Eiríkur mun syngja GCD-syrpu, Helgi verður með Unun en Shady Owens tekur sér auðvitað bara sína stöðu með Hljómum og Trúbroti.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins mun Páll Óskar hefja dagskrána með lögunum Rokk og Ról og Söng um lífið og svo kemur einvalalið listamanna koll af kolli. Nægir þar að nefna Hjaltalín, Björgvin Halldórsson og Sálina hans Jóns míns. Meðal þess sem áhorfendur fá að sjá og heyra er þegar Krummi fetar í fótspor Rúnars og syngur með Trúbroti og Karlakór Keflavíkur hið ódauðlega lag sveitarinnar, Am I Really Living. Mezzoforte-liðarnir Jóhann Ásmundsson og Gunnlaugur Briem munu spila með sveitinni.

freyrgigja@frettabladid.is

Meryl Streep heiðruð í Róm

Leikkonan Meryl Streep fær afhent heiðursverðlaun fyrir æviframlag sitt til leiklistarinnar á Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Róm sem verður haldin í október.

Tékkneski leikstjórinn Milos Forman verður formaður dómnefndar á hátíðinni. Hann hefur aldrei leikstýrt Streep en lék þó aukahlutverk í mynd hennar Heartburn árið 1986. Streep hefur oftast allra leikkvenna verið tilnefnd til Óskarsverðlauna, eða fimmtán sinnum. Tvívegis hefur hún hlotið styttuna, fyrir myndirnar Kramer vs Kramer og Sophie´s Choice.

MERYL STREEP Bandaríska leikkonan fær afhent heiðursverðlaun fyrir æviframlag sitt til leiklistarinnar í Róm.

RISA ÚTIVISTAR- SKÓ OG TÍSKU MARKAÐUR

AÐEINS 2 DAGAR EFTIR
Enn meiri verðlækkun!

YFIR 5000 PÖR AF SKÓM Á 1000 KR.

Opnunartími

Laugardag	12-18
Sunnudag (lokadagur)	12-18

VERÐLÆKKANIR:

ALLAR ECCO VÖRUR - **4000 kr.**

VAGABOND - **3000 kr.**

LOGO69 - **3000 kr.**

DUFFY - **3000 kr.**

SIX MIX STÍGVÉL - **3000 kr.**

HEELYS HJÓLASKÓR - **3000 kr.**

ALLIR AÐRIR SKÓR - **1000 kr.**

PUMA · Kaupfélagið · NIKE · skór.is · STEINAR WAAGE · ecco · BLEND · CRUSER · adidas · VAGABOND · SKECHERS · Reebok

Næsta Batman-mynd betri

Leikarinn Christian Bale er sannfærður um að næsta Batman-mynd verði ennþá betri en The Dark Knight. Bale, sem hefur leikið skikkjuklæddu hetjuna í síðustu tveimur myndum, vonar að næsta mynd eigi eftir að koma á óvart og slá The Dark Knight við, en sú sló öll aðsóknarmet fékk frábæra dóma gagnrýenda. „Ætlum við að gera þriðju myndina? Rétti sögu-þráðurinn þarf að vera fyrir hendi. Það þýðir ekki að búa til eitthvað eins og The Dark Knight og ætla síðan að fylgja henni eftir með einhverju sem valda mun vonbrigð-um," sagði Bale. Reyndar hefur hann þegar skuldbundið sig til að leika í einni mynd enn, jafnvel þótt leikstjórinn Chris Nolan ákveði að vera ekki við stjórnvölinn í þriðja sinn. „Staðreyndin er sú að ég verð að leika í henni en Chris þarf ekki að taka þátt. Þannig að núna vonast ég bara til að hann taki verkefnið að sér."

Bale sést næst á hvíta tjaldinu í sumar í hasarmyndinni Terminator: Salvation þar sem hann fetar í fótspor sjálfs Arnolds Schwarzenegger sem starfar nú sem ríkisstjóri Kaliforníu.

JÓKERINN Hinn sálugi Heath Ledger fór á kostum sem Jókerinn í The Dark Knight.

CHRISTIAN BALE Bale vonar að næsta Batman-mynd eigi eftir að slá hinni gríðarvinsælu The Dark Knight við.

Þéttleikinn enn til staðar

Rokksveitin Foreign Monkeys frá Vestmannaeyjum sem vann Músíktilraunir 2006 hefur gefið út sína fyrstu plötu, sem nefnist π. Þétt og kraftmikil spilamennska einkennir plötuna.

FOREIGN MONKEYS Rokkararnir frá Vestmannaeyjum hafa gefið út sína fyrstu plötu, sem nefnist **π**.

Sveitin hefur unnið að plötunni í tæp tvö ár og um upptökur sá Magnús Øder sem hefur starfað með Lay Low og Benny Crespo´s Gang.

Söngvarinn og gítarleikarinn Gísli Stefánsson segir að Foreign Monkeys hafi þróast mikið síðan hún vann Músíktilraunir. „Þetta er ekkert sama band þótt grunnurinn sem gaf þennan sigur sé enn þá til staðar, þessi þéttleiki. Svo áttum við hitt allt inni," segir hann.

Nokkrar breytingar hafa orðið á sveitinni síðan hún vann Músíktilraunir. Söngvarinn Bjarki Sigurjónsson hefur sagt skilið við hana auk þess sem gítarleikarinn Leifur var ráðinn til starfa. Í stað þess að fá nýjan söngvara tóku Gísli og bassaleikarinn Bogi við keflinu og syngja öll lögin á nýju plötunni fyrir utan eitt sem Bjarki syngur. Textarnir eru af ýmsum toga og syngja þeir meðal annars um bankarán, hatur sitt á ástarlögum, gaur sem lætur alla vaða yfir sig og apann sem prýðir umslag plötunnar. Lögin sjálf eru sérlega kröftug og minna oft á Queens of the Stone Age.

Gísli segir að Músíktilraunirnar hafi komið að góðum notum því bæði fengu þeir í verðlaun hljóðverstíma og utanlandsferð. „Við þurfum eiginlega að nota þennan stimpil til að minna á okkur, þá kveikir fólk. Annars getur þetta verið hvaða band sem er. Við erum líka heppnir því við fengum fínan útgáfusamning," segir hann og á þar við Record Records.

Fyrsta smáskífulag plötunnar, Love Song, hefur þegar fengið að hljóma á íslenskum útvarpsstöðum og náði m.a. á topp 20 á X-Dominos listanum. Annað lag, Molla, er jafnframt komið í spilun. Bæði sýna þau að þar fer rokksveit sem á tvímælalaust framtíðina fyrir sér.

freyr@frettabladid.is

NÝTT Í BÍÓ
LAUGARÁS BÍÓ
Sími: 553 2075 - bara lúxus
X-MEN ORIGINS WOLVERINE
CRANK HÖRKU HASAR
STATE OF PLAY
POWERSÝNING KL. 10:10
Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu!
ATH! 500 kr.
EINNIG SÝND Í 3D

SÝNINGARTÍMAR

X-MEN ORIGINS:WOLVERINE	kl.5.50,8 og 10.10 - POWER	14
CRANK 2 HIGH VOLTAGE	kl. 8 og 10 - POWER	16
STATE OF PLAY	kl. 5.30, 8 og 10.30	12
FRANKLÍN - Ísl. tal	kl. 2(500kr.) og 4	L
MONSTERS VS. ALIENS	kl. 2(500kr.) og 4	L
MONSTERS VS. ALIENS 3D	kl. 2(850kr.) og 4	L
VILLTU VINNA MILLJARÐ	kl. 5.50	12

HEIMSFRUMSÝNING Á FYRSTU STÓRMYND SUMARSINS.
X-MEN ORIGINS WOLVERINE
MYND SEM ENGINN MÁ MISSA AF Í BÍÓ!
Hún elskaði allt sem Miami hafði uppá að bjóða... ...En nú þarf hún að flytja í mesta krummaskuð í heimi!
NEW IN TOWN
Hið sígilda ævintýri er loksins komið í bíó. Fráber fjölskylduskemmtun.
Ath. ísl. tal.
Stígvélaði kötturinn
OBSERVE AND REPORT
UNBORN
17 AGAIN

ÁLFABAKKA

X MEN	kl. 1:30 - 3:40 - 5:40D - 8D - 10:20D	14
X MEN	kl. 5:40 - 8 - 10:20	VIP
NEW IN TOWN	kl. 5:50 - 8 - 10:20	L
STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN m/ísl. tali	kl. 2 - 3:50	L
OBSERVE AND REPORT	kl. 6 - 8 - 10:20	16
OBSERVE AND REPORT	kl. 1:30 - 3:40	VIP
17 AGAIN	kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20	L
I LOVE YOU MAN	kl. 8	12
KNOWING	kl. 10:20	12
MONSTERS ALIENS m/ísl. tali	kl. 1:30 - 3:40 - 5:50	L
BEVERLY HILLS CHIHUAHUA m/ísl. tali	kl. 1:30	L
BOLT m/ísl. tali	kl. 3:40	L

KRINGLUNNI

NEW IN TOWN	kl. 8:10 - 10:20	L
STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN m/ísl. tali	kl. 2 - 4 - 6	L
THE UNBORN	kl. 8:20 - 10:20	16
OBSERVE AND REPORT	kl. 10:20D	16
MONSTERS ALIENS m/ísl. tali	kl. 2(3D) - 4(3D) - 6(3D)	L
MONSTERS VS ALIENS m/ísl. tali	kl. 1:40 - 3:40	L
BAADER MEINHOF COMPLEX	kl. 5:40	16
LET THE RIGHT ONE IN	kl. 8	16

SELFOSS

PUSH	kl. 8 - 10:20	12
STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN m/ísl. tali	kl. 2 - 4 - 6	L
I LOVE YOU MAN	kl. 8	12
FAST & FURIOUS	kl. 10:20	12
MONSTERS VS ALIENS m/ísl. tali	kl. 2 - 4	L
MALL COP	kl. 6	12

AKUREYRI

STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN m/ísl. tali	kl. 2 - 4 - 6	L
THE UNBORN	kl. 8 - 10	16
MONSTERS VS ALIENS m/ísl. tali	kl. 2 - 4	L
RACE TO WITCH MOUNTAIN	kl. 6	7
STATE OF PLAY	kl. 8	12
OBSERVE AND REPORT	kl. 10:20	16

KEFLAVÍK

17 AGAIN	kl. 6 - 8	L
PUSH	kl. 8	12
THE BOY IN THE STRIPED PAYJAMAS	kl. 10:10	12
KNOWING	kl. 10:10	12
MONSTERS VS ALIENS m/ísl. tali	kl. 2 - 4	L
STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN m/ísl. tali	kl. 2 - 4 - 6	L

NÝTT Í BÍÓ!
HEIMSFRUMSÝNING Á FYRSTU STÓRMYND SUMARSINS
MYND SEM ENGINN MÁ MISSA AF Í BÍÓ!
X-MEN ORIGINS WOLVERINE
LÚXUS
500 kr. kl. 1 á sunnudag
HANN VAR DAUÐUR... NÚNA LÍÐUR HONUM MIKLU BETUR
CRANK HIGH VOLTAGE
HVER SEGIR AÐ ÞÚ SÉRT BARA UNGUR EINU SINNI?
17 AGAIN
I LOVE YOU MAN
Tommi - kvikmyndir.is
STATE OF PLAY
UNCUT
BÍÓDAGAR 2009
AÐEINS 2 DAGAR EFTIR!
græna ljósið
Marley & Me
FAST & FURIOUS
MALL COP

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 TILBOÐSVERÐ

X-MEN WOLVERINE D LAUGARDAG	kl. 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20	14
X-MEN WOLVERINE D SUNNUDAG	kl. 1-3.20 - 5.40 - 8 - 10.20	14
X-MEN WOLVERINE LÚXUS D	kl. 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20	14
CRANK 2: HIGH VOLTAGE	kl. 8 - 10.10	16
17 AGAIN	kl. 1 - 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10	L
I LOVE YOU MAN	kl. 8 - 10.10	12
DRAUMALANDIÐ	kl. 4 - 6	L
FRANKLÍN & FJARSJÓÐURINN	kl. 1 - 3	L
MALL COP	kl. 1 - 6	L

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 750 kr.
ÓDÝRT Í BÍÓ!

STATE OF PLAY	kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30	12
I LOVE YOU MAN	kl. 3.20 - 5.40 - 8 - 10.15	12
FAST AND FURIOUS	kl. 3.20 - 5.40 - 8 - 10.15	12
MALL COP	kl. 3.30 - 5.50 - 8	L
MARLEY AND ME	kl. 10.20	L

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

X-MEN WOLVERINE	kl. 4 - 6.30 - 9 - 11.20	14
DRAUMALANDIÐ	kl. 4 - 6 - 8 - 10	L
BÍÓDAGAR GRÆNA LJÓSSINS 17. APRÍL - 4. MAÍ		
COCAINE COWBOYS 2	kl. 6 ísl. texti	14
MAN ON WIRE	kl. 6 enskur texti	L
FROZEN RIVER	kl. 6 ísl. texti	12
SUNSHINE CLEANING	kl. 8 ísl. texti	12
ME AND BOBBY FISHER	kl. 10.30 ísl. texti	L
GOMORRA	kl. 8 ísl. texti	16
DIE WELLE	kl. 10 enskur texti	12
TWO LOVERS	kl. 4 ísl. texti	12

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 TILBOÐSVERÐ

X-MEN WOLVERINE	kl. 3.45 - 5.50 - 8 - 10.10	14
17 AGAIN	kl. 8	L
CRANK 2: HIGH VOLTAGE	kl. 10	16
DRAUMALANDIÐ	kl. 5.50	L
FRANKLÍN & FJARSJÓÐURINN	kl. 4	L

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI
AUKAKRÓNUR

SparBíó
SAMbio.is
SAMBÍÓIN
STÍGVÉLAÐI KÖTTUR ísl tali
kl. 2 í Álfabakka, kringl, self, kefl, og á ak.
CHIHUAHUA m/ísl tali
kl. 1.30 í Álfabakka
XMEN
kl. 1.30 í Álfabakka
17 AGAIN
kl. 1.30 í Álfabakka
MONSTERS VS ALIENS m/ísl tali
kl. 1.30 í Álfabakka kr. 550
kl. 2 í Kringlunni kr 850 í þrívídd og kl. 1:40 kr. 500 tvívídd
kl. 2 í Keflavík, akureyri og á Selfossi

Sími: 553 2075 - bara lúxus
LAUGARÁS BÍÓ
Ódýrt í bíó
ATH. 500 KR.
ÍSLENSKT TAL
Franklín og Bjarnhöfðingin
ATH. SÝND KL.2
DREAMWORKS MONSTERS VS ALIENS
ATH. 850 KR. Á 3D
ATH. 500 KR. EKKI Í 3D
ÍSLENSKT TAL
TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

SMÁRABÍÓ TILBOÐSVERÐ SMÁRABÍÓ
500 kr.
KL.1 SMÁRABÍÓ
KL.1 SMÁRABÍÓ
500 kr.
KL.3.40 BORGARBÍÓ
KL.1 SMÁRABÍÓ sunnudag
500 kr.
KL.1 SMÁRABÍÓ KL.4 BORGARBÍÓ

Þráður
fortíðar til framtíðar

Samkeppni um hönnun úr íslenskri ull

Markmiðið er að auka áhuga á fjölbreyttri hönnun þar sem notuð er íslensk ull, annað hvort eingöngu eða með öðrum efniviði og verðlauna þá sem fara þar fremstir í flokki.

Keppt verður í 2 flokkum, flokknum **fatnaður** og **opnum flokki**

Skilafrestur er 30. júní 2009

Dómnefnd er skipuð Védísi Jónsdóttur f.h. Ístex hf., Loga A. Guðjónssyni f.h. Glófa ehf., Birgi Arasyni f.h. Félags Sauðfjárbænda í Eyjafirði, Sveinu Björk Jóhannesdóttur Textílhönnuði og Jenný Karlsdóttur útgefanda Munsturs og menningar.

Sýning á 20 bestu verkunum úr hvorum flokki verður á Handverkshátíðinni í Eyjafjarðarsveit dagana 7.-10. ágúst n.k.

Tilnefningar. Dómnefndin tilnefnir 5 verk til verðlauna úr hvorum flokki og verða þau kynnt í fjölmiðlum hálfum mánuði fyrir verðlaunaafhendinguna.

Úrslit samkeppninnar verða tilkynnt á Handverkshátíðinni í Eyjafjarðarsveit laugardaginn 8. ágúst klukkan 15:00.

Verðlaun fyrir 1. sæti í hvorum flokki eru 90.000 kr., glaðningur frá Ístex og Glófa auk hrútahúfu eftir Arndísi Bergsdóttur. Þeir aðilar sem eiga verk tilnefnd til verðlauna fá gjafakörfu frá Ístex og Glófa. Auk þess áskilur Glófi sér rétt til að gera samning um framleiðslu á einu eða fleiri verkum. Ístex áskilur sér einnig rétt til að gera samning um birtingu á uppskrift af einu eða fleiri verkum.

Leikreglur og nánari upplýsingar er að finna á heimasíðunni www.handverkshatid.is

Samkeppnin er öllum opin

Landssamtök sauðfjárbænda

VARMA
The Warmth of Iceland

ÍSTEX
ÍSLENSKUR TEXTÍLIÐNAÐUR HF

FRÉTTABLAÐIÐ SPÁIR FYLKI 7. SÆTINU Í PEPSI-DEILDINNI SUMARIÐ 2009

> LYKILMAÐURINN

Valur Fannar Gíslason hefur tekið við fyrirliðabandi Fylkis af Ólafi Stígssyni en hann er mikilvægur hlekkur á miðju liðsins. Valur Fannar er fjölhæfur leikmaður sem getur bæði spilað í vörn og á miðju og þá hefur hann oftar en ekki skorað mikilvæg mörk fyrir liðið á undanförnum árum. Valur Fannar nær að öllum líkundum að spila sinn hundraðasta deildarleik fyrir Fylki snemma sumars.

Gæti alveg orðið strembið tímabil

Fylkismenn drógust niður í fallbaráttuna í lok tímabils í sumar og enduðu í annað skiptið á þremur árum í hópi neðstu liða. Fréttablaðið spáir Fylki rétt fyrir neðan miðja deild.

„Er það ekki bara ágætt að vera að vera spáð 7. sætinu?" segir Ólafur Þórðarson, þjálfari Fylkis, sem er kominn aftur í Árbæinn eftir tíu ára fjarveru.

„Liðið var í níunda sæti í fyrra þannig að það væri framför að enda í 7. sætinu. Ég stefni hærra sjálfur en aðalmarkmiðið er að festa liðið í sessi ofar í deildinni," segir Ólafur.

„Ég held að sjö leikmenn sem byrjuðu síðasta tímabil séu farnir og ég er því að móta nýtt lið. Við höfum ekki bætt við liðið en höfum reyndar fengið einn leikmann og það er Theódór Óskarsson. Ég er með unga og fríska stráka sem munu fylla í þessi skörð," segir Ólafur en hann veit að reynslan er ekki mikil hjá stórum hluta hópsins.

„Þetta er mjög ungt lið og þetta gæti alveg orðið strembið tímabil," segir Ólafur.

Fylkir hefur spilað þrettán mótsleiki á undirbúningstímabilinu og farið langt í báðum mótum.

„Það hefur gengið mjög vel á undirbúningstímabilinu, við vorum að detta út fyrir FH í Lengjubikarnum og við fórum í úrslitaleikinn í Reykjavíkurmótinu," segir Ólafur.

Fylkir hefur verið í efstu deild síðan að Ólafur kom liðinu upp sumarið 1999. Nú fær hann tækifærið til að stýra liðinu í efstu deild en hann tók við liði ÍA strax um haustið 1999. „Ég stefni á að gera góða hluti með Fylkisliðið eins og síðast," segir Ólafur að lokum.

> X-FAKTORINN

Jóhann Þórhallsson hefur ekkert verið með Fylki á undirbúningstímabilinu og kemur ekki til móts við liðið fyrr en í júní. Jóhann er því mikið spurningarmerki en finni hann skotskóna sína á ný getur hann hjálpað Fylkismönnum mikið.

AÐRIR LYKILMENN

FJALAR ÞORGEIRSSON



KRISTJÁN VALDIMARSSON

HALLDÓR HILMISSON

GENGI Á VORMÓTUNUM

Sigrar Jafntefli Töp



GENGI SÍÐUSTU ÁRA	2008	2007	2006	2005	2004	2003
	9. sæti í A-deild	4. sæti í A-deild	8. sæti í A-deild	5. sæti í A-deild	4. sæti í A-deild	4. sæti í A-deild

Pepsi-deild kvenna í fótbolta:

Kristrún og Íris þjálfa KR-konur

FÓTBOLTI Kristrún Lilja Daðadóttir og Íris Björk Eysteinsdóttir hafa tekið við þjálfun bikarmeistara KR í Pespi-deild kvenna. Þær Kristrún og Íris hafa handsalað samning til tveggja ára, með möguleika á framlengingu, en skrifa undir hann á mánudaginn. KR mætir Val í Meistarakeppni KSÍ á morgun. **- óój**

Ingi Þór Steinþórsson þjálfar bæði Snæfellsliðin:

Vantar bakverði vestur

KÖRFUBOLTI Ingi Þór Steinþórsson verður þjálfari meistaraflokka karla og kvenna hjá Snæfelli næstu þrjú árin auk þess að vera yfirþjálfari yngri flokka félagsins. Ingi Þór skrifaði undir samninginn í gær.

„Þetta er virkilega spennandi. Við þurfum bara að byrja á því að koma mannskapnum saman og fá það á hreint hvaða leikmenn verða áfram. Flestir þeir sem fyrir voru hjá liðinu halda áfram og svo er bara spurnig hvaða leikmenn maður fær til viðbótar. Ég mun reyna að fá einhverja stráka til að koma að spila með okkur hérna í Hólminum," segir Ingi Þór og bætir við: „Ég held að Snæfell geti alveg verið með lið í toppbaráttunni og haldið áfram að gera góða hluti."

„Okkur vantar fyrst og fremst bakverði í liðið og ég er viss um að það er fullt af leikmönnum sem eru til í að koma vestur eftir."

Ingi Þór hefur þjálfað hjá KR allan sinn þjálfaraferil og gerði meistaraflokk karla að Íslandsmeisturum á sínu fyrsta ári 2000. Hann hefur alls gert tólf KR-lið að Íslandsmeisturum ef teknir eru allir flokkar. **- bb / - óój**

FJÓRÐA SINN Á FIMM ÁRUM Matthías Vilhjálmsson, fyrirliði FH, með Lengjubikarinn eftir öruggan sigur á Blikum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Kynningarfundur á vegum Rannís
Miðvikudaginn 6. maí
Grand Hótel Reykjavík 9:00-11:00

Mannauðsáætlun Evrópusambandsins - *People*

Styrkir til rannsókna í 7. Rannsóknaáætlun ESB

Markmið áætlunarinnar er að bæta þjálfun og auka hreyfanleika vísindafólks milli landa.

Dagskrá:

Dr. Graham Wilkie *frá framkvæmdarstjórn Evrópusambandsins kynnir áætlunina. Sérstaklega verður farið yfir samstarf háskóla og atvinnulífs*

Dr. Þórunn Rafnar *frá Íslenskri erfðagreiningu segir frá reynslu sinni af þátttöku í áætluninni*

Rannís kynnir aðstoð við umsækjendur

Fyrirspurnir

Fundarstjóri
Þorsteinn Brynjar Björnsson, *Rannís*

Vinsamlegast sendið tilkynningu um þátttöku á netfangið rannis@rannis.is

Fundargestum verður boðið upp á léttan morgunverð.

SEVENTH FRAMEWORK PROGRAMME

rannís
Laugavegi 13, 101 Reykjavík
sími 515 5800, rannis@rannis.is
www.rannis.is

Stráklingarnir stóðu sig hjá FH

FH vann deildabikarinn í fjórða sinn frá árinu 2004 eftir 3-0 sigur á Breiðabliki í Kórnum í gær.

FÓTBOLTI Heimir Guðjónsson, þjálfari FH, stillti upp hálfgerðu unglingaliði þegar FH tryggði sér Lengjubikarinn með sannfærandi 3-0 sigri á Breiðabliki í Kórnum í gær. FH vann einnig deildabikarinn 2004, 2006, 2007 og er því búið að vinna hann fjórum sinnum á undanförnum fimm árum.

Sjö af ellefu byrjunarliðsmönnum FH í úrslitaleiknum í gær voru fæddir 1987 eða síðar en það var ekki að sjá á leik liðsins að stór hluti liðsins var að spila stærsta leikinn til þess á ferlinum.

„Þetta var mjög gott. Ungir leikmenn verða ekkert betri ef maður notar þá ekki. Þetta er ánægjulegt vandamál fyrir mig því nú hef ég úr fleiri mönnum að velja," sagði Heimir Guðjónsson, þjálfari FH, eftir leikinn. „Það meiddust fjórir leikmenn hjá okkur í síðasta leik en sem betur fer eigum við Ásgeir og Pétur Viðar sem stóðu sig mjög vel sem hafsentar. Þeir leystu það sem Tommy og Dennis hafa verið að gera. Það hefur alltaf verið fín breidd í FH. Þegar leikmenn hafa meiðst eða farið í leikbann hafa aðrir stigið upp. Menn gerðu það í dag," sagði Heimir.

Viktor Örn Guðmundsson lagði upp tvö fyrstu mörk FH í leiknum. Það fyrra skoraði Björn Daníel Sverrisson með skalla eftir horn Viktors á 37. mínútu og það síðara skoraði Matthías Vilhjálmsson með skalla aftur fyrir sig á 65. mínútu eftir aukaspyrnu Viktors af hægri kantinum.

„Þetta gekk mjög vel. Ég var í fyrsta sinn á vinstri kanti og það heppnaðist ágætlega. Það er að ganga mjög vel hjá mér á fyrsta ári í meistaraflokki," sagði Viktor. „Vonandi fæ ég að spila meira og taka áfram föstu leikatriðin. Ég lagði upp tvö mörk í dag þannig að ég hlýt að fá að taka þau áfram. Það hefði fullkomnað leikinn ef ég hefði nýtt dauðafærið mitt líka," sagði Viktor, sem fékk mjög gott færi áður en Atli Guðnason innsiglaði sigurinn á 82. mínútu eftir sendingu Guðna Páls Kristjánssonar.

„Viktor er mjög góður spyrnumaður og hann hefur sýnt það á undirbúningstímabilinu. Ég treysti honum fullkomlega í þessi föstu leikatriði," sagði Heimir, sem hefur engar áhyggjur af því að halda öllum sáttum í FH-liðinu. „Það er ekkert vandamál. Ég er ekki í þessu til að eignast vini því ég er í þessu til að vinna," sagði Heimir ákveðinn.

Leikur Breiðabliksliðsins olli vonbrigðum enda fær liðið sjaldan eins góð tækifæri að vinna titil eins og að mæta eins konar varaliði hjá FH. Sóknarleikur liðsins var bitlaus og það er ljóst að framherjaskorturinn gæti háð liðinu mikið í sumar.

„Þetta voru bara verðskulduð úrslit fyrir okkur því betra liðið vann klárlega í þessum leik," sagði Ólafur H. Kristjánsson, þjálfari Breiðabliks, eftir leik. „Þeir voru með mjög marga leikmenn sem hafa lítið fengið að spreyta sig en stóðu sig vel í þessum leik. Þetta voru tvö unglingalið og FH-ingarnir voru miklu betri," sagði Ólafur, sem var ekki ángður með spilamennsku liðsins. **ooj@frettabladid.is**

HÆTTU AÐ VÆLA YFIR LÉLEGU FORMI OG GERÐU EITTHVAÐ Í MÁLUNUM!

Boot Camp skilar þér toppárangri og þú yfirstígur nýjar áskoranir á hverri æfingu.

Láttu þetta verða sumarið þar sem þú tekur skrefið til fulls!

SUMARTILBOÐ BOOT CAMP
(11. MAÍ - 12. SEPTEMBER)

35.000 kr.

NÁNARI UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Á
WWW.BOOTCAMP.IS

ENGAR AFSAKANIR! - ENGIN UPPGJÖF! - HÁMARKS ÁRANGUR!

Suðurlandsbraut 6b | bootcamp@bootcamp.is | Sími: 517 6070

Boot cAmp

FRAMKVÆMDA- OG EIGNASVIÐ

Tökum vel á móti sumrinu

Reykjavíkurborg hvetur borgarbúa til að taka höndum saman við að hreinsa til í borginni eftir veturinn og taka á móti vorinu með bros á vör. Reykjavíkurborg mun í ár ekki fjarlægja garðúrgang og greinaafklippur sem skilin eru eftir við lóðamörk. Kallað er eftir auknu frumkvæði og ábyrgð borgarbúa og vakin athygli á því að endurvinnslustöðvar Sorpu taka við 2 rúmetrum í hverri ferð af garðaúrgangi og greinaafklippum frá íbúum að kostnaðarlausu.

Hvetjum til dáða með eigin frumkvæði.

Með því að hreinsa rusl, snyrta tré og runna í garðinum okkar hvetjum við aðra til að taka til hendinni. Stígum skrefinu lengra og tínum rusl utan girðingar, við næsta göngustíg eða á nálægu útivistarsvæði. Hreinsunardagur í götunni eða í hverfinu býður upp á skemmtilega samveru. Notum hugmyndaflugið og gerum tiltektina að skemmtilegu verkefni.

Nánari upplýsingar á reykjavik.is/fer og í síma 411 1111.

Framkvæmda- og eignasvið Reykjavíkurborgar | Borgartúni 12-14 | www.reykjavik.is/fer

Árangur – síðustu 5 kílóin

Losaðu þig við þessi síðustu „föstu“ kíló fyrir sumarið! 4ra vikna námskeið.

Þú nýtur áratuga reynslu og þekkingar Ágústu Johnson, Guðbjargar Finnsdóttur og Önnu Eiríksdóttur sem hafa hannað og sett saman nýtt æfingakerfi fyrir konur sem skilar þér besta árangri sem völ er á. Skoðaðu allt um þetta námskeið á www.hreyfing.is. Þar er einnig hægt að ganga frá skráningu.

Tími: Þriðjudaga og fimmtudaga kl. 19:45 og laugardaga kl. 10:15.
Kennari: Ásdís Halldórsdóttir

2 NÝ NÁMSKEIÐ

HEFJAST 11. MAÍ

Árangur – hjól

Hjólaðu þig í topp form – fyrir konur og karla 4ra vikna námskeið

Skemmtileg og fjölbreytt tónlist, frábær aðstaða, einföld og góð þjálfun og þú kemst í topp form fyrir sumarið. Á þessu námskeiði hámarkar þú fitubruna líkamans um leið og þú styrkir hjarta- og æðakerfi. ATH! Púlsmælar eru nauðsynlegir á þessu námskeiði. Veittur er 15% afsláttur af þeim hjá Hreyfingu fyrir þátttakendur.

Tími: Mánudaga og miðvikudaga kl. 16:15.
Kennari: Fríða Sigurðardóttir

Við erum stolt og ánægð yfir framúrskarandi dómum frá þátttakendum á námskeiðunum

97,7% segja námskeiðið hafa uppfyllt eða farið fram úr væntingum þeirra.

99,5% segja að þær/þeir myndu mæla með námskeiðinu við aðra.

HREYFING HEILSULIND | BLUE LAGOON ICELAND geothermal spa

Álfheimar 74
Sími: 414 4000
hreyfing@hreyfing.is
www.hreyfing.is

Í FRÁBÆRUM MÁLUM Þorgerður Anna Atladóttir brýst hér framhjá Framaranum Hildi Knútsdóttur í leik liðanna í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Stjarnan einum sigri frá titlinum

Fram virðist ekki hafa roð við sterku liði Stjörnunnar sem hefur unnið tvo fyrstu leiki úrslitaeinvígis N1-deildar kvenna með samtals fimmtán marka mun.

HANDBOLTI Stjarnan er einum sigri frá því að tryggja sér Íslandsmeistaratitilinn í handbolta þriðja árið í röð eftir öruggan, 27-19, sigur á Fram í Safamýrinni í gærkvöld.

Stjarnan leiðir einvígi liðanna 2-0 og getur tryggt sér titilinn á heimavelli á sunnudagskvöldið. Ætli Fram að kom í veg fyrir það þarf liðið að leika mikið betur en í fyrstu tveimur viðureignum liðanna því mikill getumunur virðist vera á liðunum.

Stjarnan hóf leikinn af krafti og náði fljótt fjögurra marka forystu, 1-5. Þann mun náði Fram aldrei að minnka og jók Stjarnan forystuna jafnt og þétt þar til sjö mörkum munaði í hálfleik, 10-17.

Stjarnan skoraði fjögur fyrstu mörk síðari hálfleiks og gerði út um leikinn, sem varð aldrei spennandi í síðari hálfleik þótt Fram næði að minnka muninn í sex mörk þegar korter var eftir.

„Við þurfum að finna baráttuna ef við ætlum að vinna þetta. Við höfum gert okkur þetta mjög erfitt fyrir. Þetta var ekki okkar dagur. Ég veit ekki hvað er að okkur og það þarf hver og einn að líta í eigin barm,“ sagði Karen Knútsdóttir í leikslok. Fram kastaði boltanum út af vellinum eftir aðeins átta sekúndna leik, sem gaf tóninn fyrir leik liðsins. „Það var einkennandi fyrir leikinn. Þær fiskuðu allt of marga bolta af okkur. Þær ruku út úr vörninni og við stóðum bara kyrrar, það vantaði alla hreyfingu í þetta hjá okkur,“ sagði Karen niðurdregin. **- gmi**

Fram – Stjarnan 19-27 (10-17)
Mörk Fram: Karen Knútsdóttir 5/2 (10/2), Marthe Sördal 3 (4), Stella Sigurðardóttir 3 (9/1), Þórey Rósa Stefánsdóttir 2 (3), Hildur Knútsdóttir 2 (3), Anett Köbli 2/1 (4/1), Pavla Nevarilova 1 (1), Ásta Birna Gunnarsdóttir 1 (5), Guðrún Þóra Hálfdánardóttir (1), Sara Sigurðardóttir (3)
Varin skot: Sunneva Einarsdóttir 15 (42 35,7%)
Hraðaupphlaup: 5 (Þórey, Marthe, Stella, Ásta, Pavla). **Utan vallar:** 6 mínútur
Mörk Stjörnunnar: Alina Petrache 9 (17), Sólveig Lára Kjærnested 6 (8), Elísabet Gunnarsdóttir 4 (6), Þórhildur Gunnarsdóttir 2 (2), Kristín Jóhanna Clausen 2 (3), Indíana Nanna Jóhannsdóttir 1 (1), Jóna Margrét Ragnarsdóttir 1 (1), Harpa Sif Eyjólfsdóttir 1 (6), Þorgerður Anna Atladóttir 1 (6), Aðalheiður Hreinsdóttir (1)
Varin skot: Florentina Stanciu 17 (34/2 50%), Sólveig Björk Ámundardóttir (2/1 0%)**Hraðaupphlaup:** 6 (Sólveig 2, Elísabet 2, Þórhildur, Harpa). **Utan vallar:** 6 mínútur

Atli Hilmarsson ætlar að klára þetta á sunnudaginn:

Vill sjá fulla Mýri

HANDBOLTI Atli Hilmarsson, þjálfari Stjörnunnar, var að vonum sáttur við sitt lið eftir að hafa náð 2-0 forystu í einvígi Stjörnunnar og Fram í úrslitum N1-deildar kvenna eftir tvo auðvelda sigra.

„Þetta var mun auðveldara en ég bjóst við og sérstaklega eftir yfirburði okkar í fyrsta leiknum. Ég hélt það kæmi meira frá þeim í [gær],“ sagði Atli að leiknum loknum.

„Það sem þær gerðu betur var að vörnin og markvarslan var betri, en þær gerðu mörg mistök í sókninni og við fengum mörg auðveld mörk úr hraðaupphlaupum. Vörnin hjá okkur hélt vel allan leikinn og Florentina tekur það sem fer í gegn,“ sagði Atli.

„Nú er bara einn dagur á milli leikja, sem er erfiðara fyrir mitt lið þar sem við spilum á fáum mönnum, en ég gat aðeins skipt í dag og er feginn því. Ég er líka mjög ánægður með það hvernig þær komu inn á; til að hafa áhrif, skjóta og gera hluti. Þessar stelpur urðu Íslandsmeistarar í unglingaflokki fyrir viku og þetta er framtíðin.“

Atli vill sjá fullt hús í Mýrinni í Garðabæ á sunnudaginn enda ætlar liðið sér að landa titlinum á heimavelli fyrir framan sína stuðningsmenn.

„Þessar stelpur eiga það svo sannarlega skilið að það verði frábær stemning á sunnudaginn og áhorfendur hjálpi okkur að ná í þennan titil. Við ætlum ekkert að bíða lengur með það heldur klára þetta á sunnudaginn,“ sagði Atli að lokum við Fréttablaðið. **- gmi**

ATLI HILMARSSON

Þriðji úrslitaleikur Hauka og Vals er á Ásvöllum í dag:

Sigurbergur tók sjálfan sig í gegn

HANDBOLTI Haukar og Valur leika í dag þriðja leik sinn um Íslandsmeistaratitilinn í N1 deild karla í handbolta. Staðan er 1-1 eftir 32-29 sigur Valsmanna í framlengingu í síðasta leik. Leikurinn í dag fer fram á Ásvöllum og hefst klukkan 16.

„Staðan er bara góð og við erum allir tiltölulega heilir. Við erum búnir að nýta þessa tvo daga vel í undirbúning og erum búnir að laga nokkrar bilanir í vélinni. Við erum búnir að fínpússa nokkra hluti og erum tilbúnir í þetta," segir Haukamaðurinn Sigurbergur Sveinsson, sem hefur spilað mjög vel í úrslitaeinvíginu þrátt fyrir að glíma við meiðsli. Sigurbergur hefur skorað samtals 18 mörk í fyrstu tveimur leikjunum.

„Ég hef ekki fundið mikið fyrir þessu síðustu daga og er bara nokkuð góður. Þetta hefur ekki verið að hrjá mig mikið," segir Sigurbergur en einhverjir höfðu miklar áhyggjur af honum eftir að hann skoraði aðeins 7 mörk og nýtti 29 prósent skota sinna í fyrstu tveimur leikjunum í undanúrslitunum á móti Fram. Sigurbergur nýtti 7 af 8 skotum sínum í oddaleiknum og hefur skorað 8,3 mörk að meðaltali og nýtt 63 prósent skota sinna í síðustu þremur leikjunum.

„Ég fór aðeins í smá hugarfarsbreytingu. Hugur minn var eiginlega bara í meiðslunum og ég var ekki að finna mig. Ég fór aðeins inn í hausinn á mér og byrjaði að hugsa aðeins öðruvísi og þá byrjaði þetta að koma," segir Sigurbergur.

„Ég er mjög ánægður með að finna mikið fyrir þessu núna. Það hefði verið svekkjandi að vera að hakkast á hnénu á þessum tímapunkti. Ég er búinn að bíða eftir því í allan vetur að spila þessa leiki," segir Sigurbergur.

Sigurbergur segir að sárt tap í síðasta leik sitji ekki í Haukunum. „Ég held að það hafi verið sigur út af fyrir sig að sýna þennan karakter að ná að jafna leikinn eftir að hafa verið fimm mörkum undir þegar lítið var eftir. Það er til að efla okkur," segir Sigurbergur og bætir við: „Það vantaði aðeins upp á að við værum að gera þetta sem ein heild í síðasta leik og við þurfum að gera þetta sem lið. Þá hef ég bullandi trú á því að við eigum eftir að klára þetta," segir Sigurbergur en hann vonast eftir betri mætingu en á síðasta leik.

„Ég býst við góðri mætingu. Það var frekar illa mætt á síðasta leik en þar kemur inn í að það var Meistaradeildarleikur á sama tíma. Þetta er toppskemmtun. Menn eru að taka virkilega vel á í þessum leikjum," segir Sigurbergur að lokum. **- óój**

18 MÖRK Sigurbergur Sveinsson hefur reynst Valsmönnum erfiður í úrslitaeinvíginu um Íslandsmeistaratitilinn.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

